













# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. janúar 2005 – 9. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

## ÞRIÐJUDAGUR



**ALVARLEGAR ATHUGASEMDIR** Verkfræðistofa gerði alvarlegar athugasemdir við starfsemi klórverksmiðju Mjallar-Friggjar í haust. Í skýrslum hennar kemur meðal annars fram að búnaði verksmiðjunnar hafi verið ábótavant sem og áhættumati. **Sjá síðu 2**

**MIKIÐ VERK FRAMUNDAN** Mahmoud Abbas vann yfirburðasigur í palestínsku forsetakosningunum. Nú liggur fyrir honum að semja frið við Ísraela og fá palestínska vígamenn til að láta af ofbeldi gegn Ísraelum. Kjöri hans var fagnað innanlands og utan. **Sjá síðu 6**

**RÁÐUNEYTIÐ ÞARF TÍMA** ASÍ bíður eftir viðbrögðum félagsmálaráðuneytisins við greinargerð um gagnrýnina á Impregilo. Vonast er eftir viðbrögðum eða fundi í dag. Fjallað verður um málið á miðstjórnarfundi á morgun. **Sjá síðu 8**

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA ÉL EÐA SNJÓKOMA** Síst þó suðvestanlands. Frost 1-7 stig kaldast til landsins. Hvessir í kvöld einkum suðaustan- og austan til. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**ÞJÓÐRÍKI OG VALDBEITING** Erlingur Erlingsson sagnfræðingur flytur erindi á hádegisfundi Sagnfræðingafélags í Norræna húsinu þar sem hann fjallar um þjóðríki og valdbeitingu – hernað frá Clausewitz til Creveld. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12:05.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 28 |
| Tónlist | 28 | Íþróttir | 24 |
| Leikhús | 28 | Sjónvarp | 32 |

# Með metmagn efna innvortis

**Þrítugur Ungverji situr í gæsluvarðhaldi fyrir að flytja inn tæpt kíló af kókaíni innvortis. Hann skilaði hluta efnanna frá sér á leið sinni til landsins en skolaði þau og gleypti aftur. Nígeríumaður situr einnig í gæsluvarðhaldi.**

**FÍKNIEFNI** Tæplega þrítugur Ungverji situr í gæsluvarðhaldi eftir að hann var tekinn í Leifsstöð með tæpt kíló af kókaíni innvortis þegar hann kom til landsins í lok síðasta mánaðar. Er þetta mesta magn sem vitað er til að maður hafi komið með innvortis hingað til lands. Nígeríumaður var handtekinn í Reykjavík síðastliðinn fimmtudag í tengslum við málið.

Ungverjinn gleypti efnin, sem pakkað hafði verið í rúmlega áttatíu hylki, á Kanaríeyjum þar sem hann er búsettur. Frá Kanaríeyjum flaug maðurinn til Madridar, þaðan til Parísar og loks til Íslands. Á ferð sinni tókst honum ekki að halda fíkniefnapakkningunum innvortis og skilaði um þriðja hluta efnanna út úr líkamanum á leiðinni. Hann lét það hins vegar ekki á sig fá heldur skolaði af hylkjunum og gleypti aftur. Í Leifsstöð vaknaði grunur tollvarða um að maðurinn hefði fíkniefni í fórum sínum og var hann sendur í röntgenskoðun þar sem grunur tollvarðanna var staðfestur. Meltingarvegur Ungverjans var stútfullur af fíkniefnum. Á gamlárskvöld hafði Ungverjinn náð að skila öllum pakkningunum úr líkamanum. Hann var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald.

Fíkniefnapakkningarnar reyndust vera ótraustar þegar þær byrjuðu að skila sér og vöknuðu áhyggjur meðal lögreglumanna um að þær myndu bresta. Rannsókn málsins beinist meðal annars að því hverjir voru væntanlegir kaupendur kókínsins hér á landi.

Nígeríumaðurinn kom til Íslands á miðvikudaginn fyrir tæpri viku síðan og var hann handtekinn daginn eftir og úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald á föstudag.

**- hrs**

Miltisbrandur í jörðu:

# Fjöldi staða talinn sýktur

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfirdýralæknisembættinu hafa borist tilkynningar um 80 staði á landinu þar sem grunur leikur á að miltisbrandur sé í jörðu. Talið er nokkuð víst að 50 til 60 staðanna séu sýktir en meiri vafi leikur á svæðunum 20 til 30 sem eftir eru. Staðirnir eru dreifðir um allt land, þó svo að flestir séu á Suðvestur- og Vesturlandi.



**SIGURÐUR SIGURÐARSON**

Sigurður Sigurðarson, dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma hjá Yfirdýralæknisembættinu, vinnur að skráningu staða þar sem grunur er um sýkingu, en miltisbrandur hér er rakinn til innflutnings á stórgripahúðum frá Afríku í kringum aldamótin 1900.

**Sjá síðu 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MEÐ EINN VÆNAN Á LOFTI** Óskar Guðmundsson sýnir ljósmyndara vænan þorsk sem hann veiddi inni í Kollafirði í gær. Óskar gerir út á Sigrúnu RE, 11 tonna netabát.

Netaveiðar færast fram:

# Vorboðinn snemma

**SJÁVARÚTVEGUR** „Rauðmaginn, vorboðinn, er snemma á ferðinni og við höfum verið að fá mikið af honum,“ sagði Óskar Guðmundsson útgerðarmaður. „Við erum farnir að fá rauðmaga í desember.“

Óskar segir hrogn í fiskinum, sem nú sé verið að veiða allt upp í fjöru, og bætir við að hann komi fyrr inn til hrygningar en áður. „Fiskurinn hér inni í Kollafirði hefur verið að elta æti sem vestanáttin um áramótin bar inn,“ sagði hann og kvað viðbúið að hann færði sig út aftur, en þá eltu menn bara.

Óskar taldi ekki ólíklegt að hlýnun sjávar hefði þessi áhrif á göngur fiska, en áður fyrr var algengt að ekki væri byrjað á netaveiðum fyrr en í febrúar eða mars.

**- óká**

Aðstoðarforstjóri TDC fundaði á Íslandi:

# Danski Síminn hugleiðir kaup á þeim íslenska

**VIÐSKIPTI** Danska símafyrirtækið TDC, sem áður hét Tele Danmark, hugleiðir hvort það eigi að koma að kaupum á Símanum þegar hann verður einkavæddur á þessu ári. Aðstoðarforstjóri TDC, Torben Holm, kom til landsins síðastliðinn fimmtudag og átti fundi með innlendum aðilum áður en hann hélt utan á föstudag. „Það liggur hins vegar ekkert fyrir um það hvort við munum hafa áhuga á að taka þátt í kaupum á fyrirtækinu,“ segir Torben Holm. Hann segir að þótt TDC hafi þekkt vel til Símans fyrir þremur árum þegar fyrirtækið skoðaði alvarlega kaup á kjölfestuhlut, þá gildi sú þekking ekki lengur. Hann vill ekki gefa upp hverja hann hitti og segir vangaveltur um aðkomu TDC ótímabærar.

Talið er að hópur undir forystu Meiðs muni bjóða í Símann. Meðal þeirra sem eru að skoða aðkomu að hópnum eru VÍS og Straumur, en fjárfestar vilja lítið gefa út um fyrirtætlanir sínar, enda hvorki ljóst hver verðhugmynd seljanda er, né hvaða kvaðir munu fylgja kaupum.

Morgan Stanley er ráðgjafi einkavæðingarnefndar við söluna. Búist er við því að fyrsta hluta ráðgjafavinnunnar ljúki í lok febrúar og þá hefjist eiginlegt söluferli.

**- hh/****sjá síðu 20**

21
DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA
Corolla Sedan, 1,4 l
Tilboðsverð
1.709.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA

ÚTSALA
60%
50% 40%
30% 20%
INTERSPORT®



## SPURNING DAGSINS

*Geir Jón, gengur ekkert að frelsa Alfreð?*

**Ég frelsa engan. Er Alfreð ekki ágætlega trúaður maður fyrir?**

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn er meðlimur í Hvítasunnusöfnuðinum. Alfreð Þorsteinsson sagði í gær að Gestur Gestsson, formaður Framsóknarfélagsins í Reykjavík norður væri angi af Hvítasunnusöfnuðinum og að söfnuðurinn ætti ekki að stjórna Framsóknarflokknum í Reykjavík. Gestur hafði lýst þeirri skoðun sinni að nýtt fólk þyrfti að veljast í forystu hjá flokknum í borgarstjórn.

Áfrýjunarnefnd Samkeppnismála:

# Styttist í niðurstöðu vegna verðsamráðs

**VERÐSAMRÁÐ** Málflutningur olíufélaganna fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála vegna úrskurðar samkeppnisráðs um verðsamráðssektir stóð frá klukkan níu í gærmorgun til níu í gærkvöldi.

Olíufélögin áfrýjuðu úrskurði ráðsins frá því í lok október um verðsamráð þeirra frá árinu 1993 þar til Samkeppnisstofnun gerði húsleit hjá félögunum í desember árið 2001. Samkvæmt úrskurðinum voru félögin sektuð um samtals tvo milljarða króna.

Olíufélögin vildu ekki una úrskurðinum og fara fram á sýknu.

Stefán Már Stefánsson, formaður áfrýjunarnefndarinnar, segir að málið verði nú tekið til úrskurðar og stefnt sé að því að ljúka því í þessum mánuði. Stutt er í að sex vikna frestur sem nefndin hafði til að ljúka málinu renni út. Stefán segir mikinn ágreining hafa verið milli olíufélaganna og Samkeppnisstofnunar við málflutninginn. Ágreiningsatriðin séu mörg hundruð.

Málflutningurinn fór þannig fram að lögfræðingar olíufélaganna töluðu í tvo tíma hver og fulltrúar Samkeppnisstofnunar hafi síðan flutt andsvör í tvo og hálfan tíma. Síðan fór fram önnur styttri umferð þar sem allir tóku til máls að nýju. **– ghg**



**FYRIR ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA**
Málflutningur olíufélaganna í verðsamráðsmálinu fór fram á Hótel Sögu í gær. Fundurinn stóð í tólf tíma.

Vestfirðir:

## Snjóflóð lokuðu vegi

**SAMGÖNGUR** Þrjú snjóflóð féllu með stuttu millibili á veginn í Kirkjubotnshlíð á Ísafirði síðdegis í gær.

Vegurinn, sem er milli Ísafjarðar og Súðavíkur, lokaðist í nokkurn tíma en starfsmenn Vegagerðarinnar unnu við það í gærkvöldi að ryðja hann. Til stóð að hleypa umferð á veginn í skamman tíma, en loka honum svo aftur í gærkvöldi. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var ástandið talið ótryggt á veginum á þessum slóðum vegna snjóflóðahættu, en í dag verður ákveðið hvenær umferð verður aftur hleypt um veginn. **- ghg**



**REYKT UTANDYRA**
Reykingamenn eru margir ósáttir við bannið. Þeir kveikja nú í tóbaki sínu á götum úti.

Reykingabann:

## 180 þúsund króna sektir

**ÍTALÍA, AP** Eitthvert víðtækasta reykingabann Evrópu tók gildi á Ítalíu í gær. Hér eftir er bannað að reykja í öllum opinberum byggingum, svo sem krám og veitingahúsum, nema þar hafi verið komið upp aflokuðum reykingaherbergjum með loftræstingu.

Bannið tók gildi á miðnætti í fyrrinótt. Nokkrum mínútum eftir miðnætti náðu myndatökumenn sjónvarpsstöðva því á myndband þegar ungur maður var sektaður fyrir að reykja á bar.

Lægstu sektir nema frá 23 þúsund til 184 þúsund krónum. ■

Loðnuveiðar:

## Útlit fyrir aukinn kvóta

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikið magn loðnu hefur fundist á 100 sjómílna löngum kafla fyrir norðan land og ljóst að loðnukvótinn verði aukinn verulega, að mati Hafrannsóknarstofnunar. Ekki hefur þó verið ákveðið hversu mikið kvótinn verður aukinn.

Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson hefur frá 4. janúar verið við loðnuleit og mælingar, ásamt níu loðnuskipum og mun þeim leiðangri ljúka í vikunni. Að honum loknum mun Hafrannsóknastofnunin leggja til endanlegt aflamark á yfirstandandi loðnuvertíð. **- kk**



**MJÖLL-FRIGG VIÐ VESTURVÖR**
Á fundi bæjarráðs Kópavogs á fimmtudaginn verður tekin fyrir tillaga um að Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis noti lagaheimildir til að stöðva starfsemi verksmiðju Mjallar-Friggjar á Kársnesi í Kópavogi, en verksmiðjan hefur ekki heimild til að vinna með klórgas á svæðinu.

# Athugasemdir gerðar við framleiðsluna

**Verkfræðistofa gerði alvarlegar athugasemdir við starfsemi klórverksmiðju Mjallar-Friggjar í haust. Í skýrslum hennar kemur meðal annars fram að búnaði verksmiðjunnar hafi verið ábótavant sem og áhættumati.**

**KLÓRGAS** Verkfræðistofan Línuhönnun gerði alvarlegar athugasemdir við drög að starfsleyfi og áhættumati fyrir klórverksmiðju Mjallar-Friggjar í Kópavogi í haust.

Kópavogsbær fékk Línuhönnun til að skoða og gera athugasemdir við meðal annars drög að starfsleyfi Mjallar-Friggjar fyrir klórvinnslu og áhættumati. Í skýrslum verkfræðistofunnar segir meðal annars að klórverksmiðjan noti „klórgas í því magni til framleiðslunnar sem er mjög hættulegt heilsu manna og getur ef það sleppur út í umhverfið verið lífshættulegt í næsta nágrenni við ákveðnar aðstæður.“

Gerð er athugasemd við það að fyrirtækið hafi hafið starfsemi á Kársnesi án allra þeirra leyfa sem til þarf og án áhættumats og grenndarkynningar, en mikilvægt sé að nágrannar viti af starfsemi sem þessari. Þá var enginn sjálfvirkur búnaður fyrir hendi til að nema og gera vart við gasleka og núverandi framleiðsluferli og stýring þess er sagt „varla geta talist besta fáanlega tækni.“

Í skýrslunum segir að ekkert brunaviðvörunarkerfi eða slökkvikerfi væri í húsi Mjallar-Friggjar og brunahólf ekki í lagi. Gerð er athugasemd við að í skjali um hættumat sé sagt að engir skólar séu í nágrenninu, en skóli mun vera í rúmlega kílómetra fjarlægð frá verksmiðjunni. Lokaniðurstaða Línuhönnunar um áhættumat verksmiðjunnar var að ýmsu væri ábótavant þar.

Á fimmtudaginn næstkomandi tekur bæjarráð Kópavogsbæjar fyrir tillögu Flosa Eiríkssonar bæjarfulltrúa um að Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis noti lagaheimildir sínar til að stöðva starfsemi klórverksmiðju Mjallar-Friggjar, sem fari fram án tilskyldra starfsleyfa. Áður munu forsvarsmenn Mjallar-Friggjar mæta á fund bæjarráðs og gera grein fyrir sínu máli.

Hinrik Morthens, eigandi eignarhaldsfélags Filtertækni og Mjallar-Friggjar, vildi ekki ræða málið við Fréttablaðið á þeim forsendum að blaðið hafði kallað klórverksmiðjuna klórgasverksmiðju. Á þessu er reginmunur og hann segir það gilda einu þó klórgas sé notað við klórframleiðsluna.

bergsteinn@frettabladid.is

Umferðarslys:

## Bíl ekið á varnargarð

**LÖGREGLA** Hálfþrítugur maður slasaðist alvarlega þegar hann missti stjórn á bifreið sinni og hafnaði á sjóvarnargarði við Faxagötu í Reykjavík skömmu fyrir klukkan átta í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík var maðurinn meðvitundarlaus þegar að var komið, en talið var hann hefði slasast á mjöðm, auk þess sem hann bar mikla áverka í andliti. Maðurinn var ekki í öryggisbelti.

Að sögn lögreglu vildi slysið þannig til að tveimur bílum var ekið samsíða austur Kalkofnsveg, frá miðbæ í átt að Seðlabanka. Neðst í götunni þar sem kemur beygja missti maðurinn, sem var á vinstri akrein, stjórn á bíl sínum fór yfir Faxagötu og endaði á varnargarðinum. **- óká**

Flugóhapp:

## Þyrlur fylgdu flugvél

**BJÖRGUN** Flugvél Flugmálastjórnar og þyrlur Landhelgisgæslunnar og Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli flugu til móts við eins hreyfils flugvél vestur af landinu í gær. Flugmaður vélarinnar, sem var einn um borð, sendi út neyðarkall klukkan tíu mínútur í níu í gærkvöld þegar hann var staddur um 105 sjómílur vestur af Keflavík.

Þyrla um borð í danska eftirlitsskipinu Triton var sett í viðbragðsstöðu auk þess sem kallað var til báta á svæðinu. Flugmaðurinn lenti vélinni óhappalaust á Keflavíkurflugvelli skömmu fyrir klukkan tíu. ■

Landbúnaðarráðherra:

## Breytingar á lánasjóði

**LANDBÚNAÐUR** Það er mikilvægt að kanna framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins að mati Guðna Ágústssonar, landbúnaðarráðherra nú þegar miklar breytingar eiga sér stað á peningamarkaði. Hann hefur skipað verkefnisstjórn til þess sem á að skila tillögu fyrir lok febrúar.

Guðni sagði í samtali við Bændablaðið að sjóðurinn væri sterkur en þar með væri ekki sagt að reka bæri hann alltaf á sömu forsendum. Til greina kæmi að selja sjóðinn og hagnaðurinn notaður til að styrkja Lífeyrissjóð bænda. **- ghg**



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**
Landbúnaðarráðherra vill endurskoða Lánasjóð landbúnaðarins.

## SKÓLAMÁL

**SEKT FYRIR SÓÐASKAP** Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi áskilur sér rétt til að sekta nemendur um 5.000 krónur verði þeir uppvísir að sóðaskap í skólanum. Sunnlenska vikublaðið Glugginn greindi frá í fyrsta tölublaði ársins. Eftir síðustu önn voru átta nemendur krafðir um gjaldið og 17 áminntir fyrir sóðaskap.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HJÁLPUÐU FÓLKI Í ÓFÆRÐ** Óvenjumikið snjóaði í Vestmannaeyjum í fyrrinótt og að sögn lögreglunnar hefur ekki verið meiri snjór í Heimaey í nokkur ár. Lögreglan þurfti að aðstoða fólk við að komast til vinnu á milli klukkan sjö og átta í gærmorgun en allt gekk áfallalaust fyrir sig.

Fréttastofa Stöðvar 2:

# Sigríði sagt upp störfum

**FJÖLMIÐLAR** Sigríði Árnadóttur, fréttastjóra Stöðvar 2 og Bylgjunnar, var sagt upp störfum í gær eftir tæplega eitt ár í starfi.

Sigríður segist hafa verið kölluð á fund Páls Magnússonar sjónvarpsstjóra síðdegis í gær þar sem henni var sagt upp án nokkurs formála. Hún segist ekki hafa fengið veigamiklar ástæður fyrir uppsögninni og hún hafi ekki orðið vör við óánægju Páls með hennar störf fyrir nokkru þegar hann vakti athygli hennar á að áhorf á fréttir stöðvarinnar hefði aukist úr sautján prósentum í október árið 2003 í 36 prósent í október í fyrra. „Ég vona að samstarfsfólk mitt á fréttastofunni njóti góðs af því og ég óska því kraftmikla fólki alls hins besta.“

Sigríður segir það hafa verið fyrirséð að breytingar yrðu á rekstri fyrirtækisins eftir að Sigurði G. Guðjónssyni var sagt upp störfum en hann réð Sigríði til starfa í febrúar á liðnu ári. „Það gat ég látið mér detta í hug að breytingar yrðu á mínum högum en ég var samt fullvissuð um að það stæði ekki til.“

Gunnar Smári Egilsson, framkvæmdastjóri Íslenska útvarpsfélagsins, vísaði á Pál Magnússon, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2 vegna málsins. Ekki náðist í Pál í gær. **– ghg**



**SIGRÍÐUR ÁRNADÓTTIR**
Segist ekki hafa fengið veigamiklar ástæður fyrir uppsögninni.




## Tilboðsverð á Ringo innihurðum

15–20% stgr.afsl.

## Kährs parket

**Sérstakt tilboðsverð**
Eik Natur m. viðarlæsingu
verð 3.550 kr./m² stgr.

**Gegnheilt parket**
20–50% stgr.afsl.

## Baðdeild

**Tilboð á völdum vörum**
í hreinlætis- og blöndunartækjadeild

WC upphengt m. kassa
stgr.verð kr. 26.000

Handlaug 60 cm. veggh.
stgr.verð kr. 3.700







**Þiljur** á loft og veggi
20% stgr.afsl.

**Smellu Plastparket**
890 kr./m² stgr.

# Egill Árnason hf

Ármúli 8 – 108 Reykjavík
595 0500 – www.egillarnason.is

**Opið: Laugardag frá 10 – 16**

**Flísar** á gólf og veggi
20–70% stgr.afsl.

**Náttúrusteinn og granít**
20–30% stgr.afsl.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.01.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,28 | 63,58 |
| Sterlingspund | GBP | 118,87 | 119,45 |
| Evra | EUR | 82,94 | 83,40 |
| Dönsk króna | DKK | 11,15 | 11,21 |
| Norsk króna | NOK | 10,07 | 10,13 |
| Sænsk króna | SEK | 9,17 | 9,23 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 96,23 | 96,81 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**Króna 113,82 +0,00%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Börn sneru aftur í skóla hálfum mánuði eftir náttúruhamfarirnar í Asíu:

# Skólahald hefst á ný

**HAMFARIR, AP** Börn sneru aftur í skóla sína í Aceh-héraði á indónesísku eyjunni Súmötru í gær í fyrsta sinn frá náttúruhamförunum á annan dag jóla. Sums staðar, svo sem í Aceh Besar bættist fjöldi barna frá þeim svæðum sem verst urðu úti í hóp þeirra sem fyrir voru, annars staðar vantaði marga nemendur. Skólahald hófst einnig á nýjan leik í hafnarborginni Galle í Sri Lanka, þar er skólinn illa farinn eftir flóðbylgjuna og mikill skortur á námsefni og húsgögnum.

Uppreisnarmenn í Aceh-héraðinu hétu því í gær að skaða engan þann sem kæmi á svæðið til að sinna hjálparstarfi og sögðust standa við einhliða vopnahlé sem þeir lýstu yfir eftir að flóðbylgjan skall á héraðinu. Rauði krossinn hefur enn ekki náð til 200 þúsund manns sem búa í héraðinu og urðu fyrir barðinu á flóðbylgjunni.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að 453 Bretar væru taldir af eftir hamfarirnar, 871 er saknað, rúmlega þúsund færri en fyrir viku.

Unnið er að því að grafa upp lík hundruð fórnarlamba flóðbylgjunnar á Taílandi. Taka á lífsýni úr líkunum svo hægt sé að bera kennsl á fólkið. ■



**MÆTA AFTUR Í SKÓLA**
Þúsundir barna á Sri Lanka sneru aftur í skóla í gær. Þrátt fyrir að margir skólanna hafi eyðilagst af völdum hamfaranna fyrirskipuðu stjórnvöld að allir skólar skyldu opnaðir í gær.

Svíakonungur:

# Hvatti til samstöðu

**SVÍÞJÓÐ, AP** Karl Gústaf Svíakonungur hvatti landsmenn til samstöðu eftir hörmungarnar í Asíu í ávarpi sem var útvarpað og sjónvarpað beint í gær.

„Okkur verður hugsað til allra þeirra sem standa okkur nærri og okkur þykir vænt um, fólks sem fyrir fáeinum dögum var hluti af fjölskyldu okkar, vinir okkar, bekkjarfélagar, bræður okkar og systur, en er ekki lengur á meðal okkar,“ sagði konungurinn. Hann sagði að þótt ímynda sér mætti að hann eins og ævintýrakonungur, lagfærði allt væri hann bara eins og hver annar syrgjandi. ■

Stálu bensíni:

# Ekki gerð refsing

**DÓMSMÁL** Tveimur mönnum um tvítugt var í Héraðsdómi Reykjaness í gær ekki gerð sérstök refsing fyrir að hafa stolið bensíni á bíl í tvígang.

Mennirnir stálu bensíninu á bílinn á Esso-bensínstöðinni í Lækjargötu í Hafnarfirði með tveggja daga millibili í september árið 2003. Samtals stálu þeir bensíni fyrir tæpar tíu þúsund krónur. Mennirnir hafa báðir áður gerst sekir um refsiverða háttsemi. **- hrs**

Amfetamíntöflur:

# Sektaður fyrir fíkniefnabrot

**DÓMSMÁL** Fertugum manni var, í Héraðsdómi Reykjaness í gær, gert að greiða 35 þúsund krónur í sekt fyrir fíkniefnabrot og þjófnað. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna kemur átta daga fangelsi hennar í stað.

Maðurinn var tekinn í janúar fyrir tveimur árum með átján amfetamíntöflur og 42 rítalíntöflur í fórum sínum. Lyfin sem maðurinn var með hafði læknir skrifað upp á fyrir eiginkonu hans og son. Þá stal maðurinn hleðsluborvél í verslun í Hafnarfirði að verðmæti fimmtíu þúsund króna. **- hrs**

## BANDARÍKIN

**REKNIR VEGNA VITLAUSRAR FRÉTTAR** Fjórir stjórnendur þáttarins 60 minutes voru reknir í gær vegna fréttar um að skjöl sem sýndu fram á að George W. Bush hefði svikist um að gegna skyldum sínum í þjóðvarðliðinu. Síðar kom í ljós að skjölin voru fölsuð. Innanhússrannsókn CBS leiddi í ljós að fréttin var ekki unnin samkvæmt starfsreglum.

# Áttatíu svæði miltisbrandssýkt

**Tilkynningar hafa borist til Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis um 80 svæði á landinu, þar sem grunur leikur á að miltisbrandur sé í jörðu. Enn eru slíkar tilkynningar að berast, en svæðin verða staðsett nákvæmlega og skráð.**

**MILTISBRANDUR** Tilkynnt hefur verið um 80 staði á landinu þar sem grunur leikur á að miltisbrandur sé í jörðu, að sögn Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis á Keldum. Talið er nokkuð víst að 50 – 60 þeirra séu sýktir en meiri vafi leikur á 20 – 30 svæðum. Þessir staðir eru dreifðir um allt land, en þó flestir á Suðvestur- og Vesturlandi.

Sigurður vinnur að skráningu slíkra staða og hefur unnið að öflun upplýsinga um þá. Miltisbrandurinn hér á landi er rakinn til innflutnings á stórgripahúðum frá Afríku í kringum aldamótin 1900. Sannreynt var í Þýskalandi á þessum tíma að hluti húðanna var sýktur.

> **„Það er ekki hætta af stöðunum sem slíkum ef yfirborðinu er ekki raskað.**

„Þessum stöðum er enn að fjölga og eitthvað enn þá óupplýst,“ sagði Sigurður sem kvað skipta miklu máli að fá upplýsingar frá fólki sem teldi sig vita um miltisbrandssýkta staði, jafnvel þótt það væri ekki fullvisst í sinni sök. Hann sagði að menn hefðu hringt með slíkar upplýsingar eða skrifað. Það kvaðst Sigurður hafa farið inn á elliheimili til að ná í aldrað fólk sem talið var búa yfir slíkum upplýsingum.

Spurður um hvort hægt væri að sannreyna hvort miltisbrandur væri til staðar sagði Sigurður það mjög erfitt að rækta bakteríuna, en svo kynni að fara að það yrði gert ef aðferðir reyndust nothæfar til þess.

„Miltisbrandssýktir staðir verða væntanlega merktir og teknir á skrá með viðeigandi fyrirvörum,“ sagði Sigurður. „Þeir verða hnitmiðaðir nákvæmlega og gefin verður út skrá sem birt verður á vef yfirdýralæknis. Þaðan verða upplýsingarnar settar á tenginu til þeirra fjölmörgu aðila sem þurfa á því að halda. Jafnframt munu þeir sem vinna á einn eða annan hátt við að bylta jörðinni eða grafa einnig fá slíka skrá. Það er ekki hætta af stöðunum sem slíkum ef yfirborðinu er ekki raskað.“

Hann sagði að auk Suður- og Vesturlands hefði verið tilkynnt um miltisbrandssýkt svæði á stöku stöðum á Vestfjörðum, allt norður á Strandir og vestur að Ísafjarðardjúpi, á Norðurlandi og talsvert á Austurlandi.

**jss@frettabladid.is**



**SUÐVESTUR- OG VESTURLAND**
Flest svæðin þar sem grunur er um miltisbrand í jörðu er á Suðvestur – og Vesturlandi. Myndin er frá Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd, þar sem hross drápust vegna slíkrar sýkingar.

Ólafur Davíðsson:

# Sendiherra í Þýskalandi

**UTANRÍKISMÁL** Ólafur Davíðsson afhenti í gær Horst Köhler, forseta Þýskalands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Þýskalandi.



**ÓLAFUR DAVÍÐSSON**

Í tilkynningu utanríkisráðuneytisins kemur fram að Ólafur hafi eftir athöfnina átti fund með forsetanum. „Tvíhliða samskipti landanna er með ágætum og beindust umræðuefni því fyrst og fremst að þeim málum sem hæst ber á alþjóðavettvangi,“ segir í tilkynningunni.

Þá kemur fram að Ólafur ætli í störfum sínum sem sendiherra að leggja áherslu á að sinna efnahags- og viðskiptalegum hagsmunum Íslands í Þýskalandi, m.a. að styðja við útrás íslenskra fyrirtækja. **- óká**

Dómsmálaráðuneyti:

# Nýr vefur sýslumanna

**STJÓRNSÝSLA** Sýslumannafélag Íslands hefur í samstarfi við dóms- og kirkjumálaráðuneytið opnað nýjan vef, syslumenn.is, sem inniheldur upplýsingar um verkefni sýslumanna og ýmsar leiðbeiningar til þeirra sem til embætta sýslumanna þurfa að leita.

Á vefnum er einnig hvert embætti fyrir sig með eigin síðu þar sem helstu upplýsingar um starfsemi þess koma fram. Sýslumaðurinn í Reykjavík og í Keflavík eru að auki með eigin vefsvæði þar sem ítarlegri upplýsingar um þau embætti er að finna, að því er segir á vef ráðuneytisins. **- óká**






## Veðrið

**HLÁKA SÍÐLA FIMMTUDAGS**
Áfram verður kalt á landinu með eindregnum vindi. Hvassast á Vestfjörðum, annars hægari. Hvessir síðdegis og í kvöld um allt land, einkum þó suðaustan og austan til og bætir þá eitthvað ofankomuna þar. Morgundagurinn svipaður, þ.e. áfram kalt með éljum nyrðra en úrkomuminna veðri syðra. Á fimmtudag hvessir sunnan og vestan til með lægðakomu og hlýnandi veðri og víða verður rigning á fimmtudagskvöld ef marka má spár.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Fremur hægur vindur, síst þó úti með ströndum landsins.

### Fimmtudagur




Hvöss austan eða suðaustanátt sunnan og vestan til. Frostlaust um kvöldið og rigning.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skúrir | Frankfurt | 9°C alskýjað | Torrevieja | 17°C skýjað |
| Osló | 6°C skýjað | Prag | 8°C alskýjað | Róm | 14°C skýjað |
| London | 13°C léttskýjað | Amsterdam | 13°C skýjað | New York | 9°C skúrir |
| París | 11°C alskýjað | Varsjá | 7°C alskýjað | Miami | 27°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



99 kr. dagurinn
99 kr/stk.
Skyr.is drykkurinn 3 tegundir
99 kr/stk.
Brazzi 4 tegundir
99 kr/stk.
Risabrauð
99 kr/stk.
Kotasæla 1.5% fita 200gr
99 kr/stk.
Mlec súkkulaði
99 kr/stk.
Kuchen Meister kökur 5 tegundir
99 kr/pk.
Hnetuvínarbrauð
99 kr/stk.
Agúrkur íslenskar 350 gr.
99 kr/stk.
Smápizzur
99 kr/stk.
Soup Cup tomato, vegetable
99 kr/pk.
Fuji epli 2 stk/pk 450 gr.
99 kr/kg.
Japanskar perur
99 kr/pk.
Kirsuberjatómatar 250 gr./box
Tilboðin gilda 11. janúar eða meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Ertu búinn að gefa pening í söfnun Rauða Krossins vegna hamfaranna í Asíu? ?*

**Niðurstöður gærdagsins á** visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 49,8% |
| Nei | 50,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að nota andvirði Símans í að byggja nýtt sjúkrahús?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

IMG Gallup:

# Stendur við könnunina

**SKOÐANAKÖNNUN** Forsvarsmenn IMG Gallup höfnuðu í gær ávirðingum þriggja ráðherra um skoðanakönnun sem fyrirtækið framkvæmdi um stuðning við hernaðaraðgerðir í Írak.

Eftir fundinn sendu forsvarsmenn fyrirtækisins frá sér tilkynningu þar sem segir að könnunin hafi verið gerð að frumkvæði IMG Gallup og hún hafi birst í janúarhefti Þjóðarpúlsins, mánaðarlegs fréttabréfs fyrirtækisins. „IMG Gallup stendur að öllu leyti við það sem þar birtist. Af gefnu tilefni skal tekið fram að óheimilt er að birta niðurstöður kannana úr Þjóðarpúlsi Gallup í auglýsingum án sérstakrar heimildar, eins og þar er skýrt tekið fram.“

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur sagt spurninguna sem borin var upp villandi. Davíð Oddsson utanríkisráðherra sagði í viðtali við Stöð 2 á laugardag að spurningin hefði verið svo vitlaus að hann hefði sjálfur átt í vandræðum með að svara henni. Þá hefur Björn Bjarnason undrast á heimasíðu sinni þá ákvörðun Gallups að spyrja spurningarinnar og að óljóst sé um hvaða lista sé verið að spyrja.

**- ss**



**DAVÍÐ ODDSSON**
IMG Gallup hefur hafnað ávirðingum þriggja ráðherra vegna skoðunakönnunar um stuðning við hernaðaraðgerðir í Írak.

Bechtel:

# Glúmur hættur

**ATVINNULÍF** Glúmur Baldvinson hefur látið af starfi sem forstöðumaður almannatengsla hjá Bechtel vegna byggingar álvers í Reyðarfirði.

Glúmur sagði að uppsögn hans hefði borið mjög brátt að en honum bauðst starf hjá undirstofnun Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna. Verður hann upplýsingafulltrúi í verkefni á vegum stofnunarinnar sem felst í að samræma flutningsleiðir til og frá hamfarasvæðunum í Asíu. Glúmur sagði upp starfi sínu í fullri sátt við Bechtel.

**- kk**



**ÍSAFJÖRÐUR**
Bæjarfulltrúi telur að bæjarsjóður verði tómur árið 2007 miðað við fjárhagsáætlun meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðar.

Ísafjörður:

# Vill fækka starfsfólki

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Miðað við fjárhagsáætlun meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðar bendir allt til þess að bæjarsjóðurinn verði tómur árið 2007 að mati Magnúsar Reynis Guðmundssonar, bæjarfulltrúa Frjálslyndra og óháðra.

Bæjarins besta greinir frá því að Magnús vilji grípa til róttækra aðgerða. Meðal annars vill hann fækka stöðugildum hjá bænum um þrjátíu á tveimur árum og bjóða út rekstur skíðasvæðisins í Tungudal. Þá leggst hann gegn því að fasteignaskattar og ýmis gjöld verði hækkuð eins og meirihlutinn hefur lagt til. ■

# Sigur Abbas í höfn en erfitt starf framundan

**Mahmoud Abbas vann yfirburðasigur í palestínsku forsetakosningunum. Nú liggur fyrir honum að semja frið við Ísraela og fá palestínska vígamenn til að láta af ofbeldi gegn Ísraelum. Kjöri hans var fagnað innanlands og utan.**

**PALESTÍNA, AP** „Ég helga þennan sigur sál Jassers Arafat, þjóð okkar og píslarvættum,“ sagði Mahmoud Abbas, leiðtogi PLO, þegar hann fagnaði sigri í palestínsku forsetakosningunum. Kosningu hans var vel tekið og liggur nú fyrir honum að hefja friðarviðræður við Ísraela og fá palestínska vígamenn til að láta af ofbeldisverkum.

Abbas sigraði með miklum yfirburðum líkt og skoðanakannanir höfðu gefið til kynna. Hann fékk þrefalt fleiri atkvæði en næsti maður, Mustafa Barghouti, sem sjálfur fékk margfalt meira fylgi en hinir frambjóðendurnir fimm. Sigri hans var fagnað á götum palestínskra borga í fyrrinótt. Hleypt var af byssum upp í loftið, bílflautur þeyttar og fólk dansaði og söng á götum úti merkt litum Fatah-hreyfingar Abbas.

Ekki liggur fyrir hversu mikil kjörsókn var þar sem nokkur vafi lék á því hversu margir væru kosningabærir. Hamas-samtökin kvörtuðu undan framkvæmd kosninganna, einkum því að kjörstaðir voru opnir tveimur tímum lengur en upphaflega stóð til.

Erlendir þjóðarleiðtogar fögnuðu kjöri Abbas og binda vonir við að það verði til þess að koma megi á friði milli Ísraela og Palestínumanna. „Ég hlakka til að bjóða hann velkominn hingað til Washington ef hann kýs að koma hingað,“ sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti.

„Ef hann leggur sig allan fram um að berjast gegn hryðjuverkum er það nóg til að við hefjum aftur viðræður,“ sagði Shimon Peres, leiðtogi Verkamannaflokksins, sem er á leið í ísraelsku ríkisstjórnina. Hann ræddi við Abbas í síma, óskaði honum til hamingju með kjörið og sagðist reiðubúinn að gera allt í sínu valdi til að hjálpa honum.

Forysta Hamas lýsti því yfir að þrátt fyrir efasemdir um framkvæmd kosninganna myndu samtökin vinna með Abbas.

Helstu verkefni Abbas eru að semja við Ísraela um framtíð Palestínu og að fá herská samtök Palestínumanna til að láta af ofbeldi. Markmið hans í viðræðum við Ísraela er stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis, lausn palestínskra fanga úr ísraelskum fangelsum og lausn fyrir Palestínumenn sem flýðu heimili sín á landsvæðum sem nú tilheyra Ísrael. Það síðastnefnda fer sérstaklega fyrir brjóstið á Ísraelum. ■



**KJÖRI ABBAS FAGNAÐ**
Félagar í Fatah-hreyfingunni fögnuðu sigri Mahmoud Abbas í palestínsku forsetakosningunum. Sigur Abbas var öruggur en verkefnin sem hann stendur frammi fyrir eru erfið, líkt og hann sagði í sigurræðu sinni.

### MAHMOUD ABBAS

| | |
|---|---|
| **1935** | Fæddur í Safed í Galíleu sem þá var hluti af Palestínu undir hernámi Breta en er nú hluti Ísraels. |
| **1948** | Flýr ásamt fjölskyldu sinni undan stríðinu sem braust út þegar Ísraelsríki varð til, fjölskyldan kom sér fyrir í Sýrlandi. |
| **1964** | Tekur þátt í því með Jasser Arafat að stofna Frelsissamtök Palestínu, PLO. |
| **1980** | Skipaður yfirmaður alþjóðasamskiptadeildar PLO. |
| **1993** | Óslóarsamkomulagið undirritað, Abbas er talinn helsti arkitekt þess. |
| **1995** | Snýr aftur til Palestínu eftir friðarsamkomulag Ísraela og Palestínumanna |
| **1996** | Kosinn framkvæmdastjóri framkvæmdanefndar PLO. |
| **2003** | Valinn fyrsti forsætisráðherra Palestínu, segir af sér eftir fjóra mánuði vegna deilna við Jasser Arafat. |
| **2004** | Valinn formaður PLO eftir andlát Arafats. |
| **2005** | Kjörinn forseti Palestínu. |



Mahmoud Abbas hóf afskipti af frelsisbaráttu Palestínumanna með því að fá Palestínumenn í útlegð í Katar til liðs við málstaðinn síðla á sjötta áratugnum. Hann varð fljótt einn helsti fjáröflunarmaður PLO og tók að sér öryggismál snemma á áttunda áratugnum. Undir lok áratugarins hóf hann viðræður við ísraelska vinstrimenn og friðarsinna.

Abbas er kvæntur og á tvo uppkomna syni. Einn sonur hans lést í fæðingu og tók Abbas nafn hans, Abu Mazen, sem auknefni sitt.

*Heimildir: AP, BBC.*

### FYLGI FRAMBJÓÐENDA

| | |
|---|---|
| Mahmoud Abbas | 62,3% |
| Mustafa Barghouti | 19,8% |
| Fimm aðrir samtals | 17,9% |

Vegagerð:

# Breytingar á Hellisheiði

**SAMGÖNGUR** Ákveðið hefur verið að hafa þrjár akreinar frá Litlu kaffistofunni að Hveradalabrekku og mislæg gatnamót við Þrengslaafleggjara á Hellisheiði, að því er sunnlenska vikublaðið Glugginn greinir frá.

Fram kemur að bjóða eigi út framkvæmdirnar á næstu dögum, en haft eftir Svani Bjarnasyni, svæðisstjóra Suðursvæðis Vegagerðarinnar að beðið sé endanlegs svars Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu, auk þess sem verið sé að leggja lokahönd á útboðsgögn.

Framkvæmdir eiga að hefjast í febrúar eða mars og ljúka í október á þessu ári.

**- óká**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HJÁLPUÐU FÓLKI Í ÓFÆRÐ** Óvenjumikið snjóaði í Vestmannaeyjum í fyrrinótt og að sögn lögreglunnar hefur ekki verið meiri snjór í Heimaey í nokkur ár. Lögreglan þurfti að aðstoða fólk við að komast til vinnu á milli klukkan sjö og átta í gærmorgun en allt gekk áfallalaust fyrir sig.

## STJÓRNSÝSLA

**LÖGFRÆÐINGUR RÁÐINN** Páll Þórhallsson hefur verið ráðinn lögfræðingur á aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins samkvæmt auglýsingu sem birt var í desemberbyrjun. Undanfarin sex ár hefur Páll starfað sem lögfræðingur hjá Evrópuráðinu og meðal annars starfað við stefnumótunarvinnu á sviði opinberrar stjórnsýslu, að því er fram kemur í tilkynningu ráðuneytisins.

Dómsmálaráðuneytið:

# Auglýsir fé til mannréttindamála

**STJÓRNMÁL** Dómsmálaráðuneytið auglýsti til umsóknar þær fjórar milljónir króna sem ráðuneytið hefur til ráðstöfunar vegna starfa að mannréttindamálum. Tekið er fram í auglýsingunni að fénu verði úthlutað á grundvelli umsókna, en þær verða að berast ráðuneytinu fyrir næstu mánaðamót.

Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, segir að Mannréttindaskrifstofan hafi þegar fyrir áramót lagt inn umsókn til ráðuneytisins þegar ljóst hafi verið að ekki væri gert ráð fyrir fjárveitingu til stofnunarinnar á fjárlögum, líkt og verið hafi fyrri ár.

Upphæðin sem ráðuneytið auglýsir nú til umsóknar er ámóta og sú sem Mannréttindaskrifstofunni hefur verið úthlutað á fjárlögum síðustu ár. Ákvörðunin um að úthluta Mannréttindaskrifstofunni ekki rekstrarfé á fjárlögum var harðlega gagnrýnd fyrir áramót og benti framkvæmdastjóri skrifstofunnar þá á að ámóta skrifstofur séu í nágrannalöndunum reknar með tugi starfsmanna, meðan hér sé varla hægt að halda úti einum.

**- óká**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUÐRÚN DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR**
Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands segir að þegar hafi verið sótt um fé til reksturs skrifstofunnar til Dómsmálaráðuneytisins þegar ljóst hafi verið orðið að Mannréttindaskrifstofunni var ekki úthlutað fé á fjárlögum líkt og fyrri ár.

Reglugerð í smíðum:

# Búnaður vari við leka

**SJÁVARÚTVEGUR** Væntanleg er reglugerð frá samgönguráðuneytinu um búnað til að vara við leka í fiskiskipum, að því er fram kemur á vef Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Reglugerðin á að miða að því að draga úr hættu á að fiskiskip sökkvi vegna óvænts leka, en sjóslysum af þeim ástæðum er sagt hafa farið fjölgandi undanfarin misseri. Reglugerðin er í samræmi við tillögur LÍÚ og gerir ráð fyrir að í skipum sem eru 15 metrar eða lengri verði settur upp viðvörunarbúnaður í lest og vélarrúmi sem gerir viðvart í brú ef sjór flæðir inn í þessi rými.

**- óká**


LIVERPOOL - WATFORD Í KVÖLD KL. 19:50
CHELSEA - MAN. UTD. Á MORGUN KL. 19:50
ERFIÐUR MÁNUÐUR
18. jan. FA Cup Burnley - Liverpool
19. jan. FA Cup Exeter - Man. Utd.
29. jan. FA Cup Southampton - Portsmouth*
29. jan. FA Cup Man. Utd./Exeter - M'brough*
29. jan. FA Cup Chelsea - Birmingham*
29. jan. FA Cup West Brom - Tottenham*
29. jan. FA Cup Arsenal - Wolves*
25. jan. Carling Cup Watford - Liverpool
26. jan. Carling Cup Man. Utd. - Chelsea
22. jan. US PGA Buick Invitational
29. jan. Box Arturo Gatti - Jesse James Leija
6. feb. Superbowl
kl. 20:15 Þú ert í beinni! Alla fimmtudaga
*Með fyrirvara um dagskrárbreytingar
sýn
– besta sætið
Fáðu þér áskrift: 515 6100 • syn.is • Skífan • Og Vodafone



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða fyrirtæki vill fá að framleiða klór með klórgasi í Kópavogi?*

2 *Hvað heitir nýr forseti Palestínu?*

3 *Hver hefur tekið við starfrækslu sjúkrahótels af Rauða krossinum?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Varaþingmaður Framsóknar:

# Segir feril Alfreðs senn á enda

**BORGARMÁL** „Það þarf hins vegar engan sérfræðing til að átta sig á því að eftir 35 ára starf að borgarmálum hlýtur að vera farið að styttast eitthvað í annan endann á stjórnmálaferli Alfreðs Þorsteinssonar,“ segir Guðjón Ólafur Jónsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, á vef framsóknarmanna, hrifla.is.

Í greininni leggur Guðjón út af grein Gests Gestssonar, formanns Framsóknarfélags Reykjavíkur norður, sem segir að Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi sé dragbítur á flokkinn og verði að draga sig í hlé. Guðjón segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með þróun borgarmálanna, meðal annars vegna vaxandi tilhneigingar borgarfulltrúa til að safna að sér störfum í ráðum og nefndum.

Hann segir langan starfsferil Alfreðs vera til vitnis um pólitískan styrk hans en vinsældir hans séu ekki eftir því og margir hafi strikað hann af lista í síðustu kosningum. Í framhaldinu spáir Guðjón því að pólitískur vitjunartími Alfreðs sé skammt undan.

„Ég hef ekki lesið þetta og hef nákvæmlega ekkert um þetta að segja,“ segir Alfreð Þorsteinsson. „Ef ég ætti að elta ólar við allt það sem menn eru að skrifa út og suður gerði ég ekki annað.“ - bs



**GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON**
„Laun heimsins eru oft vanþakklæti,“ segir hann meðal annars um stöðu Alfreðs.

Sýslumaðurinn á Egilsstöðum:

# Rannsókn í gangi

**ATVINNUMÁL** Sýslumannsembættið á Seyðisfirði rannsakar nú iðnréttindi nokkurra erlendra starfsmanna Impregilo á Kárahnjúkum, m.a. rafiðnaðarmanna og smiða.

Helgi Jensson, fulltrúi sýslumanns á Egilsstöðum, segir að málið sé í höndum rannsóknardeildar og ekki sé ljóst hvenær von sé á niðurstöðu.

„Þetta eru útlendingar, oft þarf túlka og þeir eru á fjöllum. Svona mál taka ákveðinn tíma í rannsókn,“ segir Helgi. - ghs






# Ráðuneytið þarf tíma fyrir greinargerðina

**ASÍ bíður eftir viðbrögðum félagsmálaráðuneytisins við greinargerð um gagnrýnina á Impregilo. Vonast er eftir viðbrögðum eða fundi í dag. Fjallað verður um málið á miðstjórnarfundi á morgun.**

**ATVINNUMÁL** Búist er við að félagsmálaráðuneytið svari greinargerð Alþýðusambandsins um gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á Impregilo í dag eða á morgun en greinargerðin var send ráðuneytinu á sunnudaginn var. Greinargerðin verður lögð fyrir miðstjórnarfund ASÍ á morgun og kynnt fjölmiðlum.

„Mér skilst að ráðuneytismenn séu að lesa greinargerðina. Þetta er myndarleg greinargerð upp á 20 síður eða svo. Við höfum ekki verið í miklum samskiptum við ráðuneytið í dag en mér skilst að þeir þurfi tíma til að fara í gegnum þetta,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Útgáfa atvinnuleyfa til Kínverjanna 54, sem Impregilo hefur sótt um undanþágu fyrir, er í biðstöðu meðan verið er að fara yfir lög og reglur varðandi útgáfu atvinnuleyfa og skuldbindingar Íslendinga á Evrópska efnahagssvæðinu.

„Við höfum líka vakið máls á því að í þessu máli eru líka atriði sem snúa almennt að vinnumarkaðnum, framboði og eftirspurn og hvernig þau mál þróast. Við erum ekki sátt við að fyrirtæki geti mótað sér þá stefnu að halda sig við lágmarkslaun. Auðvitað bera stjórnvöld ábyrgð á því að halda eðlilegu vægi milli framboðs og eftirspurnar. Það gefur auga leið að ef stuðlað er að offramboði á einhverju þá hefur það áhrif á verðið,“ segir Gylfi.

Vinnumálastofnun var búin að gefa vilyrði fyrir undanþágu fyrir 54 manna hópinn og segir Gylfi að gerð hafi verið athugasemd við það hvaða heimild sé til þess að gefa vilyrði eða fyrirheit fyrir flýtimeðferð. „Það verður náttúrlega að fara að reglunum. Ég ætla ekki að tjá mig um það hvort starfsmenn geti verið með einhverjar aðrar reglur,“ segir hann.



**KÁRAHNJÚKAR**
Greinargerð ASÍ um Impregilo og ágreininginn við verkalýðshreyfinguna er til vinnslu í félagsmálaráðuneytinu. Vonast er eftir viðbrögðum í dag.

ghs@frettabladid.is






Sjötíu snjóflóð hafa fallið frá jólum:

# Mesta hrina snjóflóða í níu ár

**SNJÓFLÓÐ** Veðurstofu Íslands hafa borist upplýsingar um sjötíu snjóflóð frá jólum til sjötta janúar. Langflest flóðanna féllu á Vestfjörðum, nokkur flóð féllu í Ólafsfjarðarmúla en lítið annars staðar. „Önnur eins snjóflóðahrina hefur ekki komið síðan árið 1995,“ segir Leifur Örn Svavarsson, á snjóflóðavakt Veðurstofunnar.

Veðurstofan heldur skrá yfir öll fallin snjóflóð sem tilkynnt er um. Það eru snjóflóð sem fallið hafa nálægt þéttbýli eða hafa fallið á vegakerfið. Ekki hafa borist fregnir af snjóflóði síðan sjötta janúar. Enginn heldur tölu yfir flóð sem falla í dreifbýli og á fjalllendinu. „Snjóflóðið sem féll úr Hraunsgili í Hnífsdal hefur mörg hundruð ára endurkomutíma. Þó mælingum þar sé ekki lokið er ljóst að mörg hundruð ef ekki þúsund ár geta liðið á milli svo stórra snjóflóða úr því gili,“ segir Leifur Örn. - hrs



MYND/BRYNJAR GAUTI

**SNJÓFLÓÐAVARNIR Á MILLI ÍSAFJARÐAR OG BOLUNGARVÍKUR**
Ekki hefur fallið annað eins snjóflóð eins og féll nýverið úr Hraunsgili í Hnífsdal svo vitað sé.

# SKIPTU_um gír
## JANÚARTILBOÐ Á NISSAN

SHIFT_expectations



### NISSAN X-TRAIL
**TILBOÐSVERÐ 2.990.000 kr.**

34.653 kr. á mán.*

Nýr X-TRAIL er gullfallegur bíll sem hæfir íslensku veðurfari. Hann flytur heilu fjölskyldurnar um landið þvert og endilangt og skýst í innanbæjaraksturinn af lipurð og snerpu. Þú situr hátt í Nissan X-Trail og með einu handtaki skiptirðu yfir í fjórhjóladrif ef færð þyngist.

- Sport 2,0
- Sjálfskiptur
- 140 hestöfl
- 5 dyra

**150.000 kr. AUKAHLUTAPAKKI**

Dráttarbeisli og vetrardekk fylgja öllum Nissan X-Trail jeppum sem keyptir eru í janúar 2005.





### NISSAN PRIMERA
**TILBOÐSVERÐ 2.390.000 kr.**

27.697 kr. á mán.*

Í samræmi við glæsilega hönnun á Nissan Primera, er bíllinn hlaðinn búnaði. Sem dæmi þá er þetta eini fólksbíllinn á markaðnum sem hefur innbyggða bakkmyndavél og skjá sem tryggir að ekkert fari úrskeiðis.

- Primera 1,8i
- Sjálfskiptur
- 116 hestöfl
- 5 dyra

**Í KAUPBÆTI NOKIA 6610i**

GSM sími ásamt handfrjálsum búnaði fylgir öllum Nissan Primera á tilboði.





### NISSAN ALMERA
**TILBOÐSVERÐ 1.620.000 kr.**

21.090 kr. á mán.*

Kraftur og mýkt einkennir Nissan Almera. Stjórnstöðin styðst við hina einstöku Nissan tækni til að tryggja auðvelda og eðlilega stjórn. Hönnuðir okkar hafa mótað útlit bílsins til að ná fram straumlínulaga, lögun og umgjörðin er dregin fram með kröftugum fram- og afturljósunum.

- Almera 1,5i
- Beinskiptur
- 90 hestöfl
- 5 dyra



### NISSAN MICRA
**TILBOÐSVERÐ 1.300.000 kr.**

15.061 kr. á mán.*

Hvort heldur þriggja eða fimm dyra er Micran nett og auðvelt að aka henni og leggja í stæði. Innanrýmið er svo haglega hannað að þetta er rúmbesti bíllinn í sínum stærðarflokki. Micran er full af hugvitssamlegum lausnum sem gera aksturinn þægilegri og skemmtilegri.

- Visia 1,2i
- Beinskiptur
- 80 hestöfl
- 3 dyra

**www.nissan.is**

Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF.

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fíton/SÍA FI011532

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00 |
|---|---|---|



**AMMAN OG BARNABARNIÐ**
Flóttamönnum sem hafast við í búðum í Calang í Aceh-héraði í Indónesíu fjölgar dag frá degi. Þessi aldraða kona hélt barnabarni sínu að sér þar sem hún hafðist við í hreysi sínu.

Þrjú ár síðan fangabúðirnar í Guantanamo opnuðu:

# Stendur væntanlega til frambúðar

**GUANTANAMO, AP** Þrátt fyrir að fá verk Bandaríkjastjórnar hafi mætt jafn harðri gagnrýni og fangabúðirnar sem komið var upp í Guantanamo fyrir þremur árum virðist sem þær standi til frambúðar. Uppi eru áform um að byggja þar fangelsi fyrir andvirði 1.600 milljóna króna og geðdeild fyrir rúmar hundrað milljónir króna.

Fangabúðirnar voru opnaðar 11. janúar 2002 og var yfirlýst markmið með þeim að þar yrðu geymdir hættulegustu hryðjuverkamennirnir sem fangaðir voru í Afganistan og þeir sem talið var að byggju yfir upplýsingum um hryðjuverkastarfsemi. Þeir sem þangað voru fluttir voru vistaðir án undangengins dóms eða ákæru og neitað um þjónustu lögmanns. Þetta hefur sætt gagnrýni frá mannréttindasamtökum og öðrum sem láta sig málið varða.

„Þetta minnir á lélegan vestra. Föngum er haldið í fangelsi þar til dómarinn kemur og á meðan smíða menn gálgana,“ sagði Charlie Swift, flotaforingi og verjandi eins þeirra sem haldið er í Guantanamo, Salim Ahmed Hamdan.

Í dag eru 550 manns frá 42 ríkjum haldið í Guantanamo. Fæstir þeirra eru taldir búa yfir gagnlegum upplýsingum en dvelja þó væntanlega lengi enn í Guantanamo, sumir vegna þess að málsmeðferð þeirra hefur tafist, aðrir vegna þess að þeir eru taldir hættulegir Bandaríkjunum eða bandamönnum þeirra. ■



**RITSKOÐAÐ BRÉF FANGA**
Alsírski fanginn Mustafa Ahmed fékk að skrifa fjölskyldu sinni í Pakistan bréf. Stærstur hluti þess var ritskoðaður af yfirvöldum í fangelsinu áður en það var sent.


www.volkswagen.is

Árið byrjar betur

18.590 kr. á mán.
VW Polo
Verð: 1.440.000 kr. 144.000 kr. út, 90% fjármögnun í 84 mánuði.
Polo 5 dyra beinskiptur, 1,2i Basicline.
Vetrardekk fylgja!
Aðeins 12 bílar

Aukabúnaður á mynd er álfelgur og samlitun.




SP-FJÁRMÖGNUN
VW er í samstarfi við SP-Fjármögnun

GOTT FÓLK McCANN

* Verð miðast við bílasamning SP til 84 mánaða og 10% innborgun. Vextir miðast við 100% erlenda mynt.


## ASÍA

**FÓRNARLAMB FUGLAFLENSU** Sextán ára stúlka lést af völdum fuglaflensu á sjúkrahúsi í Ho Chi Minh-borg, höfuðborg Víetnam, síðasta laugardag. Hún er þriðja manneskjan sem deyr af völdum sjúkdómsins á innan við tveimur vikum. Veikin hefur kostað 23 Víetnama og 12 Taílendinga lífið á einu ári.

**MANNSKÆTT UMFERÐARSLYS** 57 manns létu lífið þegar ökumaður rútu missti stjórn á henni með þeim afleiðingum að hún steyptist út í áveituskurð í Karnataka á Indlandi. Níu manns var bjargað upp úr skurðinum.

## EYJAÁLFA

**HRAPAÐI TIL BANA** Tæplega fertugur Norðmaður lét lífið þegar hann hrapaði til bana í svifflugskeppni í Ástralíu. Maðurinn átti í erfiðleikum með flugtak og lést á vettvangi.

Verðhækkanir á raforku:

# Komið til móts við garðyrkjubændur

**LANDBÚNAÐUR** Ekki hefur verið reiknað út hver hækkun raforkuverðs til garðyrkjubænda verður vegna breytinga á raforkulögum, að sögn Drífu Hjartardóttur, formanns landbúnaðarnefndar. Garðyrkjubændur hafa hingað til notið afsláttar hjá Landsvirkjun, en með breyttum lögum má ekki lengur selja raforku á mismunandi verði, eftir því til hvers rafmagnið er notað. Auk þessa afsláttar fá garðyrkjubændur framlag úr ríkissjóði til að niðurgreiða rafmagn. Drífa segir því flókið mál að reikna út hækkun raforkuverðs til garðyrkjubænda, en málið verði örugglega leyst og þeir verði ekki látnir sitja uppi með 30-100 prósent hækkun.

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri orku- og stóriðjumála í Iðnaðarráðuneytinu segir að á allra næstu dögum muni skýrast hver hækkunin verði fyrir einstaka notendahópa, svo sem þá sem notast við rafhitun. Í lok þessarar viku ætti að skýrast hver hækkunin verður hjá garðyrkjubændum. Í næstu viku mun svo koma í ljós hver hækkunin verður hjá fiskeldisfyrirtækjum. - ss



**TÓMATARÆKTUN**
Formaður landbúnaðarnefndar segir að garðyrkjubændur muni ekki sitja uppi með 30-100 prósenta hækkun raforkuverðs.

Úrskurður Skipulagsstofnunar:

# Fallist á landfyllingar við Gufunes

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsstofnun hefur fallist á gerð landfyllinga við vestan- og norðanvert Gufunes í Reykjavík. Á landfyllingunum er samkvæmt gildandi aðalskipulagi borgarinnar gert ráð fyrir að rísi þétt og og há blönduð íbúabyggð með 7.500 til 9.000 íbúum. Á fyrra skipulagi var gert ráð fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði á landfyllingunum, en frá því var horfið þar sem ekki var talin þörf á uppbyggingu nýs hafnarsvæðis.

Samtals eru landfyllingarnar um 46 hektarar að stærð og áætlaði Reykjavíkurborg að til framkvæmdanna þyrfti um 4,1 milljón rúmmetra af jarðefni. Slíkt magn myndi fylla nýju Laugardalslaugina um það bil 5 þúsund sinnum.

Fallist er á gerð landfyllinganna með því skilyrði að að framkvæmdir við gerð grjótvarnargarðs og þvergarða innan hans verði utan göngutíma laxfiska, en hann er frá 1. maí til 30. september. Hægt er að kæra úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 16. febrúar.

- óká



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Á GUFUNESI SÉÐ YFIR Í SUNDAHÖFN**
Skipulagsstofnun telur að ástæða sé til að fram fari áhættumat vegna búsetu á nýjum landfyllingum við Gufunes vegna gasmyndunar í gömlu öskuhaugunum í Gufunesi.

Varnarmál:

# Fundur ekki ákveðinn

**VARNARMÁL** Enn er ekki búið að ákveða hvenær viðræður Íslendinga og Bandaríkjamanna um framtíð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli munu fara fram. Á fundi Davíðs Oddssonar og Colins Powell, þá utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í nóvember var ákveðið að viðræður embættismanna myndu hefjast í janúar á grundvelli þeirra umræðna sem fram fóru á fundinum. Á fundi embættismanna mun meðal annars vera rætt um hvernig íslensk stjórnvöld koma að rekstrarþætti Keflavíkurflugvallar vegna aukins umfangs borgaralegrar starfsemi á flugvellinum. ■


34.690 kr. á mán.

VW Passat Variant

Verð: 2.690.000 kr. 269.000 kr. út,
90% fjármögnun í 84 mánuði

2,0i sjálfsk. 115 hestöfl, Trendline.

Aukahlutapakki: Vetrardekk,
sóllúga, krómlistapakki
og skyggðar rúður.

Aðeins 7 bílar





Aukabúnaður á mynd er álfelgur

með Volkswagen

Gerðu betri kaup með SP-bílasamningi – á meðan birgðir endast.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


Umhverfis – og heilbrigðisstofa Reykjavíkur:

# Nær 1900 hafa pantað græna tunnu

**SORPHIRÐA** Hátt í 1900 íbúar í einbýli í Reykjavík hafa pantað græna sorptunnu að sögn Guðmundar Friðrikssonar hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur. Grænar tunnur eru losaðar aðra hverja viku. Gert er ráð fyrir að þeir sem hafa þær flokki sorpið. Í staðinn greiða þeir helmingi lægra sorphirðugjald heldur en hinir sem fá losun vikulega.

„Sorphirða borgarinnar hætti þjónustu við stofnanir og fyrirtæki um áramót, á sama tíma og grænu tunnurnar voru teknar upp,“ sagði Guðmundur. „Það hefur því dregist svolítið að koma þeim út.“

Guðmundur sagði enn fremur að sú ákvörðun hefði verið tekin að vísa ofangreindum á sorphirðufyrirtæki á almennum markaði. Ástæðan væri meðal annars sú að borgin væri ekki á samkeppnismarkaði hvað sorphirðu varðaði. Þá hefði þótt liggja fyrir að sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og rekstraraðilum hefðu ekki staðið undir kostnaði við söfnun sorpsins.

„Samkvæmt reglugerð er sveitarfélagi eingöngu skylt að veita íbúum þessa þjónustu,“ sagði Guðmundur. „Með þessu erum við að feta í fótspor nágrannasveitarfélaganna.“

- jss



**GRÁTT VERÐUR GRÆNT**
Nær 1900 íbúar í Reykjavík ætla að fá græna sorptunnu í staðinn fyrir gráa og lækka þar með sorphirðugjaldið um helming.

Hreindýr:

# Varasöm í umferðinni

**SAMGÖNGUR** Töluvert hefur verið um hópa hreindýra bæði austan og vestan Hafnar í Hornafirði að undanförnu.

Að sögn lögreglunnar á Höfn geta dýrin verið hættuleg akandi vegfarendum, ekki síst þegar skyggja tekur.

„Það er mín tilfinning að meira sé um hreindýr á svæðinu í ár. Hóparnir eru á flakki bæði í Nesjum, fyrir vestan Hornafjörð, og í Lóni, austan Hafnar, og þau fara upp á veg ef þeim sýnist svo,“ sagði lögreglumaður á Höfn í Hornafirði í samtali við blaðið. „ Hreindýr hafa ekki valdið slysum í vetur en hafa oft gert það í gegnum tíðina þó ekki sé það á hverju ári.“

- kk



**HELFARARINNAR MINNST**
Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, lagði blóm að minnisvarða í Buchenwald, fangabúðum nasista í síðari heimsstyrjöld, um það sem átti sér stað þar. Athöfnin var í tengslum við stjórnarfund Jafnaðarmannaflokksins sem haldinn var í nágrenninu.

Hagkvæmnirannsókn nemenda á Bifröst:

# Loftfar í stað Herjólfs

**SAMGÖNGUR** Hagkvæmara væri að nota loftfar til að flytja fólk og frakt til og frá Vestmannaeyjum heldur en með Herjólfi, samkvæmt könnun sem sex nemendur við Viðskiptaháskólann á Bifröst unnu í vetur.

Nemarnir skoðuðu SkyCat-loftfar, sem flutt getur bíla, menn og frakt, út frá forsendum samgangna til Vestmannaeyja. Reiknað er með endurnýjun Herjólfs á sextán ára fresti og að komið verði að nýju skipi árið 2008, en nemarnir gera ráð fyrir að SkyCat-loftfar kosti um sex og hálfan milljarð króna. Farið yrði ódýrara í rekstri en Herjólfur og fljótara í förum þannig að fara mætti fleiri ferðir á dag.

„Loftfarið er með fjóra hreyfla knúna dísilolíu. Að öðru leyti sér helíumfylltur belgurinn aðallega um lyftikraft loftfarsins,“ segja nemarnir, en það getur lent og tekið á loft bæði eins og þyrla og flugvél og þarf ekki langa flugbraut. Þá þolir loftfarið sömu veðurskilyrði og stórar breiðþotur, en þær munu mjög veðurþolnar. Áhugi er hjá nemendunum að kanna fleiri notkunarmöguleika farsins, s.s til strandflutninga, en hópurinn telur að SkyCat geti leyst af hólmi þungaflutninga á þjóðvegum landsins.

- óká



**SKYCAT-LOFTFAR**
Loftför þessi eru af nokkrum stærðum og gerðum, en þau eru hönnuð í Bretlandi og fara þau fyrstu á markað árið 2007. Hjálparstofnanir eru þegar sagðar hafa pantað sér stærri gerðir SkyCat og Bandaríkjaher kynnt sér þau og viðurkennt getu þeirra, en þau geta lent nánast hvar sem er.

www.volkswagen.is




* Verð miðast við bílasamning SP til 84 mánaða og 10% innborgun.
Vextir miðast við 100% erlenda mynt.

Opinber heimsókn:

# Nefnd heimsækir Kína

**ALÞINGI** Opinber heimsókn Halldórs Blöndal, forseta Alþingis, til Kína hefst í dag og stendur fram á þriðjudag í næstu viku.

Halldór heimsækir landið ásamt Kristrúnu Eymundsdóttur eiginkonu sinni í boði forseta kínverska þingsins. Með í för eru varaforsetar Alþingis Guðmundur Árni Stefánsson og kona hans, Jónína Bjartmarz og eiginmaður og Sólveig Pétursdóttir ásamt forstöðumanni alþjóðasviðs skrifstofu Alþingis. Í tilkynningu Alþingis kemur fram að sendinefndin heimsæki meðal annars Peking, Chengdu og Shanghai. Rætt verður við forseta og varaforseta kínverska þingsins, fulltrúa ríkisstjórnar og fleiri ráðamenn.

- óká

Vilhelm Þorsteinsson EA með 5 milljarða aflaverðmæti:

# 336 daga á sjó í fyrra

**AFLATÖLUR** Heildarafli skipa Samherja hf. í fyrra var um 103 þúsund tonn, að verðmæti rúmir 5 milljarðar króna. Gullskip Samherjaflotans á síðasta ári var fjölveiðiskipið Vilhelm Þorsteinsson EA 11 með um 51 þúsund tonna afla að verðmæti 1.550 milljónir króna.

Vilhelm Þorsteinsson var 336 daga á sjó og afli á úthaldsdag rúmlega 151 tonn, að verðmæti um 4,6 milljónir króna. Arngrímur Brynjólfsson skipstjóri er afar ánægður með gengi skipsins á árinu. „Þetta var gríðarlegt magn sem fryst var um borð og að framleiða svona magn hefði aldrei tekist nema fyrir harðduglega og samhenta áhöfn,“ segir Arngrímur. Í áhöfn Vilhelms eru tæplega 50 menn og eru þeir á sjó að jafnaði annan hvern mánuð.

Uppsjávarafli Samherja á síðasta ári; síld, loðna og kolmunni, var um 74 þúsund tonn og botnfiskafli á heimamiðum var ríflega 23 þúsund tonn. Skip félagsins veiddu samtals rúm 5 þúsund tonn af úthafskarfa og 1.500 tonn af þorski í Barentshafi.

- kk




**VILHELM ÞORSTEINSSON**
Aflaverðmæti Vilhelms Þorsteinssonar EA var á síðasta ári rúmir 5 milljarðar króna.

Samgönguráðherra:

# Hálkuvarnir auknar

**SAMGÖNGUR** Samgönguráðherra hefur ákveðið að auka vetrarþjónustu og hálkuvarnir á þjóðvegum landsins, að því er fram kemur á vef ráðuneytisins.

Bent er á að umferð á þjóðvegum landsins hafi aukist um fimmtung síðustu fimm ár. Árið 1999 óku landsmenn 1,67 milljarða kílómetra um vegina en í fyrra nam heildarakstur um 2 milljörðum kílómetra.

Sjósöfnun er sögð minna vandamál en áður með uppbyggingu vegakerfisins, en hálka hins vegar sögð vaxandi vandamál. Fyrirhugaðar breytingar eru sagðar fela í sér aukinn kostnað sem nemur um 10 prósentum, eða um 100 milljónum króna.

- óká

Atvinnumál í Mývatnssveit:

# Betra ástand en óttast var

**ATVINNA** Atvinnumál í Mývatnssveit eru enn í upplausn eftir að Kísiliðjunni var lokað í nóvemberlok sl. og um 40 manns misstu vinnuna. Mývetningar urðu aftur fyrir áfalli í desember sl. þegar áform norska fyrirtækisins Promeks um að reisa kísilduftverksmiðju urðu að engu en þrátt fyrir mikil áföll í atvinnumálum er ástandið ekki eins slæmt og óttast var.

Að sögn Sigbjörns Gunnarssonar, sveitarstjóra Skútustaðahrepps, munar þar mestu um gott atvinnuástand í nágrenni Mývatns. „Enn sem komið er hefur ekki brostið á almennur fólksflótti. Mývetningar hafa fengið vinnu utan heimabyggðar, einkum á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og á Austfjörðum. Það er hins vegar bráðabirgðalausn en heimamenn og stjórnvöld eru að vinna í að finna framtíðarlausnir,“ sagði Sigbjörn en að svo stöddu vill hann ekki upplýsa hverjar þær lausnir eru.

Sigbjörn segir að starfsmönnum Kísiliðjunnar hafi verið boðið að kaupa af Kísiliðjunni leiguhúsnæði sem starfsmennirnir bjuggu í og svo virðist sem margir ætli að nýta sér þann kost.

kk@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/MYND/FINNUR BALDURSSON

**KÍSILIÐJAN Í MÝVATNSSVEIT**
Kísiliðjunni var lokað í nóvemberlok og ekki varð af áformum norska fyrirtækisins Promeks um að reisa kísilduftverksmiðju í sveitinni.

Sjö mánaða fangelsi:

# Dæmdur fyrir smygl

**DÓMSMÁL** Þrítugur maður var í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdur í sjö mánaða fangelsi fyrir innflutning á rúmum 190 grömmum af hassi sem hann flutti til landsins í febrúar í fyrra. Fimm mánuðir af refsingunni eru skilorðsbundnir til þriggja ára.

Tollverðir á Keflavíkurflugvelli fundu hassið í farangri mannsins en hann kom með flugi frá Kaupmannahöfn. Hann játaði skýlaust að hafa gerst sekur um innflutninginn. Maðurinn á nokkurn sakaferil að baki.

- hrs




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is


Viktor Janúkovitsj:

# Kærunum vísað frá

**ÚKRAÍNA, AP** Hæstiréttur Úkraínu vísaði í gær frá fjórum kærum Viktors Janúkovitsj, fyrrum forsætisráðherra, þar sem hann krafðist þess að seinni umferð forsetakosninganna yrði dæmd ógild.

Talsmaður dómstólsins sagði að kærunum hefði verið vísað frá á grundvelli formgalla og að Janúkovitsj væri í lófa lagið að leggja fram nýjar kærur.

Andstæðingur Janúkovitsj, Viktor Júsjenkó, var lýstur sigurvegari eftir kosningarnar 26. desember. Til þeirra var boðað eftir að hæstiréttur ógilti kosningarnar 21. nóvember, þar sem Janúkovitsj var lýstur sigurvegari.

Útlit er því fyrir að deilur vegna forsetakosninganna í Úkraínu haldi áfram um sinn. ■

Eftirmál óveðurs:

# Mikill fjöldi án rafmagns

**SVÍÞJÓÐ, AP** Nærri helmingur Letta og um nokkur hundruð þúsund Norðurlandabúar bjuggu við rafmagnsleysi í gær í kjölfar óveðursins sem gekk yfir svæðið um helgina og kostaði ellefu manns lífið.

12.500 heimili voru enn án rafmagns í vesturhluta Danmerkur í gær. Ástandið var mun verra í Svíþjóð þar sem 219 þúsund heimili voru rafmagnslaus. Unnið var að því að koma rafmagni á aftur en talsmenn orkufyrirtækja sögðu að það tæki einhvern tíma.

Lettnesk börn mæta ekki í skóla fyrr en á morgun, skólunum var lokað vegna rafmagnsleysis. ■



**KÝR Í HRUNDU FJÓSI**
Óveðrið um helgina olli gríðarlegu tjóni. Enn er unnið að því víða að taka til eftir óveðrið.

## EVRÓPA

**RÁÐHERRA Á OFSAHRAÐA** Slóvakískur ráðherra þarf að greiða 170 þúsund króna í sekt fyrir að keyra allt of hratt á austurrískum þjóðvegi. Hann var stöðvaður á 235 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er hundrað kílómetrar.

**139 LÉTUST** Umferðarslys tóku drjúgan toll á Spáni yfir jól og áramót. Alls létust 139 manns en það er þó talsvert minna en næstu jól á undan þegar 195 létust í umferðarslysum.

## ÍRAK

**UPPREISNARMENN HANDTEKNIR** Írösk yfirvöld hafa handtekið 147 einstaklinga sem grunaðir eru um aðild að uppreisnarstarfsemi og undirróður. Tugir hinna handteknu voru vopnaðir en aðrir voru handteknir fyrir að dreifa áróðri.

360 gráður

**FBL GREINING**: KLÓRVERKSMIÐJA Í KÓPAVOGI

# *Óvelkominn nágranni enda baneitraður*

Klórverksmiðja Mjallar-Friggjar í Vestuvör í Kópavogi hefur valdið ugg á meðal íbúa á svæðinu. Bæjarráð Kópavogs mun í vikunni fjalla um beiðni fyrirtækisins um starfsleyfi til framleiðslu gassins en um lyktir málsins er ekki útséð.



### Er klórgas hættulegt?

Klórgas er eiturgas, um það er ekki deilt. Þannig var gasið notað í fyrri heimsstyrjöld sem efnavopn enda veldur það verulegum öndunarerfiðleikum sem að lokum geta dregið mann til dauða. Þegar rúmmál gassins í andrúmsloftsinu fer yfir 0,0001 prósent er það banvænt. Því er ekki að undra að slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sagði í umsögn sinni á sínum tíma um málið að slíkt gas væri „mjög hættulegt, ætandi og eitrað gas." Hins vegar er fnykurinn af gasinu slíkur að fólk verður þess vart löngu áður en magn þess fer yfir hættumörk.

### Er hættan af klórverksmiðju mikil?

Í áðurnefndri umsögn sinni bendir slökkviliðið á að slík verksmiðja eigi að vera „sem fjærst íbúðarhúsnæði, öðrum húsum og starfsemi," en íbúðabyggð er örskammt frá Vesturvör og skóli innan við kílómetra í burtu. Ef leki kemur að stóru klórgashylki er talið lífshættulegt að vera á svæði í 275 metra radíus frá lekanum en rýma þarf mun stærra svæði enda getur fólk í talsverðri fjarlægð orðið fyrir eitrun. Á hinn bóginn eru líkurnar á að slys geti átt sér stað taldar litlar.

### Réttur íbúanna?

Eðlilega eru íbúar á svæðinu uggandi yfir þessum nýja nágranna sínum enda eru áhrifin af eitruninni langt í frá skemmtileg. Þótt slysahættan sé lítil þá er hún vissulega til staðar. Hvað ásættanlegt er í þessum efnum er erfitt að segja en benda má á að hið opinbera kaupir hús á svæðum þar sem veruleg hætta er á snjóflóðum og öðrum hamförum. Klórverksmiðja hefur ekki jákvæð áhrif á fasteignaverð í hverfinu þannig að íbúarnir gætu beinlínis orðið fyrir fjárhagstjóni verði starfsleyfi veitt.

### Réttur fyrirtækisins?

Hins vegar er það réttmætt sjónarmið að fyrirtæki eiga að geta sinnt starfsemi án afskipta yfirvalda svo fremi sem hún er lögleg og sé ekki heilsuspillandi. Sýni forsvarsmenn Mjallar-Friggjar fram á að að hættan af verksmiðjunni sé hverfandi þá er ekki víst að bæjaryfirvöldum sé stætt á að synja fyrirtækinu starfsleyfis.

---

## SPURT OG SVARAÐ

**FRAMMISTAÐA DRENGJA Í SKÓLUM**



GUNNAR EINARSSON

## *Heili kynjanna er mismunandi*

Rannsóknir sýna að drengjum líður hvorki vel né ná þeir nógu góðum árangri í grunnskólanum. Gunnar Einarsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, segir að drengjamenning verði skoðuð á ráðstefnu í febrúar og þá verði farið sérstaklega í það hverjar ástæðurnar eru. Er það skólinn? Er það námsefnið? Er það einhver sérstök drengjamenning eða samblanda af þessu öllu? Við höfum m.a. fengið til okkar ástralska fræðimenn sem skoðuðu það fyrir áströlsku ríkisstjórnina hvers vegna drengir sýna ekki betri árangur til grunnskóla og hvers vegna afstaða þeirra til námsins er ekki jákvæðari en raun ber vitni.

**Og hver er ástæðan?**
Þetta er sambland margra þátta. Það hefur m.a. verið bent á það að heili drengja og stúlkna starfar á mismunandi hátt. Svo má velta fyrir sér hvort námsefni, skólagerðin og skólakerfið sé með þeim hætti að það stuðli ekki að vellíðan og árangri drengja í skólum. Það þarf líka að skoða samskipti kynjanna og stöðu stúlkna. Þó að stúlkur nái betri námsárangri en drengir þá er ekki víst að stúlkur séu ákveðnar og sjálfstæðar eftir grunnskólanám. Það má vera að skólakerfið og skólagerðin dragi úr möguleikum stúlkna til að ná góðum árangri atvinnulega, t.d. í viðskiptalífi. Þetta þarf að skoða líka.

**Hefur vanlíðan drengja aukist?**
Námsárangur drengja hefur versnað. Það má vera að drengjum hafi ekki liðið vel fyrir nokkrum áratugum, við bara vitum það ekki nógu vel.

---

# Leiðin til friðar er löng og ströng

**Með nýjum leiðtoga eygja menn von um að friðvænlegra verði fyrir botni Miðjarðarhafs. Þótt Palestínumenn hafi fikrað sig nær sjálfstæði á síðustu árum er enn talsvert í land. Lífið í þessu tvískipta ríki er enginn dans á rósum.**




Mahmoud Abbas hefur verið kjörinn forseti palestínsku heimastjórnarinnar. Palestína er ekki sjálfstætt ríki en hefur lengst af verið bitbein annarra þjóða. Stríðsástand hefur ríkt í Palestínu síðustu ár en vonir manna standa til að nýr leiðtogi geti greitt fyrir langþráðum friði.

Þótt aðeins séu fáein ár síðan Palestína öðlaðist einhvers konar þjóðréttarlega stöðu er landið ævafornt. Íbúar landsins lutu ýmsum valdhöfum allt fram á síðustu öld þegar Bretar stýrðu svæðinu að lokinni fyrri heimsstyrjöld. Gyðingar áunnu sér samúð um allan heim eftir helförina í síðari heimsstyrjöldinni og því ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að leggja blessun sína yfir stofnun Ísraelsríkis fyrir botni Miðjarðarhafs. Það varð að veruleika árið 1948. Landnám gyðinga hafði þó hafist mun fyrr þannig að þegar hér var komið sögu taldist drjúgur hluti íbúa svæðisins til gyðinga. Strax í kjölfarið hófst skammvinnt stríð Ísraels við nágrannaríki sín sem lyktaði með því að gyðingar fengu enn stærri hluta landsins í sinn hlut en þeir höfðu haft og tugþúsundir Palestínumanna lentu á vergangi. Árið 1967 kom til svonefnds sex daga stríðs á milli Ísraela og arabalandanna og hertóku þeir fyrrnefndu meðal annars Gazaströndina og Vesturbakkann í þeim átökum.

Allar götur frá stofnun ríkisins hafa Gyðingar og Palestínumenn eldað grátt silfur. Árið 1993 brá þó svo við að deilendurnir ákváðu að slíðra sverðin og setjast að samningaborðinu. Ári síðar var Óslóarsamkomulagið svokallaða samþykkt. Það markaði ákveðin straumhvörf því þar mátti greina fyrsta vísinn að stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna. Í samkomulaginu fólst að Palestínumenn skyldu hafa forræði yfir eigin málum og fengju heimastjórn ekki seinna en að fimm árum liðnum. Tveimur árum seinna, 1996, fengu Palestínumenn sitt eigið löggjafarþing og fyrstu þingkosningarnar voru haldnar. Það ár var Arafat kjörinn forseti palestínsku heimastjórnarinnar. Það skipti ekki síst máli í þessu ferli að á þessum tíma sýndu Bandaríkjamenn aukinn áhuga á að leiða deiluna farsællega til lykta. Sælan var þó skammvinn því með uppgangi harðlínuafla í ísraelskum stjórnmálum var ljóst að friðurinn yrði senn úti. Landnám gyðinga á herteknu svæðunum færðist mjög í aukana og nú eru hundruð landnemabyggða á Vesturbakkanum og nokkrir tugir á Gazaströndinni. Landnámið er að vonum mikill þyrnir í augum Palestínumanna og er ásamt rétti flóttamanna til að snúa aftur til síns heima helsti ásteytingarsteinninn.

Árið 2001 skarst enn í alvarlega brýnu á milli Palestínumanna og Ísraela og síðan þá hefur verið róstusamt fyrir botni Miðjarðarhafs. Alþjóðasamfélagið hefur af veikum mætti reynt að koma á friði til frambúðar. Árið 2003 fékk svonefndur kvartett, það eru Bandaríkin, Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og Rússland, deilendur til að samþykkja svonefndan vegvísi til friðar, en lokatakmark hans er stofnun sjálfstæðs og fullvalda ríkis Palestínumanna. Erfiðlega hefur gengið að fylgja vegvísinum eftir; tortryggni ríkir á báða bóga og ofbeldisverk beggja aðila og aðskilnaðarmúr Ísraela eru þrándur í götu. Vonir standa þó til að nýkjörin ríkisstjórn Palestínumanna fái svigrúm til að koma á stöðugleika og fylgja vegvísinum enda er almenningur bæði í Ísrael og Palestínu orðinn langþreyttur á ófriðnum.

Sjálfstjórnarsvæði Palestínumanna skiptist í meginatriðum í Vesturbakkann og Gazaströndina. Íbúar Vesturbakkans eru rúmar 2,3 milljónir en 1,3 milljónir búa á Gaza. Tæpur helmingur þessa fólks býr í flóttamannabúðum. Stærstu borgirnar á Vesturbakkanum eru Hebron og Nablus, hvor um sig með um 140 þúsund íbúa, en Betlehem og Jerikó eru talsvert minni. Palestínumenn búa flestir við þröngan kost. Ríflega helmingur þeirra er atvinnulaus og sextíu prósent lifa undir fátæktarmörkum. Þeir sem á annað borð hafa eitthvað að starfa fást við léttan iðnað eða landbúnað en hvorugt gefur mikið af sér enda er hagvöxtur neikvæður um tuttugu prósent í landinu.

bergsteinn@frettabladid.is
sveinng@frettabladid.is




Jazzballett Freestyle

**Skemmtilegu jazzballett og freestyle námskeiðin okkar hafa aldrei verið vinsælli.**

**Nú skráum við í:**

- **5-7 ára**
- **8-10 ára**
- **11-13 ára**
- **14-16 ára**
- **17 ára og eldri**

*Leið 4 stoppar stutt frá

Dansstúdíó Sólveigar
Dugguvogi 12
*- dansandi í 10 ár*

**Innritun í síma 553-0786 eftir kl. 14.00**

Uppboð á eBay:

# Auglýsingar á ennið

**NETIÐ** Allt er falt ef rétt verð er í boði. Andrew nokkur Fisher frá Omaha í Nebraska, Bandaríkjunum, býður nú auglýsendum ennið á sér til sölu á uppboðsvefnum eBay. Fyrir rétt verð geta framleiðendur eða seljendur vöru og þjónustu fengið að setja vörumerki sitt á ennið á honum í heilan mánuð í formi gervihúðflúrs. Fisher sagði í samtali við BBC einu gilda hvert vörumerkið sé nema að hakakrossinn og talan 666, merki dýrsins í Opinberunarbók Jóhannesar, koma ekki til greina.

Viðtökurnar hafa ekki látið á sér standa, þegar hafa 39 tilboð borist og það hæsta er upp á ríflega tuttugu þúsund krónur. Aðrir eru þegar farnir að fylgja í fótspor Fishers. Á eBay.com má nú sjá auglýsingu frá manni sem býður hvaða líkamshluta sem er fyrir varanlega húðflúrun á vörumerki. Hann verðleggur húð sína hins vegar örlítið hærra, plássið undir auglýsinguna kostar 31 milljón króna. Dýr myndi Hafliði allur.

- shg




**AUGLÝSINGAENNI**
Einhvern veginn svona gæti auglýsing sem prentuð er á enni litið út.

Neyðaraðstoð:

# Huga þarf að þörfum kvenna

**HAMFARIR** Stærsta neyðaraðstoð sögunnar er nú í fullum gangi eftir hamfaraflóðin miklu við Indlandshaf. UNIFEM ítrekar nauðsyn þess að ekki verði litið fram hjá konum í neyðar- og uppbyggingarstörfum.

Að sögn Birnu Þórarinsdóttur, framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi, er full ástæða til að huga sérstaklega að konum í því starfi sem nú stendur yfir. „Konur búa við óöryggi á hamfarasvæðunum, það er ekki hægt að tryggja öryggi þeirra. Að þessu þarf að huga því þekkt er að ráðist er á konur og þær þvingaðar til kynlífsathafna í skiptum fyrir neyðaraðstoð í flóttamannabúðum. Einnig er það einfaldlega staðreynd að konur hafa á þessum svæðum haldið uppi samfélögum sínum og þess vegna hafa þær bæði þekkingu og getu til að byggja upp samfélagið að nýju, félagslega, efnahagslega og tilfinningalega.“ Í yfirlýsingu Noeleen Heyzer, framkvæmdastjóra UNIFEM, frá því fyrir helgi kemur fram að 70 prósent af íbúum Aceh-héraðs á Súmötru séu konur og þær gegna lykilhlutverki í sínum samfélögum.

Birna segir að UNIFEM sé þessa dagana að knýja á um að ríkisstjórnir og hjálparsamtök starfi með kvennahreyfingum á hamfarasvæðunum, það sé einfaldlega beggja hagur.

Hvað sjálfa neyðaraðstoðina varðar segir Birna að Mannfjöldastofnun Sameinuðu þjóðanna sé um þessar mundir að safna fé til að mæta sérstaklega heilbrigðis- og hreinlætisþörfum kvenna á flóðasvæðunum, til dæmis með útdeilingu dömubinda. Þessir einföldu hlutir vilja því miður oft gleymast.

- shg




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BIRNA EINARSDÓTTIR**
„Tryggja þarf að konur geti átt börn í öruggu og heilnæmu umhverfi.“










**Heimsferðir kynna nýjasta og glæsilegasta gististaðinn á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.**

18. maí
**Kr. 26.900**
Flugsæti með sköttum, m.v. hjón með 2 börn, netverð.

25. maí
**Kr. 39.780**
M.v. hjón með 3 börn, Castle Beach, vikuferð með sköttum, netverð.

22. júní
**Kr. 58.790**
M.v. 2 í stúdíó, Castle Beach, vikuferð með sköttum, netverð.

- 10.000 kr. afsláttur af fyrstu 300 sætunum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti.
- Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 1. febrúar 2005 eða meðan afsláttarsæti eru laus.

**www.heimsferdir.is**

Heimsferðir kynna nú nýjasta og glæsilegasta íbúðarhótelið á Costa del Sol, Castle Beach, og betri aðstöðu fyrir farþega sína en nokkru sinni fyrr. Þeir fyrstu sem bóka tryggja sér sérstakan 10.000 króna kynningarafslátt á þetta glæsilega hótel. Frábær aðstaða fyrir ferðamanninn, einstakt loftslag og ótrúlegt úrval veitinga- og skemmtistaða í hærri klassa en þú finnur annars staðar.

Castle Beach er glæsilegt íbúðahótel með stórum og vel útbúnum íbúðum og einstakri aðstöðu. Íbúðirnar eru ýmist stúdíó eða með einu eða tveimur svefnherbergjum og rúma allt að sjö manns.

**Fyrstu 300 sætin**
**60.000 kr.**
**afsláttur fyrir fjölskylduna ef þú bókar núna.**
**Bókaðu fyrir 1. febrúar og tryggðu þér lægsta verðið á Íslandi.**
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.

## Costa del Sol –
### Vinsælasti sólarstaður Evrópu

Costa del Sol er tvímælalaust vinsælasti áfangastaður Íslendinga á sólarströndum, enda býður enginn annar áfangastaður á Spáni jafn glæsilegt úrval gististaða, veitingastaða og skemmtunar. Örstutt er að skreppa yfir til Afríku og Gíbraltar og töfrar Andalúsíu heilla alla þá sem henni kynnast en þar ertu í hjarta fegursta hluta Spánar í seilingarfjarlægð frá Granada, Sevilla og Cordoba, Jerez, Ronda og Cadiz. Í Andalúsíu er flamenkótónlistin upprunnin, spænska matargerðin, nautaatið og byggingarlistin. Þar finnur þú hvítu þorpin, fegurstu strendur Spánar, frægustu golfvelli Evrópu, klaustur, hallir og kastala.

**Opnunartilboð á Castle Beach**
fyrstu **300** farþegarnir
**10.000 kr.**
**afsláttur**
**Veldu bestu gistinguna og fáðu mesta afsláttinn.**
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.
















# Forsala á nýjasta og glæsilegasta gististaðinn á Costa del Sol

**Sérstakur einkasamningur Heimsferða**

## Castle Beach

### Glæsileg aðstaða

- Loftkæling
- Sjónvarp
- Sími
- Glæsilegar íbúðir með allt að tveimur svefnherbergjum
- Glæsilegur garður
- 800 m² líkamsræktaraðstaða
- Sauna
- Heitir pottar
- Barnaleiksalur
- Barnaleikvöllur
- Barnagæsla
- Veitingastaðir
- Skemmtidagskrá
- Íþróttadagskrá
- Íþróttaaðstaða
- Stórar verslunarmiðstöðvar við hliðina á hótelinu
- og fleira og fleira ...

### Glæsileg aðstaða fyrir börnin

Vel útbúinn leiksalur er fyrir börnin. Í garðinum er sundlaug, stór barnalaug og leikvöllur með leiktækjum fyrir börn. Skemmtidagskrá. Barnagæsla.





Timor Sol



Aparthotel Bajondillo



Principito Sol

### Aðrir gististaðir Heimsferða á Costa del Sol

**Bílaleigubíll frá 1.700 kr. á dag**

Bókaðu lægsta bílaleiguverðið á www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Þjóðin er andvíg vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í Íraksmálinu.

## Barnaleg viðbrögð við Gallup-könnun

Niðurstaða skoðanakönnunar Gallups um afstöðu Íslendinga til Íraksmálsins getur naumast verið afdráttarlausari. Um 84% landsmanna vilja ekki að Ísland sé á lista „hinna staðföstu þjóða“ sem studdu innrás Bandaríkjamanna í Írak vorið 2003. Þetta kemur ekki á óvart. Allar kannanir fram að þessu, svo og opinber umræða, hafa sýnt að þjóðin er andvíg þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, eða réttara sagt tveggja ráðherra í hennar nafni.

Viðbrögð einstakra ráðherra í ríkisstjórninni við könnuninni hafa verið barnaleg. Davíð Oddsson utanríkisráðherra talar nánast eins og þjóðin sé svo heimsk að hún skilji ekki spurninguna sem Gallup spurði og svörin séu því marklaus. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra deilir á Gallup fyrir að voga sér að bera spurninguna fram og ýjar að því að réttast sé að klaga Gallup á Íslandi fyrir móðurfyrirtækinu í Bandaríkjunum.

Það er annar handleggur að spurningin um hvort Íslendingar eigi að vera á listanum eða ekki er fráleitt brýnasta úrlausnarefnið í málefnum Íraks um þessar mundir. Mikilvægast er að alþjóðasamfélagið, þar á meðal Íslendingar, finni leiðir til að koma á friði og lýðræði í Írak. Hitt er rangt að listinn sé eingöngu sögulegt fyrirbæri sem enga þýðingu hafi lengur. Greinilegt er að hann hefur bæði pólitískt og tilfinningalegt vægi í augum þjóðarinnar. Og jafnvel þótt listinn væri eingöngu sögulegt gagn skiptir máli hvernig hann varð til og hvernig það gerðist að nafn Íslands var sett á hann. Við því hafa engar viðhlítandi skýringar fengist og yfirlýsingar ráðherra og fulltrúa þeirra verið misvísandi. Það mál þarf að upplýsa.

Það er rangt hjá utanríkisráðherra að sambærilegar umræður og fram fara hér á landi um Íraksmálið eigi sér hvergi stað. Vel má vera að utanríkisráðherra fylgist lítt með alþjóðlegum fjölmiðlum en það gera þúsundir Íslendinga og vita því betur. Ekki þarf annað en að fara í leitarvélar í heimilistölvunni til að sjá að um allan heim fer fram umræða um Íraksstríðið og þar á meðal um tilurð og eðli „lista hinna staðföstu þjóða“. Og ekki er lengra síðan en í haust að stjórnvöld í einu ríkjanna sem var á listanum, Kosta Ríka, fóru þess formlega á leit við Hvíta húsið að nafn landsins yrði tekið af listanum. Hvergi hefur sést að ráðamönnum þar eða landsmönnum sé brigslað um vanþekkingu eða heimsku í því sambandi. Slíkt tal virðist bara tíðkast í þröngum hópi önugra stjórnmálamanna á Íslandi.

Þegar 84% Íslendinga segjast ekki vilja vera á lista hinna staðföstu þjóða eru þeir að mótmæla því að ráðist skyldi inn í Írak í óþökk Sameinuðu þjóðanna og án heimildar í alþjóðalögum. Þeir telja að ríkisstjórnin hafi ekki haft heimild til að nota nafn Íslands til að hjálpa til við að réttlæta innrásina. Þetta er augljóslega óþægileg niðurstaða fyrir þá menn sem ábyrgðina bera en þetta er veruleiki og undan honum geta þeir ekki vikið sér. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Með eigin vefsíðu



Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslyndra, hefur opnað heimasíðu á netinu á slóðinni althingi.is/magnush. Áður hefur hann vakið umtal fyrir skrif á spjallvefinn malefnin.com. „Enginn vafi leikur á því að internetið á eftir að skipta miklu máli sem vettvangur fyrir tjáningarfrelsið,“ segir Magnús í fyrsta pistlinum. Hann vitnar í grein undirritaðs á Vísi „Hefði Jón forseti bloggað?“ þar sem segir: „Þjóðfélagslega bloggið hefur áhrif. Hér á landi sem úti í heimi. Það er engin spurning. Jón Sigurðsson forseti hefði strax kveikt á því. Þegar fram líða stundir er hætt við því að stjórnmálaflokkar, hreyfingar og einstaklingar, sem ekki átta sig á þessu, dæmi sig úr leik, missi af lestinni“. Magnús tekur undir þetta og segir: „Ég er allavega mættur um borð í lestina og bruna nú af stað“.

### Úthald

Svo er spurning hvert úthald Magnúsar verður á netinu. Á vefsíðu Alþingis eru 25 þingmenn skráðir með heimasíðu. Magnús Þór er ekki þar á meðal. Athugun sem gerð var í gær leiddi í ljós að níu þingmenn hafa uppfært síðu sína á þessu ári, þar á meðal tveir ráðherrar, en 7 létu síðast til sín heyra í desember. Fimm þingmannanna birtu eitthvert efni í fyrra, en skussarnir í hópnum eru Lúðvík Bergvinsson, sem ekkert hefur skrifað á síðu sína frá því í október 2002, og Rannveig Guðmundsdóttir, sem uppfærði síðast í desember 2002. Fast á hæla þeirra kemur Bryndís Hlöðversdóttir, sem virðist ekki hafa munað eftir sinni síðu síðan vorið 2003. Ein heimasíða sem skráð er á vef Alþingis er horfin, síða Guðmundar Hallvarðssonar. Svo er það spurningin hvenær hinir 37 þingmennirnir sem ekki eru skráðir fyrir neinni heimasíðu uppgötva tilvist netsins. Kannski þeim hafi gefist tóm til að íhuga málið í fjörutíu daga jólaleyfi sínu.

gm@frettabladid.is

## Er til einhvers að flokka heimilissorp?

Í DAG
SORP OG SAMFÉLAG



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Við búum í miklu umbúðasamfélagi. Inn á heimili okkar berast umbúðir í ótrúlegu magni og það er merkilegt að skoða hvað framleiðendur ýmissa vöruflokka virðast telja nauðsynlegt og/eða gagnlegt að pakka vörunni sinni oft inn. Flest af þessu fer beint í ruslið á íslenskum heimilum, sorpflokkun er í lágmarki enda tímafrek og óaðgengileg.

Það eru ekki mörg ár síðan haft var á orði að lengi tæki sjórinn við. Nú heyrist þetta varla lengur enda vitum við betur. Sjórinn er hættur að taka við, mengun af mannanna völdum ógnar öllu lífi á jörðinni. Það gengur samt býsna hægt að bregðast við og á íslenskum heimilum eru líklega minni líkur en meiri á sorpflokkun að nokkru gagni. Enn ganga sumir um í þeirri trú að sorpflokkun sé ekki til neins, þetta fari hvort sem er allt í eina hrúgu eða eina gryfju í lokin. Það sé til lítils að setja fernur í einn gám og dagblöð í annan því þetta endi allt í einni kös og hugmyndir um annað séu blekking. Það virðist því þurfa átak í að mennta þjóðina í sorpflokkun. Upplýsa þarf stóran hluta þjóðarinnar um hvað verður um sorpið, hvernig dagblöð og fernur fara t.d. til Svíþjóðar til endurvinnslu og koma til okkar aftur sem umbúðir utan um aðra vöru og ef við flokkum þær umbúðir geta þær farið annan hring og þannig áfram.

Við sjáum hins vegar ekki gagnsemi flokkunar frá degi til dags. Ekkert í okkar daglega lífi hér uppi á Íslandi minnir okkur á mikilvægi þess að draga úr mengun af öllu tagi.

Ótrúlega margir flokka ekki einu sinni fernur utan af drykkjarvörum þótt það sé reyndar afar einfaldur gjörningur. Víða eru sérstakir gámar sem taka annars vegar við dagblöðum og hins vegar við drykkjarfernum. Þó verður að viðurkennast að það er leiðinlegt og tímafrekt að ganga um þá. Það þarf ákveðið lag til að koma fernunum ofan í gámana og er ekki aðlaðandi verkefni um hávetur í frosti og kulda. Barnafólk segir þetta allt of tímafrekt og flókið ferli. Börnin bíða í bílnum, þreytt og úrill eftir of langan vinnudag á sínum vinnustað; leikskóla eða grunnskóla, og vilja bara komast heim.

> Enn gengur fólk um í þeirri trú að sorpflokkun sé ekki til neins, þetta fari hvort sem er allt í eina hrúgu eða eina gryfju í lokin.

Sama gildir um flöskur og dósir. Þær þarf að fara með á næsta sorpflokkunarstað og jafnvel lenda þar í biðröð í allt að hálftíma eða lengur. Barnafólk segir þetta of erfitt og tímafrekt ferli og þótt gjald fáist fyrir hverja flösku og dós er það of lágt til að fólk vilji leggja á sig vinnuna sem felst í að koma þessu á sinn stað. Þar að auki hafa ekki allir aðstöðu til að safna flöskum og dósum í einhvern tíma heima, það þýðir að fara þarf mun oftar á endurvinnslustöðina og útkoman er sú að þetta er ekki á sig leggjandi. Reyndar létta ýmsar íþróttadeildir verulega undir með heimilum því ungmenni ganga milli heimila og safna saman dósum og flöskum í fjáröflunarskyni, sem er auðvitað ágætt.

En hvað er til ráða? Ljóst er að við hegðum okkur, mörg hver, af algjöru ábyrgðarleysi þegar kemur að meðferð og flokkun heimilissorps. Þar hlýtur að þurfa að koma til stóraukin fræðsla og hreinn og beinn áróður til að vekja fólk til umhugsunar og aðgerða. Það þarf viðhorfsbreytingu og nýjar fréttir af sorpflokkun í Melaskóla voru góðar fréttir. Þar er markvisst unnið að því að gera börnin meðvituð um meðferð sorpsins. En það hlýtur líka að þurfa að koma til aukið aðgengi og þægilegri aðferðir við flokkun.

Grænar tunnur á vegum Reykjavíkurborgar eru gott skref í rétta átt og vonandi stíga fleiri sveitarfélög svipuð skref. Víða er reyndar verið að gera ágæta hluti hérlendis í þessum málaflokki en betur má ef duga skal. Allt of dýrt segja sumir. Það er skammtímasjónarmið. Það er allt of dýrt til lengri tíma litið að skera ekki upp herör í umhverfismálum. Við höfum ekki lengur efni á að láta eins og sjórinn taki endalaust við. ■

Brother MFC-410CN: Litaprentari, litaljósritun, litaskönnun, litafax, myndkortalesari og netkort




FJÖLNOTATÆKI

Skrifstofumarkaður:
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verslanir Pennans:
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Penninn
www.penninn.is




SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.03 | 13.36 | 16.09 |
| Akureyri | 11.10 | 13.20 | 15.31 |

Heimild: Almanak Háskólans


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


## nám o.fl.

Rýnt í texta Megasar

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

**Góðan dag!**
Í dag er þriðjudagurinn 11. janúar 11. dagur ársins 2005.

### KRÍLIN





**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar & fjöldi**

**Atvinna** 27 stk.
**Bílar & farartæki** 119 stk.
**Heilsa** 9 stk.
**Heimilið** 14 stk.
**Húsnæði** 24 stk.
**Keypt & selt** 17 stk.
**Skólar & námskeið** 6 stk.
**Tilkynningar** 4 stk.
**Tómstundir & ferðir** 3 stk.
**Þjónusta** 31 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Björn Bragi býr sig undir stúdentspróf í vor af alþjóðabraut í Versló og vinnur að lokaverkefni um viðskipti Íslands og Búlgaríu.**

# Einbeitir sér að náminu í vetur

***Verslunarskólaneminn Björn Bragi Arnarson vakti athygli í fyrravetur er hann var kjörinn „Ræðumaður Íslands“ eftir sigur í Morfís og var einnig í sigurliðinu í Gettu betur. Nú er hann á lokaönn í skólanum.***

Björn Bragi stefnir að stúdentsprófi frá Versló í vor og kveðst ætla að taka því rólega í félagslífinu í ár. „Ég fékk minn skammt í fyrra,“ segir hann og spurður hvort það hafi komið niður á náminu svarar hann: „Það kom dálítið niður á mætingunni og ég gat ekki lært mikið á tímabili en náði því upp með vorinu,“ segir hann. Samt kveðst hann fylgjast vel með Gettu betur og að sjálfsögðu styðja sitt fólk – en bara sem áhorfandi þetta árið.

Björn Bragi er á alþjóðabraut í Verslunarskólanum og er að hefja undirbúning að lokaverkefni. „Við tökum eitt land fyrir og fjöllum um viðskipti Íslands við það. Ég valdi Búlgaríu og er að byrja að setja mig inn í ýmis mál sem tengjast því. Það er mjög áhugavert. Hver veit nema ég drífi mig þangað í framhaldinu.“

Þó svo að Björn Bragi búist síður við að fara í viðskiptatengt nám þegar hann snýr sér að háskóla er hann ánægður með val á framhaldsskóla. „Mér leist best á Versló þegar ég var að kynna mér skólana svo ég skellti mér í hann og sé ekki eftir því. Aðstaðan er svo góð hérna, kennararnir fínir og svo hefur maður eignast frábæra vini. Þetta fer allt mjög vel í mig!“ segir hann brosandi og þvertekur fyrir að hafa valið kólann til að komast inn í söngleikina enda hafi hann aldrei tekið þátt í þeim.

Þegar farið er að ræða um myndatöku vegna viðtalsins kemur í ljós að Björn Bragi er að fara í aðra myndatöku nánast á sama tíma. Sú er vegna lagakeppni sem verður í skólanum eftir tvær vikur. „Já, ég laumaði inn einu lagi,“ segir hann rólega. Keppnisskapið er greinilega enn til staðar.

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í námi*

**Námskeið um vesturferðir** Íslendinga hefst á vegum Þjóðræknisfélagsins 1. febrúar og í tengslum við það er Vesturfarasetrið á Hofsósi heimsótt. Námskeiðið er góður undirbúningur fyrir ferðir á vegum félagsins til Vesturheims en þrjár slíkar eru á dagskrá í sumar. Námskeiðið stendur í átta vikur og er á þriðjudagskvöldum klukkan 19.30-21.30 í Gerðubergi í Reykjavík og kostar kr.10.000. Nánari upplýsingar um ferðirnar og námskeiðið eru á vefsíðunni inl.is, hjá Jónasi Þór í síma 554 1680 og í tölvupósti jtor@mmedia.is.

**Framkomunámskeið** með Eddu Björgvins leikkonu er meðal þess sem Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands býður upp á á vorönn í samvinnu við Verslunarmannafélag Reykjavíkur. Það er ætlað þeim sem vilja losna við feimni og koma fram af öryggi fyrir framan hóp af fólki. Farið er meðal annars í framkomu, tjáningu og samspil ræðumanns og umhverfis. Þetta er níu kennslustunda námskeið sem hefst 10. febrúar og kostar 20.500. Námskrá Endurmenntunar er á netinu: www.endurmenntun.is og er hægt að skrá sig þar og í síma 525 4444.



**Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti** eru 130 áfangar í boði í kvöldskólanum. Þar eru kenndar allar grunngreinar framhaldsskóla og einnig eru þar áfangar fyrir sjúkraliða, í rafvirkjun og listum. Í kvöldskólanum eru að jafnaði 7-800 nemendur á öllum aldri, sumir eru að koma aftur til náms eftir hlé en aðrir að flýta fyrir sér í dagskólanum. Kennslan er útfærð eins og í dagskólanum nema hvað farið er hraðar yfir námsefnið í kvöldskólanum þannig að pressan er ívið meiri. Áföngunum lýkur með prófum og verkefnaskilum. Hægt er að skrá sig á netinu á síðunni www.fb.is



**Skráning í fjarnám** í Fjölbrautaskólanum í Ármúla stendur yfir þessa dagana og lýkur 17. janúar. Fjarnám í FÁ hófst haustið 2001 en þá voru 49 nemendur skráðir. Á haustönn 2004 voru 1.113 nemendur skráðir og aðsókn var svo mikil að hafna þurfti um 200 manns. Nú á vorönn 2005 stefnir í metaðsókn. Alls eru nú í boði 126 áfangar á framhaldsskólastigi í fjarnáminu. Námskröfur eru þær sömu og í dagskóla, sömu kennarar, kennslubækur, verkefni og sambærileg próf. Kennsla fer fram í gegnum WebCT, sem er kennsluumhverfi á netinu. Kennsla hefst 24. janúar og próf fara fram í maí. Nú þegar hefur Fjölbrautaskólinn við Ármúla útskrifað nokkra nemendur sem eingöngu hafa stundað fjarnám við skólann.

*nam@frettabladid.is*


sófar • skápar • stólar • borð • sófasett • gjafavara • bókahillur •

Bycast leðursófi • *20% afsláttur*



2ja sæta áður kr. 98.200.- stgr
**nú kr. 78.600.- stgr**

3ja sæta áður kr. 107.400.- stgr
**nú kr. 85.900.- stgr**

**útsala**
**á völdum vörum**
**15-50%**
**afsláttur**

Borðstofustóll áður kr. 11.400.- stgr
**nú kr. 7.980.- stgr**

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



**Borðstofustóll 30% afsláttur**

**Lesaðstaða**
Góð lesaðstaða skiptir máli og að þú getir notað hana þegar þér hentar. Settu niður fastan tíma á lesaðstöðuna ef þú deilir henni með öðrum og gakktu vel um svo hún sé hrein þegar þú kemur að henni. Sjáðu til þess að verða ekki fyrir truflun og slökktu á símanum.






**Námskeið til pungaprófs/ 30 rúml. skipstjórnarréttinda,**
12. jan.– 21.mars. Kennsla Austurbugt 3
mánudags- og miðvikudagskvöld kl 19-23.
**Hafsiglinganámskeið (Yachtmaster Offshore)**
**Úthafssiglinganámskeið (Yachtmaster Ocean)**
Sími 898 0599 og 588 3092
Netfang. sigling@mmedia.is
Heimasíða: www.siglingaskolinn.net
Siglingaskólinn



allt - sem þig vantar
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ




## Höfum heilsusamleg áhrif á ungdóminn

**Opinn fræðslufundur í Kennaraháskólanum í kvöld.**

Hvernig við hjálpum börnum að tileinka sér hollan lífsstíl verður umræðuefni foreldrakvölds Kennaraháskóla Íslands í kvöld, þriðjudag 11. janúar kl. 20. Þar mun Brynhildur Briem, lektor í matvæla – og næringarfræði, segja frá rannsókn á lífsstíl barna sem hún hefur tekið þátt í og Jórlaug Heimisdóttir, verkefnastjóri hjá Lýðheilsustöð, kynna nýtt þróunarverkefni – Allt hefur áhrif, einkum við sjálf – sem Lýðheilsustöð er að hefja í samvinnu við sveitarfélög í landinu. Auk þess verður rætt vítt og breitt um þá þætti sem hafa áhrif á heilsu fólks og samstarf foreldra og kennara í því verkefni að bæta lífshætti íslenskra ungmenna og auka heilbrigði þeirra. Þetta er fyrsta fræðslukvöld KHÍ á þessu ári en þau verða haldin annan þriðjudag í hverjum mánuði fram á vorið með áhugaverði dagskrá og eru öllum opin.



Námskeið um texta Megasar verður haldið hjá Endurmenntun HÍ í lok janúar.

# Rýnt í texta Megasar

*Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á námskeið nú í lok janúar sem kallast Megas Fram og aftur blindgötuna.*

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, blaðamaður og bókmenntafræðingur, mun kenna námskeiðið Megas Fram og aftur blindgötuna hjá Endurmenntun HÍ og hefst það 26. janúar. Þess var farið á leit við Þórunni að kenna námskeiðið en hún hefur ætíð haft gríðarlegan áhuga á textum Megasar. „Þó hann skipi þennan sess í okkar menningarlífi sem hann gerir hafa textarnir gjarnan orðið útundan í umræðunni um Megas, en það eru fyrst og fremst þeir sem hafa gert hann frægan," segir Þórunn, sem valdi námskeiðinu heiti sem er titill á einni af plötum Megasar, Fram og aftur blindgötuna. „Mér finnst þessi titill fanga kjarnann í höfundarverki Megasar en hann fjallar svo fallega um allar þessar blindgötur sem við röltum," segir Þórunn.

Þetta er í fyrsta sinn sem námskeið af þessu tagi er haldið, þar sem rýnt verður í texta Megasar og fjallað verður um höfundarverk hans frá ýmsum hliðum en einnig um ævi hans og áhrifavalda. Viðtökur við verkum hans fyrr og nú og stöðu hans í íslenskri samtímamenningu eru meðal þess efnis sem tekið verður á en námskeiðið er gagnvirkt þar sem áhugi þátttakenda ræður að einhverju leyti hvaða texti og efnisþættir verða teknir fyrir.

Megináhersla verður þó lögð á textarýni út frá ákveðnum þáttum eða þemum sem birtast ítrekað í verkum Megasar. Sem dæmi má nefna afhelgun og ádeilu, ást, reiði, húmor, vísanir, heilræði, lyfjafræði og Reykjavík. ■


VIÐURKENND ÞEKKING VEGUR ÞUNGT Í FERILSKRÁNNI!



Microsoft CERTIFIED
Microsoft CERTIFIED

ntv.is




„Unglingarnir hafa komið til okkar og beðið um framhaldsnámskeið, sem segir ansi margt," segir Jórunn Magnúsdóttir forstöðukona Foreldrahúss.

# Að standa með sjálfum sér

***Forvarnanámskeið á vegum Foreldrahúss.***

Í Foreldrahúsi sem rekið er af Vímulausri æsku eru haldin sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglinga. „Annars vegar er þetta námskeiðið Sjálfstyrking unglinga fyrir 13 til 17 ára og hins vegar Börnin okkar fyrir 10 til 12 ára," segir Jórunn Magnúsdóttir, forstöðukona Foreldrahúss. Í lýsingu á námskeiðunum segir meðal annars að unglingum sé kennd víðsýni og skilningur á samfélaginu. Mikilvægt sé að vera fær um að setja sig í spor annarra án þess að dæma, og að átta sig á hvað liggi að baki hegðun annarra hverju sinni og auðveldi viðkomandi að átta sig betur á skilaboðum frá umhverfinu.

„Þetta er forvarnanámskeið þar sem við kennum þeim að efla sjálfstraust og félagslega færni, auk þess sem þeim er kennt að standa fast á nei-inu sínu og standa með sjálfum sér. Gott sjálfstraust og trú á eigin getu eru nauðsynlegir kostir til að varast óæskileg áhrif frá umhverfinu," segir Jórunn en bætir við að engin tvö námskeið séu eins því það sé sniðið að hópnum hverju sinni og sé það í höndum leiðbeinandans hvernig því sé háttað.

„Mikilvægt er að ná til unga fólksins því nokkrum árum seinna getur það verið um seinan," segir Jórunn og bætir við að ekki sé tekið á móti börnum í þennan hóp sem þegar eru komin í neyslu. Foreldra segir hún hafa lýst ánægju með þessi námskeið en það segi enn meira að unglingarnir sjálfir séu ánægðir. „Unglingarnir hafa komið til okkar og beðið um framhaldsnámskeið, sem segir ansi margt," segir Jórunn.

kristineva@frettabladid.is

# Vanda skal tekjuáætlunina

***Í byrjun árs huga margir að heimilisbókhaldinu. Framfærsla margra námsmanna byggir að mestu leyti á námslánum og því getur vel skipulagt bókhald skipt sköpum til að ná endum saman.***

„Þegar sótt er um námslán verður að vanda tekjuáætlunina eins og hægt er. Helsta ástæða þess að mismunur er á milli lánsins sem greitt er út og áætlunarinnar í upphafi skólaannar er sá að tekjur eru vanáætlaðar og því er lánið skert. Það er því nauðsynlegt að setja allar mögulegar tekjur inn í áætlunina svo útgreitt lán í lok annar nái að greiða yfirdráttinn upp að fullu,“ segir Kristín Valtýsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Landsbanka Íslands.

„Ef einhverjar umframtekjur eru eftir í lok sumars er skynsamlegast að nota þær til framfærslu fram eftir skólaönninni og fresta töku yfirdráttarláns í nokkra mánuði. Þannig sparast greiðslur vegna vaxta af yfirdrætti og hægt er að ávaxta peningana sem LÍN greiðir,“. segir Kristín og jafnframt að ef til þess komi að fólk þurfi að taka yfirdráttarlán mæli hún ekki með því að yfirdrátturinn sé hærri en sem nemur lánsloforðinu frá LÍN. „Best er að hækka yfirdráttarheimildina mánaðarlega, þá fæst yfirsýn yfir það hve miklu má eyða um hver mánaðamót, en yfirdráttarlán eru fyrst og fremst hugsuð til að brúa bilið,“ segir Kristín og telur hún það mikilvægt að huga að öllum kostnaðarliðum þegar fjármálin eru skipulögð. Fyrir utan bókakostnað þurfa námsmenn að gera ráð fyrir framfærslukostnaði og einnig hvort þeir hafi efni á að reka bíl. Rekstur á bíl er dýr og því skiptir máli að kanna verð á tryggingum og auðvitað spara eins og hægt er við bensínkaupin.

„Það sparar tíma og peninga að hafa öll regluleg útgjöld í greiðsluþjónustu, en þá eru útgjöldin skuldfærð í hverjum mánuði. Þessi þjónusta hentar þeim sem hafa fáa reikninga. Þeir sem hafa fleiri fasta útgjaldaliði ættu frekar að vera í greiðsludreifingu, en þá er útgjöldum heimilisins dreift jafnt yfir árið og föst upphæð greitt mánaðarlega. Þannig er hægt að hafa góða yfirsýn yfir fjármálin,“ segir Kristín. Fyrir þá námsmenn sem kjósa að nota kreditkort vill Kristín benda á kreditkort með inneign. Með þessum kortum hafa námsmenn aðgang að öllum eiginleikum kreditkorts eins og slysa- og ferðatryggingum en skulda ekki neitt um mánaðamót.

Velji námsmenn að fá sér hefðbundin kreditkort er mikilvægt að stilla heimildum í hóf og gera alltaf ráð fyrir að geta greitt reikninginn um næstu mánaðamót því fjölgreiðslur auka kostnað.

„Það er mjög góð regla að setja niður áætlun fyrir mánuðinn til að sjá betur í hvað þú getur eytt og taka saman í lok mánaðar hvort áætlunin hafi staðist og hverju þurfi að breyta fyrir næsta mánuð,“ segir Kristín.

*kristineva@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Kristín Valtýsdóttir segir það góða reglu að fara yfir fjármálin í hverjum mánuði.**


Námsflokkar Reykjavíkur

FULLORÐINSFRÆÐSLA Í 65 ÁR
**Morgun-, síðdegis- og kvöldnámskeið**

**PRÓFADEILD – ÖLDUNGADEILD**

**Grunnskólastig:** (íslenska, danska, enska, stærðfræði) **grunnnám, fornám** – upprifjun og undirbúningu fyrir framhaldsskólanám.
**Framhaldsskólastig: sjúkraliða-, nudd- og félagsliðanám.** Almennur kjarni fyrstu þriggja ann framhaldsskóla og sérgreinar á heilbrigðissviði. **Fjarnám** í sérgreinum á heilbrigðissviði. **Félagsliðanám** - brú fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra og fatlaðra.
**Sérkennsla í lestri og ritun. Íslenska::** aukin lestrarfærni, stafsetning og málfræði.

**INNRITUN: 7. – 12. janúar. Kennsla hefst 17. janúar**

**ALMENNIR FLOKKAR - FRÍSTUNDANÁM**
**Fjölbreytt tungumálanám:** Byrjenda- og framhaldsflokkar.Norska,sænska,enska,þýska, hollenska, franska, ítalska, spænska, portúgalska, pólska, tékkneska, arabíska og tælenska.

**Myndlist og handverk:**
Fatasaumur, skrautskrift – byrjenda- og framhaldsnámskeið, glerlist, mósaík, listasaga, teikning, vatnslitamálun, olíumálun, skopmyndateikning, prjón.

**Önnur námskeið:**
Fjármál heimilanna, húsgagnaviðgerðir matreiðsla fyrir karlmenn – byrjenda- og framhaldsnámskeið, viðhald og viðgerðir á gömlum timburhúsum, útskurður í tré.

**Stærðfræðiaðstoð og tungumálanámskeið fyrir börn og unglinga.**

**Íslenska fyrir útlendinga**
Morgun-, síðdegis- og kvöldkennsla fyrir byrjendur og lengra komna (stig 1-5).
**Íslenska talflokkar og ritun.**
**Fjarnám í íslensku – vefskoli.is**

**INNRITUN: 13.-20.janúar kl. 09 - 21. Kennsla hefst 24.janúar**

**Innritun fer fram í Miðbæjarskóla, Fríkirkjuvegi 1.**
**Upplýsingar í síma: 551 2992**
**Netfang:** nfr@namsflokkar.is - **Vefsíða: www.namsflokkar.is**
**Kennt er í Miðbæjarskólanum og í Mjódd, Þönglabakka 4.**

**SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR**



**LÆRÐU AÐ HEKLA, PRJÓNA OG SAUMA BÚTASAUM**

1. **PRJÓNTÆKNINÁMSKEIÐ** á miðvikudögum 12. janúar til 23. febrúar.
2. **PRJÓNTÆKNINÁMSKEIÐ** á mánudögum 17. janúar til 21. febrúar.
3. **PRJÓNTÆKNINÁMSKEIÐ** á miðvikudögum 9. mars til 20. apríl.

1. **HEKLNÁMSKEIÐ** á fimmtudögum 6. janúar til 27. janúar
2. **HEKLNÁMSKEIÐ** á þriðjudögum 18. janúar til 15. febrúar
3. **HEKLNÁMSKEIÐ** á fimmtudögum 24. febrúar til 17. mars.
4. **HEKLNÁMSKEIÐ** á fimmtudögum 31. mars til 28. apríl
5. **HEKLNÁMSKEIÐ** á mánudögum 4. apríl til 25. apríl

1. **BÚTASAUMSNÁMSKEIÐ** Saumuð er taska eftir Kaffe Fassett. Kennt er fimmtudagana 10. og 17. febrúar.
2. **BÚTASAUMSNÁMSKEIÐ** Saumaður er dúkur eftir Sigríði Bragadóttur Kennt er mánudagana 7. og 14. mars.

STORKURINN garnverslun

**Innritun og allar nánari upplýsingar í Storkinum, Laugavegi 59, sími 551 8258.**






anda
synda
þjóta
hlaupa
kreppa
beygja
teygja
lyfta
henda
kasta
hugleiða
svífa
hlaupa
ganga
dansa
skauta
hjóla
sippa
boxa
snúa
halda

# heilsa

{ 2005 }

velta
standa
sitja
slá
blaka
hugsa
muna
vilja
langa
ætla
gera
telja
hoppa
stökkva
lenda
trimma
kafa
klifra
lötra
stoppa
blása
drekka
svindla
grennast
gleðjast
svitna
púla
þora
hendast
hamast
fagna

## vatn, matur, vatn, matur }

*Það er mikilvægt að mæta vel nærð(ur) á æfingu svo hún skili einhverju. Einnig er drykkja mikilvæg til að koma til móts við svitatap líkamans.*

Við æfingu losar líkaminn mikinn svita og því er nauðsynlegt að drekka nóg vatn fyrir, eftir og á meðan æfingu stendur. Vatnsneyslan getur litið um það bil svona út:

Fyrir æfingu – Hálfur lítri um það bil tveimur stundum fyrir æfingu.
Á meðan á æfingu stendur – 150 til 300 ml á tuttugu mínútna fresti.
Eftir æfingu – Að minnsta kosti 700 ml á tveggja klukkustunda tímabili.

Einnig er mikilvægt að taka réttar ákvarðanir í fæðuvali fyrir og eftir æfingar. Annars er allt púlið til lítils. Eftir æfingu ertu búin(n) að þerra upp nær alla orku í líkamanum og því þarf hann á smá orkusparki að halda. Vöðvarnir eru líka að jafna sig og búa sig undir næstu æfingu. Nýttu þér það og borðaðu strax eftir æfingu svo vöðvarnir jafni sig sem best. Gott er að borða prótein og kolvetni innan við 45 mínútum eftir æfingu. Gott ráð er að taka með sér næringu í ræktina svo þú nærist strax eftir æfingu. En það fer reyndar svolítið eftir því á hvaða tíma dags þú æfir og hvað þú borðar.

MORGNAR:
Fyrir æfingu – Fáðu þér eitthvað létt eins og safaglas eða litla jógúrt.
Eftir æfingu – Fáðu þér morgunmat innan við hálftíma eftir æfingu. Eggjahvítur og skál af hafragraut er mjög góður kostur.

UM HÁDEGIÐ/SÍÐDEGIS:
Fyrir æfingu – Prófaðu að borða eitthvað um það bil 30 til 45 mínútum áður en þú æfir, til dæmis tvær rískökur með hnetusmjöri.
Eftir æfingu – Strax eftir æfingu skaltu fá þér prótein í formi hristings eða matar. Fáðu þér góðan hádegismat sem inniheldur fjögur til fimm hundruð kaloríur innan næsta klukkutíma.



KVÖLD:
Fyrir æfingu – Ef þú æfir strax eftir vinnu eða fyrir síðustu máltíð dagsins, fáðu þér þá eitthvað lítið til að gefa þér orku eins og jógúrt eða ávöxt. Ef þú æfir eftir síðustu máltíð dagsins. drekktu þá nóg af vökva og vertu viss um að þú sért búin(n) að melta máltíðina áður en þú byrjar.
Eftir æfingu – Ef þú æfðir fyrir síðustu máltíð dagsins ættir þú að borða innan við 45 mínútum eftir að æfingu er lokið. Ef þú hefur þegar borðað síðustu máltíð dagsins ættir þú að fá þér lítið af hollu nasli innan sama tímaramma.



Helga Vala einbeitir sér að ást þessa dagana en hér sést hún með fjölskyldunni. Frá vinstri eru Snærós, Ásta Júlía, Helga Vala sjálf, Arnaldur, Eva og Grímur.

# Ást & enginn sykur

*Helga Vala Helgadóttir, leikkona og dagskrárgerðarkona, hefur hafið nýtt líf númer 107 í sambandi við heilsuna. „Byrjar maður ekki alltaf nýtt líf um áramótin þegar maður hefur marinerað sig í óhollustu?" segir hún og hlær.*

„Ég byrjaði nýtt líf númer 107 í síðustu viku og hætti að borða sykur. Ég er reyndar engin manneskja í það. Ég er frekar munaðarseggur en meinlætaseggur _ ég læt aðra um það," segir Helga Vala, sem gengur svona líka brjálæðislega vel í nýja lífinu að eigin sögn.

„Nýja lífið númer 107 felst líka í því að vera ekki í vinnunni hálfan sólarhringinn og faðma fólkið mitt. Það er líka það heilsusamlegasta sem maður gerir. Mér líður hreinlega eins og blóma í eggi," segir Helga Vala en í nýja lífinu er líka viss hreyfing. „Ég fer í pottinn og hleyp stöðugt eftir ungum börnum mínum svo þau fari sér ekki að voða. Annars er ég líkamsræktarfrík að upplagi þó að ég hafi verið í pásu núna í nokkra mánuði. Ég verð að hreyfa mig og vissulega er hreyfing í nýja lífinu nr. 107," segir Helga Vala en markmið nýja lífsins er samt afar einfalt. „Nýja lífið snýst aðallega um ást og engan sykur."

FRÉTTABLAÐIÐ
UMSJÓN: Steinunn Stefánsdóttir HÖNNUN: Bergdís Sigurðardóttir
UMBROT: Frétt ehf. AUGLÝSINGAR: Hinrik Fjeldsted LJÓSMYND Á FORSÍÐU: Pjetur
HÖFUNDAR EFNIS: Brynhildur Björnsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Kristín Eva Þórhallsdóttir og Lilja Katrín Gunnarsdóttir
FORSÍÐUMYNDIN ER AF ARNARI GRANT, ÍSLANDSMEISTARA Í FITNESS OG EINKAÞJÁLFARA.
heilsa { 2005 }

Lífrænt ræktaðar vörur
Yggdrasill
- þar sem þú getur treyst á gæðin -
YGGDRASILL, KÁRASTÍG 1, 101 RVK., S: 5624082

YOGA
GRUNNNÁMSKEIÐ: 12.-31. JANÚAR
FRÁBÆRIR ALHLIÐA YOGATÍMAR:
MORGUNTÍMAR: ÞRI. & FIM. KL. 8.30 - LAU KL. 11.00
HÁDEGISTÍMAR: ÞRI. & FIM. KL. 12.00
SÍÐDEGISTÍMAR: ALLA VIRKA DAGA KL. 16.15 & 17.30
MJÚKT YOGA - LÍTIL ÁREYNSLA - SLÖKUN: ÞRI. & FÖS KL. 16.15
ÓTAKMARKAÐ KORT VEITIR AÐGANG AÐ ÖLLUM OPNUM TÍMUM
PRUFUTÍMAR EFTIR SAMKOMULAGI
YOGASTÖÐ VESTURBÆJAR
SELJAVEGI 2 INNRITUN: ANNA@YOGAWEST.IS SÍMI : 511-2777
10 ÁRA
WWW.YOGAWEST.IS

## Glerungur í gosi eða djús

*Hvort hafa ávaxtasafar eða gosdrykkir verri áhrif á tennurnar?*

Rannsóknir á rannsóknarstofum hafa sýnt að ávaxtasafar hafi verri áhrif á glerung tanna en gosdrykkir, á meðan bæði klínískar og faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt fram á hið gagnstæða. Þetta ósamræmi bendir til þess að núverandi aðferðir sem notaðar eru á rannsóknarstofum séu ekki nægilega nákvæmar og meti ekki hin eiginlegu glerungseyðandi áhrif drykkja í munnholi. Á vísindaráðstefnu Háskóla Íslands sem haldin var 4. og 5. janúar var kynnt ný aðferð til að mæla glerungseyðingu af völdum drykkjarfanga. Sýrustig ýmissa ávaxtasafa og drykkjarfanga var mælt og áhrif munnvatnspróteína á það kannað. Með hinni nýju aðferð var sýnt fram á að munnvatnsprótín drógu marktækt meira úr glerungseyðandi áhrifum gosdrykkja en ávaxtasafa og styður hún þær rannsóknir sem segja að gosdrykkir séu meira glerungseyðandi og þar af leiðandi hættulegri fyrir tennurnar en ávaxtasafar.



## Færri hitaeiningar gegn PARKINSONS

*Mataræði sem inniheldur fáar hitaeiningar getur dregið úr áhrifum Parkinsons-sjúkdómsins*



Bandarískir vísindamenn telja að neysla fárra hitaeininga verndi heilafrumur sem fólk missir yfirleitt þegar það greinist með Parkinsons.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á svipuðum nótum og hafa flestar sýnt að færri hitaeiningar hægja á öldrunarferlinu. Að þessu sinni voru prófanir gerðar á öpum. Í sex mánuði borðuðu sumir aparnir mat með þrjátíu prósentum færri hitaeiningum en hinir aparnir. Loks voru allir aparnir sprautaðir með efni sem veldur Parkinsons-veiki. Þeir sem neyttu færri hitaeininga höfðu betri stjórn á hreyfingum sínum en hinir. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.

KEA Skyr











Hennar Hátign

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL




FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA






KARATE

Byrjendanámskeiðin hefjast 11 janúar.

Karatefélag Reykjavíkur
Kjallara Laugardalslaugar
Sími 553 5025 kfr@simnet.is
www.karatedo.is

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT

Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103



YOGA YOGA YOGA

Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
Allir yoga unnendur velkomnir
Sértímar í kraftyoga
www.yogaheilsa.is

Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

Fyrir bætta líðan og betri stjórn á lífi þínu.

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

1. stig kvöldnámskeið (þrjú kvöld) 18. - 20. jan.

2. stig kvöldnámskeið (þrjú kvöld) 25. - 27. jan.

Hafðu samband í síma 553 3934 milli kl. 10 og 12 virka daga.



Guðrún Óladóttir reikimeistari



Mikið úrval af brjóstagjafa- og meðgönguundirfatnaði í mörgum litum

Móðurást

Dalbrekku 28 • Kópavogi • Sími 564 1451
www.modurast.is




Jóhann Freyr Björgvinsson, dansari og löggiltur Pilates-kennari, segir Pilates-æfingar leggja áherslu á litlu vöðvana í líkamanum.

# Eykur flæði líkamans

*Pilates-æði hefur gripið um sig um heim allan og finnst varla sú kvikmyndastjarna í Hollywood sem ekki stundar Pilates-æfingar. Fólk sem hefur iðkað Pilates-æfingar reglulega ber sig betur, hreyfir sig af meiri þokka, sefur betur og er vöðvastæltara.*

„Pilates er styrkjandi æfingakerfi sem byggist upp á styrkjandi æfingum og teygjuæfingum sem framkvæmdar eru undir algerri stjórn hugans," segir Jóhann Freyr Björgvinsson, sem er einn af þremur löggiltum Pilates-kennurum á Íslandi og kennari í Pilates-stúdíóinu.

„Í Pilates er fólk gert meðvitað um hverja hreyfingu og hvaða vöðva það er að vinna með," segir Jóhann Freyr og jafnframt að eitt aðalatriðið sé að vinna í réttri líkamsstöðu. Þess vegna sé fáum kennt í einu til að kennarinn geti aðstoðað hvern og einn að finna sína réttu stöðu.

„Þetta gengur út á að fá flæði í líkamann þannig að heilun geti átt sér stað," segir Jóhann Freyr. Jafnframt segir hann æfingarnar vera fjölbreyttar og margar og hver æfing sé gerð sjaldan til að viðhalda flæði og áhuga. Mjög mikilvægt sé að hugurinn fylgi með þegar æfingarnar eru gerðar.

„Með miklu af æfingum í hverjum tíma gefst tími til að æfa allan líkamann og flæði verður meira. Mest er hugsað um litlu vöðvana þar sem þeir stóru sjá meira um sig sjálfir," segir Jóhann Freyr.

Jóhann segir alla geta stundað Pilates, sama í hvaða líkamsástandi þeir eru, ungir sem aldnir, jafnt íþróttafólk sem kyrrsetufólk. Í tímum er lögð áhersla á að hver og einn vinni bara eftir sinni eigin getu. Áhugasamir geta lesið sér meira til um Pilates-æfingakerfið á vefsíðunni pilates.is.

## Yfirvann veikindi með þjálfun

Joseph Pilates er maðurinn á bak við Pilates-æfingakerfið. Hann var veikburða barn og þjáðist af astma, beinkröm og gigtarsótt en helgaði líf sitt því að verða líkamlega sterkur. Hann fæddist í Þýskalandi árið 1880. 32 ára að aldri fór hann til Englands en þegar heimsstyrjöldin fyrri braust út



var hann kyrrsettur á Englandi og settur í fangabúðir. Hann hóf þá að þróa æfingakerfi sitt og þjálfa aðra sem voru með honum í fangabúðunum. Hann breytti sjúkrarúmum í æfingatæki og þegar inflúensa skók England árið 1918 og þúsundir manna létu lífið dó enginn af þeim sem Pilates hafði þjálfað. Hann sagði það staðfesta hversu gott æfingakerfi hans væri. Eftir stríð hélt hann aftur til Þýskalands þar sem æfingakerfi hans fór að njóta vinsælda og þá sérstaklega meðal dansara. Nokkrum árum seinna flutti hann til New York, þar sem hann hélt áfram starfi sínu og opnaði þar Pilates-stúdíó. Síðustu ár hefur æfingakerfi Pilates farið sem eldur í sinu um heim allan.

## HVENÆR og HVAR sem er




Í bókinni The Pilates Body, sem skrifuð er af löggilta Pilates-kennaranum Brooke Siler, er leiðbeint hvernig megi gera Pilates-æfingar heima á dýnu. Í upphafi bókarinnar er Pilates-kerfið kynnt og saga þess rakin. Næst taka við síður með æfingum þar sem hver æfing fær eina opnu og því er lýst í smáatriðum í máli og myndum hvernig eigi að gera hverja æfingu rétt. Afar mikilvægt er að gefa sér tíma í að lesa vel hvernig eigi að gera æfingarnar, en einnig er tínt til hvaða mistök eigi að forðast. **Bókin fæst á amazon.co.uk.**




AIKIDO

Ný byrjendanámskeið að hefjast

Fríir kynningartímar á mánudögum og miðvikudögum kl. 18:00, Faxafeni 8 (Miklubrautarmegin).

Barnatímar á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00

Komið og takið þátt eða fylgist með. Nútíma sjálfsvarnarlist fyrir alla.

Nánari upplýsingar í símum 822-1824 & 897-4675
www.aikido.is - aikido@aikido.is



www.aikido.is




www.hreyfing.is

HReyfinG

Faxafeni 14 568 9915 www.hreyfing.is

NÝTT frá Futurebiotics
Hindrar að líkaminn taki sykur og fín kolvetni úr fæðunni. 2 hylki fyrir máltíð.
Fæst í apótekum, Fjarðakaupum og Hagkaupum Kringlunni
Futurebiotics
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

Venjulegt fólk. Ótrúlegur árangur!
Áskorunin sem hefur hjálpað hundruðum Íslendinga að komast í gott form er hafin!
Skráningarsími: 555-2866
Upplýsingar: www.eas.is
EAS Líkami fyrir LÍFIÐ
ÁSKORUN
Hann gat það. Þú getur það! Glæsileg verðlaun!

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

heilsa o.fl.
Smáauglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ



Dísa í World Class mætir hækkandi sól í tækjasalnum.

# Barnadansar & brasilískt jiu-jitsu

*Hafdís Jónsdóttir hjá World Class-líkamsræktarstöðvunum segir margt bera hátt í dagskránni þar í vetur.*

„Fyrst vil ég nefna Peak pilates sem er eitt af pilates-kerfunum sem eru í gangi í heiminum í dag. Þetta er rólegt æfingakerfi og góð styrking fyrir bæði karla og konur, sérstaklega þá sem eiga við bakvandamál að stríða vegna slappra kviðvöðva og mjúkt æfingakerfi sem teygir og lengir vöðvana. Dansfjör eru æðislega fjörugir og skemmtilegir tímar fyrir þá sem hafa gaman af dansi. Svo bjóðum við upp á brennslukickbox og jóga; venjulegt kripalujóga, kraftjóga og meðgöngujóga. Ein helsta nýjungin hjá okkur er brasilískt jiu-jitsu, sjálfsvarnartækni þar sem það eru ekki kraftarnir sem ráða úrslitum heldur tæknin og svo er þetta auðvitað fínasta líkamsrækt líka. Svo erum við með dansa og leiki fyrir 5 og 6 ára, frístæl og fönk frá 7 ára og upp úr og barnajóga þar sem foreldrarnir koma með börnunum.“ Hafdís segir tækjasalina líka hafa allt sem hægt er að hugsa sér. „Kortin ganga í allar stöðvarnar; í Laugar, Spöngina og svo Hús orkuveitunnar, svo það er hægt að fara á milli og breyta til.“

## Notkun Íslendinga á VERKJALYFJUM eykst

*Sala og neysla á verkjalyfjum hefur aukist undanfarin ár.*

Sala parkódíns hefur aukist um 62% á Íslandi síðustu 10 ár, sala á íbúprófeni í lausasölu um 96% og sala kódeins í samsettum verkjalyfjum um 72%. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var að áeggjan Landlæknisembættisins á notkun og viðhorfum Íslendinga til verkjalyfja.



Afstaða fólks til verkjalyfja reyndist misjöfn, en í fæstum tilfellum var hún neikvæð. Ef fólk hafði neikvæða afstöðu var það yfirleitt vegna slæmrar reynslu. Fólk vissi almennt ekki mikið um mismunandi verkjalyf og muninn á milli samsetningar og virkni einstakra lyfja. Flestir þátttakendur vissu þó eitthvað um aukaverkanir. Þó nokkuð margir vissu ekkert um kódein en talað var um að misnotkun væri til staðar í þjóðfélaginu. Fólk þekkti helst mest seldu tegundirnar. Íslendingar nota verkjalyf ekki meira en aðrir Norðurlandabúar en neysla þeirra virðist samt stöðugt vera að aukast hérlendis.

Hallgrímur Magnússon læknir heldur fyrirlestur, fimmtudaginn 13. janúar kl. 18–19.30, um grundvallarhugmyndir náttúrulæknisfræðinnar og fjallar um eitranir og afeitranir sem orsök fyrir heilbrigði og sjúkdómum.

20% afsláttur

Heilsukostur heldur betur!
Tilboðin gilda frá 11.–20. janúar eða á meðan birgðir endast.

SOLARAY® OXY TARM™
LifeStream® Sérfræðingar í Lífrænni Næringu
SOLGAR

Tilboð!
20% afsláttur af LIMA-súpum

madurlifandi.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10–20, LAUGARD. KL. 11–17
maður lifandi
Borgartúni 24 · www.madurlifandi.is



Líkamsrækt

# Gleðilegt ár
# Þinn tími er kominn!

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri.
Fjölbreyttir tímar eru í boði:

**JSB 1**:
Alhliða líkamsþjálfun. Jöfn áhersla á þol-, styrktar- og liðleikaþjálfun.

**JSB 2**:
Alhliða líkamsþjálfun. Fyrir vanar konur.

**JSB 3**:
Pallatími. Áhersla á þolþjálfun.

**JSB 4**:
Styrktarþjálfun. Unnið með þyngd s.s. lóð, stangir og teygjur.

**JSB 5**:
Liðleikaþjálfun.

**Hatha Yoga**:
Opnir yogatímar.

**Suðræn sveifla**:
Salsa og suðræn stemning, sjóðheitir tímar!

Sjá nánari upplýsingar á www.jsb.is

**Janúartilboð:**
**30% afsláttur af 3ja mánaða kortum**

***Vertu velkomin í okkar hóp!***

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 800-05










Sævar Pétursson býður viðskiptavinum að velja á hvað þeir horfa á meðan á púlinu stendur.

# Fimmtán tommu sjónvarp á mann

*Ný sjónvörp í æfingasalnum gera fólki kleift að velja sitt eigið sjónvarpsefni á meðan á æfingum stendur.*

Iceland Spa Fitness rekur Sporthúsið, Baðhúsið, Þrekhúsið og Betrunarhúsið. Sævar Pétursson framkvæmdastjóri hefur í nógu að snúast. „Það sem gengur best hjá okkur er hóptímarnir frá Les Mills; Body Pump, Body Combat, Body Fitness og fleira. Þetta eru hóptímar með þema og það er hægt að velja úr 250 tímum á viku. Helsta nýjungin hjá okkur er hins vegar sú að innan skamms mun hver viðskiptavinur á upphitunarlínunni hafa 15 tommu sjónvarpstæki til umráða sem þýðir að hann velur sitt eigið sjónvarpsefni til að horfa á á meðan hann æfir. Þetta er að ryðja sér til rúms í Bandaríkjunum og Ástralíu og er það allra nýjasta þar. Af öðrum nýjungum má nefna að við erum að byrja með Rope-Yoga, bæði í Sporthúsinu og Betrunarhúsinu, en það er mjög vinsælt núna,“ segir Sævar og er rokinn.

## 10 fæðutegundir sem sporna við ÖLDRUN

1. Avokadó – inniheldur E-vítamín sem eykur ljóma húðarinnar.
2. Ber – innihalda C-vítamín sem eykur blóðrennsli.
3. Gulrætur – innihalda beta karótín og sink sem styrkir húðina.
4. Sítrusávextir – innihalda fullt af C-vítamíni.



5. Vínber – innihalda fjölfenól, sem er öflugt þráarvarnarefni.
6. Laukur – inniheldur fullt af seleni sem herðir ónæmiskerfið.
7. Papaya – inniheldur öflugt C-vítamín.
8. Lax – inniheldur nauðsynlegar fitusýrur sem næra húðina.
9. Spínat – inniheldur E-vítamín, járn, beta karótín og fólínsýru.



10. Tómatar – innihalda beta karótín, sink og B3-vítamín.


GYM - 80

VIRKAR!

Fyrirtæki, starfsmannafélög, hópar!
Leitið tilboða hjá okkur

Verð
1 mán. = 7.500,- / 3 mán. = 15.900
12 mán = 38.000

Suðurlandsbraut 6b - 108 Reykjavík - Sími 588 8383

esther talía casey }


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hamast mikið í vinnunni

„Vinnan er mín líkamsrækt, því í svona söngleik hamast maður svo mikið á sviðinu og hleypur upp og niður stiga," segir Esther Talía Casey leikkona, sem leikur nú í söngleiknum Oliver Twist á Akureyri. „Ég reyni að sjálfsögðu að passa mig hvað ég set ofan í mig en það vill oft fara úr skorðum þar sem ég borða óreglulega," segir Esther Talía en fyrir sýningu segist hún ekkert geta borðað.

„Svo er það bara gamla góða sundið sem reynist mér vel og ég labba mjög hratt að eðlisfari," segir Esther og hlær.

„Ég hef ekki getað tamið mér að stunda reglulega líkamsrækt og kaupi mér ekki kort í líkamsræktarstöð því ég veit ég myndi aldrei mæta," segir Esther.

Hvað andlega heilsu varðar telur Esther að góður göngutúr með músík í eyrunum sé góð orkuhleðsla, en umgengni hennar við fólk viðheldur andlegri heilsu hennar. „Það er svo gaman hérna hjá okkur á Akureyri, við búum öll saman á hótelinu. Mér finnst gaman að vera í kringum mikið af fólki, það heldur mér gangandi," segir Esther Talía.

# Þrek barna aukið með hreyfingu

*Rannsókn sem gerð var á 15 ára og 9 ára börnum sýnir að hreyfing eykur aðeins þrek eldri barna.*

Lítil hreyfing er talin vera helsta orsök offitu og ofþyngdar barna. Hreyfingarleysi er vandamál sem fer sívaxandi bæði hérlendis og í nágrannaríkjum okkar en er einnig talið hafa áhrif á þrek barna. Greint er í nýjasta tölublaði Læknablaðsins frá rannsókn þar sem leitast var við að meta þrek barna og kanna tengsl þess við hreyfingu og holdafar. Rannsóknin var gerð á meðal 9 ára barna annars vegar og 15 ára barna hins vegar í 18 grunnskólum víðs vegar um landið.

Ein helsta niðurstaða rannsóknarinnar var sú að hreyfing hefur áhrif á þrek hjá 15 ára börnum en ekki 9 ára. Vegna minni hreyfingar 15 ára stúlkna þarf ákefðin að vera meiri til að hafa áhrif á þrek heldur en hjá karlkyns jafnöldrum þeirra. Því feitari sem börnin eru, því þrekminni eru þau og sterkt samband á milli þreks og holdafars undirstrikar samspil þessara þátta og heilsufars.

Niðurstöðurnar sýndu einnig að þrek drengja er meira en hjá stúlkum og 15 ára drengir hafa meira þrek en 9 ára drengir. Hins vegar var enginn munur á þreki 15 ára og 9 ára stúlkna.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Líklegt er að þessir níu ára drengir hafi fengið aukið þrek þegar þeir verða fimmtán ára.


Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–16
maður lifandi
Borgartúni 24

Kjarnahvítlaukur



100% HREINN
Hvítlaukur
Kjarnahvítlaukur inniheldur engin íblöndunarefni né rotvarnarefni.

Kraftur hvítlauksins hefur verið kunnur í aldaraðir og hann vinnur meðal annars á bakteríum sem önnur lyf virka ekki á.

Fæst í marvöruverslunum, heilsuvörubúðum og apótekum

ÆÐIÐ ER BYRJAÐ!

SOUTH BEACH MATARÆÐIÐ




Rétta leiðin til að komast í kjörþyngd og viðhalda henni ævilangt.




Bjarni Hafþór og Maggi á Sjanghæ hafa náð frábærum árangri.
Svona voru þeir áður. Fylgstu með þeim á www.baekur.is/southbeach.

EINKAÞJÁLFARINN
„Í starfi mínu sem einkaþjálfari á liðnum árum hef ég lagt mikla áherslu á mataræði þeirra sem ég þjálfa, öðruvísi næst ekki árangur. South Beach-mataræðið fellur vel að þeim hugmyndum sem ég hef um æskilegt mataræði fyrir þá sem þurfa að léttast, komast í gott form og ná almennt góðri heilsu."
*Guðbjörg Halldórsdóttir*

YFIRLÆKNIRINN
„Kenningin að baki South Beach-mataræðinu fellur afar vel að minni eigin hugmyndafræði um orsök offituvandans og úrlausnir Dr. Agatston á þeim vanda lofa góðu. Ráðleggingar hans varðandi lífstílsbreytingar í mataræði virðast einnig yfirstíganleg – og raunar það álitlegar að mér finnst fyllsta ástæða til að bjóða upp á aðferðafræði hans sem valkost á göngudeild offeitra á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga."
*Ásgeir Böðvarsson*

Skoðaðu íslenska South Beach-vefinn: www.baekur.is/southbeach
HEMRA ÚTGÁFA

# Svitnar ókeypis í bústörfum & gerir gagn í leiðinni

*Gísli Einarsson puðar í sveitinni og spilar fótbolta með öðrum yfirþungavigtarmönnum í Borgarnesi.*

„Mín helsta heilsurækt er að spila fótbolta með nokkrum old boys í Skallagrími í yfirþungavigt. Ég fer stöku sinnum í sund og körfubolta og skýst líka stundum upp í heimasveitina, Lundarreykjadalinn, smala rollum og reyni eitthvað á mig við búskapinn. Það er besta og ódýrasta heilsurækt sem til er,“ segir Gísli Einarsson, fréttamaður Sjónvarps og ritstjóri Skessuhorns. Honum finnst óskynsamlegt að púla í illa loftræstum líkamsræktarstöðvum og borga fyrir það stórfé þegar hægt er að svitna ókeypis annars staðar og jafnvel gera gagn í leiðinni. En hann kveðst aldrei hafa náð því að verða efnilegur í fótbolta. „Ég var í neðstu deild og það útskýrir eflaust dálæti mitt á neðstudeildarliðum víða um lönd,“ segir hann og viðurkennir að vera formaður aðdáendaklúbbs Halifax á Englandi, sem sé lélegasta knattspyrnulið fyrr og síðar þar í landi. „Ég styð lítilmagnann því að minnsta kosti á knattspyrnuvellinum er ég í þeim hópi,“ bætir hann við.

Gísli er afar ánægður með nýjan upphitaðan gervigrasvöll sem KSÍ hefur komið upp í Borgarnesi. Sá er afgirtur og í góðu skjóli fyrir veðrum og vindum. „Þegar maður er farinn að nálgast fertugsaldurinn er ekki hægt að láta tækla sig á grjóthörðum malarvelli. Það verður að vera mjúkt að detta,“ segir hann. En hvað um mataræðið? Skyldi Gísli eitthvað spá í hvað hann lætur ofan í sig? „Nei, ekki nema að borða nógu mikið af því sem mér finnst gott. Mikið af sméri og feitu keti. Það hefur gefist mér ágætlega,“ svarar hann og kemur með þá kenningu að það að hugsa sífellt um heilsuna fari algerlega með hana. „Það bætir heilsuna talsvert að hafa gaman af því að vera til og taka lífið ekki of hátíðlega. Það er of stutt til þess.“ segir þessi lífskúnstner að lokum.



Gísli er hrifinn af því að hreyfa sig utan dyra og teyga hreina loftið.


Fyrsta ROPE YOGA stöðin á Íslandi
Stórkostlegt opnunartilboð!!!
NÚ GETUR ÞÚ LEYFT ÞÉR AÐ PRÓFA
5 VIKUR KR. 6900 miðað við 2 skipti í viku
5 VIKUR KR. 9900 miðað við 3 skipti í viku
Stakur tími KR. 800
SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 555-3536 EÐA 695-0089. KENNSLA HEFST MÁNUDAGSMORGUNINN 10 JANÚAR ( 2005 ) kennt verður 14 sinnum í viku !!!
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri
ROPE YOGA WORKOUT

NÝTT frá Futurebiotics
TRYMTONE
Eykur brennslu líkamans meðan þú hvílist.
Minnkar matarlyst. 3 hylki fyrir svefn.
Fæst í apótekum, Fjarðakaupum og Hagkaupum Kringlunni
Futurebiotics
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

Fjöldi meðferða í boði m.a.
Grenning og styrking
Appelsínuhúð
Húðstrekking
Fagmennska í fyrirrúmi
Frír prufutími
Frábær tilboð
TRIMFORM BERGLINDAR
Grensásvegi 50
sími 553 3818
www.trimform.is

Lithimnulestur
Með David Calvillo
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag
Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.
Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímapantanir í s:586-1463 og 561-5250

Splenda
Russell Stover Sykurlaust sælgæti
Ótrúlega bragðgott kolvetnasnautt og sykurlaust sælgæti sem hefur unnið til verðlauna fyrir bragðgæði og vandaða framleiðslu
Fæst í apótekum og matvörubúðum
LowCarb

Guinot andlits-meðferðir
Clarins andlits- og líkams-meðferðir.
Öll almenn snyrting.
Hrund
Verslun & snyrtistofa
Grænatún 1 • 200 Kópavogi • Sími: 554-4025

TÍMAPANTANIR Í SÍMA 577 5555
NÝTT Í VEGGSPORT GOLFHERMIR
VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt
Stórhöfða 17, v. Gullinbrú · 577 5555 · 577 5566
www.veggsport.is

## hvítlaukur }

*Góður fyrir ónæmiskerfið, hjartað og lungun auk þess sem hann fælir burt vampírur!*

Fáar plöntur hafa annað eins orðspor og hvítlaukurinn. Hann er talinn lækna eða fyrirbyggja ótal sjúkdóma auk þess sem hann fælir vampírur frá! Ótal rannsóknir á verkun hvítlauksins staðfesta þau sannindi að hann sé góður fyrir hjartað og lungun auk þess sem hann styrkir ónæmiskerfið. Hvítlaukurinn er einnig meðal vinsælustu krydda svo auðvelt er að taka hann inn enda er hann notaður í salöt, sósur, pottrétti, súpur, á kjöt og í ýmsa smárétti.

### Hvítlaukur gegn krabbameini

Í hvítlauknum eru efni sem hindra alls kyns krabbameinsmyndanir í tilraunadýrum. Þar má nefna krabbamein í brjóstum, lifur og ristli. Í rannsókn á 42.000 eldri konum, sem gerð var í Iowa-ríki í Bandaríkjunum, kom í ljós að þær sem borðuðu hvítlauk oftar en einu sinni í viku minnkuðu líkur á því að fá ristilkrabbamein um helming.

### Hvítlaukur gegn kvefi

Hvítlaukur drepur bakteríur sem valda kvefi og flensu. Borðið hvítlauk þegar þið finnið einkenni hálsbólgu því það gæti orðið til þess að þið yrðuð ekki veik.

### Ungbörn og hvítlaukur

Þegar mæður með börn á brjósti borða hvítlauk eru börnin lengur á brjóstinu í einu og drekka meira magn. Þetta var niðurstaða prófana sem gerðar voru í Bandaríkjunum.

### Að losna við lyktina

Eftir að hvítlaukurinn hefur verið borðaður til ánægju og heilsubótar vilja margir losna við lyktina sem fylgir honum. Það er ekki að ástæðulausu sem fersk steinselja sést svo oft með hvítlauknum í alls kyns uppskriftum, því besta ráðið til að losna við lyktina er að tyggja ferska steinselju, sem auðvitað er einnig þrungin bætiefnum.






# Hraðferð í gegnum tækjasalinn

## *Líkamsræktarlausn fyrir þá sem eru að flýta sér*

Það er alltaf ný tafla í byrjun árs hjá Hreyfingu og nú eru að byrja hin gamalgrónu átta vikna aðhaldsnámskeið sem hafa verið vinsæl gegnum árin. „Við erum með svipað prógramm og á haustönn, þar á meðal Stott Pilates sem verður alltaf vinsælla og vinsælla. Svo erum við með fullt af spennandi og skemmtilegum tímum,"segir Ágústa Johnson. Það sem er nýjast hjá Hreyfingu er hraðferðin í tækjasalnum. „Fólki finnst það frábær kostur að geta gengið að stuttum en hnitmiðuðum æfingahring og geta verið búið með líkamsrækt dagsins á hálftíma þegar svo ber undir." Svo eru hjólatímar eða spinning orðnir mjög vinsælir aftur að sögn Ágústu. „Við upplifðum smá lægð fyrir nokkrum árum en nú sækir spinning stöðugt í sig veðrið. Spinning-tímarnir eru einfaldari en þeir voru og nú er áherslan lögð á að hjóla og vinna markvisst með púlsinn, sem gefur betri árangur og er öruggara en að vera með þolfimiæfingar á hjólunum í bland eins og tíðkaðist mikið áður," segir Ágústa að lokum.


Fólk er mjög ánægt með hraðferðina í gegnum tækjasalinn, að sögn Ágústu Johnson.






**SVEFN & HEILSA ÞEGAR ÞÚ VILT SOFA VEL**

*Það er mikilvægt að sofa og hvílast vel, ég sef vel á heilsudýnu frá Svefn & heilsu.*

# ÚTSÖLUDAGAR




**25-70% afsláttur**

Gildir ekki á öðrum tilboðum

## á völdum húsgögnum

útlitsgölluðum og eldri gerðum
af heilsudýnum, ásamt ýmsum fylgihlutum.

**Rýmum fyrir nýjum vörum**

### Chiropractic®

Rýmum fyrir nýjum dýnum



**Sú besta**
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

**Verðdæmi:**
**Silk classic millistíf heilsudýna**
Queen kr. ~~129.900.-~~ nú kr. 99.900.-
King size kr. ~~159.900.-~~ nú kr. 129.900.-

### ARCONIT



### Sleep Series



**Verðdæmi:**
Euro 120x200 ~~59.900.-~~ Nú 39.900.- stgr.
Full 135x200 ~~64.900.-~~ Nú 44.900.- stgr.
Queen 153x200 ~~69.900.-~~ Nú 49.900.- stgr.

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING




Gildir meðan birgðir endast

Svefn & heilsa

**www.svefn.is**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

brimborg

Taktu bíl



MMC Pajero GLX Diesel, skrd. 07/'03, e. 45.000 km, 3200cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.150.000 kr. S. 515 7000.



Peugeot 406 station, skrd. 07/'98, e. 152.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð 590.000 kr. S. 515 7000.



Opel Vectra CD station, skrd. 05/'00, e. 84.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.210.000 kr. Tilboð 990.000 kr. S. 515 7000.



Renault Megane Berline, skrd. 05/'96, árgerð 1997, e. 140.000 km, 1400 cc, beinskiptur. Ásett verð 490.000 kr. Tilboð 399.000 kr. S. 515 7000.



Ford Mondeo Ghia, skrd. 10/'02, e. 59.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.070.000 kr. Tilboð 1.890.000 kr. S. 515 7000.



Audi A-4 Avant, station, skrd. 08/'02, e. 41.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.750.000 kr. S. 515 7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

Bílabúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR



Lexus RX 300 VVTI, 07/2002, ek. 30 þús. Abs, rafm. í rúðum og speglum, leður, cruise control, CD, litað gler, álfelgur 17" , þjónustubók og fl. Verð 3.950 þús.



SsangYong Rexton RX-320, 02/2003, ek. 40 þús. Abs, rafm. í rúðum og speglum, álf. 31", litað gler, topplúga, leður, cruise control, spólvörn, dráttarkrókur, cd, þjónustubók og fl. Verð 3.820 þús.



Ford Focus trend 1600 Wagon, 10/2004, ek. 1 þús. ssk,abs, rafm. í rúðum og speglum, álf. cd, hiti í framrúðu og fl. Ath. skipti á ódýrari. Verð 1.990 þús.



Ford Focus Ghia 1600 Wagon, 02/2003, ek. 35 þús. Ssk, rafm. í rúðum og speglum, álfelgur, CD, fjarstýrðar samlæsingar, kastarar og fl. Ath. skipti á ódýrari. Verð 1.690 þús.

**Bílabúð Benna ehf. Notaðir bílar**
**Bíldshöfði 10, 110 Rvk.**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**

MASTER



Chevrolet Equinox 3,4L V6 AWD ssk. árg. 2005. Innrétting: leðurklæddur, hraðastillir, loftæling, aftursæti á sleða, litaðar rúður. Utan álfelgur, krómpakki, spoiler. Verð kr. 4.890.000. Ath. skipti eða kr. 4.590.000. Bein sala. Kjör við allra hæfi.

**Master ehf**
**Glæsibær Álfheimar 74, 104 Reykjavík**
**Sími: 5402200**
**www.masterbill.is**

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLIN



Jeep Cherokee Grand Limited 5,7 HEMI með k. 25 pakka, km mælir, krók og bakkvörn frá Kanada. Afhendingartími 3-4 vikur á frábæru verði kr. 4.890.000. Áratuga reynsla af innf., og bílasölu. Kynntu þér málið hjá okkur, Nýja bílahöllin. S. 567 2277, Ingimar GSM 893 2165.

**Nýja bílahöllin**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

SPARI bíll



Nýr Smart Roadster m. BRABUS útlit. Verð: 2.483 þús. Einnig til frá kr 1.800 þús. Til sýnis að Skúlagötu 17.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

12 Volt



PorsceE 911 Carrera 2 7/ '00 ek. 33 þ. Verð 7.7 m. Uppl. í s. 896 9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu



VW Touareg 2004. Glæsilegur og vel búinn Touareq til sölu. Ekinn 14.700 km. Verð 5.150 þús. S. 824 4790.

**Athugið get útvegað**
Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Volkswagen Golf 1400 Basic Line árgerð '98. Ekinn 112 þús. Þriggja dyra, hvítur, sumar og vetrardekk. Flottur bíll. Verð 670 þús. Ath. skipti á ódýrari eða 590 þ. staðgr. Uppl. í síma 898 9088.

Til sölu MMC L300, dísel, árg. '96. Biluð vél, gott body, góð dekk, álfelgur fylgja. Verðtilboð. S. 421 4317.

## 0-250 þús.



Til sölu Nissan Primera '93. Sk. '05. Góður bíll. Verð 120.000 Uppl. í s. 821 6625.



Tilboð! MMC Colt '93, blágrænn að lit, geislaspilari, ek. 149 þús, vel með farinn, sk. '05. Ásett verð 220 þús. Ath. Tilboð 130 þús. Uppl. í s. 820 3371.

Mjög vel með farinn Hunday Pony árg. '94, 3 dyra, eyðir litlu, ek: 85 þús. Er á nagladekkjum, verð c.a 200 þús. S. 899-2666

Til sölu Nissan Sunny árg. '90, skoðaður '05. Verð 80 þús. Uppl. í síma 664 1082.

Daihatsu Curoe skoðaður '05. Ekinn 92 þús. Verð 90 þús. Uppl. í s. 868 5922.

Saab '86 til sölu, þarfnast lagf. Verð 20 þús. Uppl. í síma 897 0654.

Toyota Corolla '94, sk. '05, lítur vel út. Ásett verð 300 þús. Tilboð 230 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



Mmc Galant GLSi árg. '92. Uppl. í s. 849 5421.

Suzuki Baleno árg. '96, ekinn 128 þús. í góðu ástandi. Verð 300 þús. Uppl. í s. 662 0004.

Til sölu Opel Astra GL1400 '96, sjálfskiptur. Bíll í góðu standi. S. 565 0889.

## 500-999 þús.



**Útsala Útsala**
Colt GLXi '00, sk. '05, mikið endurnýjaður. Ath. skipti ód. Uppl. í s. 849 5000.



Honda Starex '01, ek. 310 þús., sk. '05, ný vetradekk. Fallegur bíll í góðu standi. Uppl. í s. 898 3178.



Til sölu Nissan Almera '99, ek, 73 þús. Verð 690, áhv. 350. Uppl. í s. 867 9688.

Til sölu Lancer '01. Ek. 64 þ., nýsprautaður, góður bíll. Uppl. í s. 848 0809.

## 1-2 milljónir



VW Passat 03/'01, ek. 100 þús. Tilboð 1.050 þús. Stg. Uppl. í s. 897 3133 & 897 2289.



Audi A4 Q '98 með öllu. Verð 1.520 þús. Uppl. í s. 863 0159.



Til sölu Subaru Legacy Millenium SL. Árg. 2000. Ekinn aðeins 40 þús. Vetrar og sumardekk á álfelgum. 1 eigandi. Bíll í sérflokki. S. 693 9907.

## 2 milljónir +



**Grand Cherokee 2005**
Get boðið Grand Cherokee á góðu verði. Laredo á 3.950 þús. Limited 4,7L á 4.700 þús. Hemi limited á 4.950 þús. Allt í einu ehf sími 893 6001.

Til sölu Volvo S70 AWD Turbo, árg. '00. Algjör gullmoli. Uppl. í síma 664 0370.

## Bílar óskast

Óska eftir gangfærum bíl á 15-20 þús. Uppl. í s. 891 8727.

Óska eftir bíl á 0-200 þ. helst ekki eldri en '93, má þarfnast lagfæringar. S. 691 9374.

Óska eftir bíl á verðinu 30- 50 þúsund. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 8935531.

## Jeppar

MMC Pajero Turbo disel intercooler, ssk., árg. 29/07/99, ný 31" dekk, dr.krókur, þjónustubók, ek. 140 þ. Sérstaklega vel með farinn bíll. Bílalán 1.660 þ. með aðeins 4,3% vöxtum, afb. 30 þ. á mán. Verð 2,490 þ. Uppl. í síma 487 5838 & 892 5837.



Freelander '99 ekinn 133 þ. (Langkeyrsla Spólvörn, topplúga, álfelgur, þokuljós, krókur, cd. magasín. Vel viðhaldið, mikið endurnýjaðir slitfletir, fallegur. Bein sala 1.340 þ. Uppl. í s. 898 4724 & 567 6376.

Nissan Terrano II SE 2700 árg. '99, 5 dyra, dísel, beinskiptur. Ekinn 109 þús. S. 895 1506.

Grand Vitara XL-7 '01, ssk., cruise, loftkæling, 7 sæta. Bíll í topplagi og útliti. Mjög gott verð. Uppl. í s. 899 5555.

## Pallbílar



GMC R3500 XL '90. Ekinn 159 þús., bensín, nýskoðaður, snyrtilegur og vel með farinn bíll. Verð 350 þús. Uppl. í s. 895 8873

## Vörubílar

Vélaborg



**Snjóplógar og snjókeðjur.**
Útvegum með stuttum fyrirvara snjóplóga og snjókeðjur á traktorsgröfur, hjólaskóflur og vörubíla. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1 Akureyri. Sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is



Til sölu M. bens 3636 árg 88 8x4 með fassa 750 krana .Kraninn er með fjarstýringu, mesta lengd er 27 metrar. Mjög öflugt lyftitæki. Upplýsingar í síma 892 5855.

Vörubíll til sölu. Scania T 112 H árg. '88. Tilboð óskast. Uppl. í s. 664 5075.

## Mótorhjól

Óska eftir biluðum eða úrbræddum mótorhjólum/nöðrum fyrir lítið. Uppl. í s. 868 6076 & 567 5504.

## Vélsleðar



Til sölu Arti cat pantera 1000 árg. 2001, ekinn 1470 km, belti er 136 tommu, 32mm spyrnur, full neglt, brúsa grindur fyrir 4 brúsa. Sleðinn er algjör limmi. Upplysingar í síma 892 5855.



Artic Cat Mountain Cat 2001 1000 CC. 144 tommu belti, neglt, lítið ekinn og í mjög góðu lagi. Aukahlutir fylgja. Verð 720.000 kr. S. 694 4728.

Óska eftir vélsleða 600-700cc á ca 150 þús. stgr. Uppl. í síma 864 0154.

AC WildCat 700 árg. '92, í toppstandi, verð 150 þús. Uppl í s. 868 6076 & 567 5504.

Til sölu Polaris Storm árg. '98, nýtt belti, nýyfirfarinn. Uppl. 893 5531.

## Vinnuvélar

Vélaborg



**Bobcat Toolcat fjölnota vinnutæki !**
Alvöru tæki í snjóinn, fjórhjólastýri, fjórhjóladrif og sturtupallur. Upphitað hús fyrir tvo. Mikið úrval aukahluta t.d. sópur, skóflur, staurabor, gafflar, snjóblað o.fl. Aðeins 154 cm á breidd, flottur í gangstígana. Til sýnis hjá Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

## BÍLAR TIL SÖLU


**Viltu kaupa bifreið beint frá Bandaríkjunum ?**

**Við erum bandarískt útflutningsfyrirtæki sem býður þjónustu í að kaupa bifreiðar og flytja til Íslands hvaðan sem er í Bandaríkjunum. Óháð tryggingafyrirtæki ábyrgjast öll kaup. Meðmæli frá íslenskum aðilum ertu til reiðu ef þess er óskað. Haldu samband og fáið ítarlegan upplýsingabækling. Vörubifreiðar, fólksbílar, þungavinnutæki og hvað sem hugurinn girnist.**

International Ventures LLC, Suffolk, Virgina. USA
Sími: 1-757-986-3800 Fax:1-757-986-3801. E-mail:

Meðlimur í Icelandic American Chamber of Commerce.
Skráð hjá Dun & Bradstreet






**Fjórhjóladrifin skæralyfta !**
Eigum á lager Haulotte Compact 12 DX. skæralyftu með vinnuhæð 12 m., skotpallur, stuðningslappir. Ónotað tæki til afgreiðslu strax. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.



**Minnsti krani á landinu!**
60 cm breiður, 9 m bómuhæð. Lyftir mest 2,9 t í 1,4 m. Heppilegur í ýmsar hífingar. Sími 699 4241 & www.smakranar.is.

## Flug




## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

4 stk. dekk 285/75 16" á álf. á 20 þ. 4 stk. 14" á Primeru felgum á 10 þ. 2 stk 18" dekk á álf. á 5 þ. S. 896 8568.

## Varahlutir

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Nýtt!!!!**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen, á mikið af varahlutum. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Á mikið í Opel, Toy Celica '00, Suzuki Vitara '89-'00. VW Golf '94 -'98 ofl. Kaupi bíla. S. 483 1919 & 845 2996.

**Alternatorar-startarar**
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf., Helluhr. 4, s. 555 4900.

Jeppapartasala Þórðar, tangarhöfða 2, S. 587-5058. Sérhæfum okkur með varahluti í Japanska jeppa og Subaru.

Á varahluti í Charade '88/"93, Civic '91, Lancer Colt '92/"93, Galant '90, Corolla '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Kaupi bíla. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Drifskaftaefni**
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.



Til sölu notuð Framec Samba frystiborð. 5-8 ára gömul. L:183 D: 95 H: 200 cm. Verð 70 þús. Uppl. í síma 660 1614 (Sigurður).

Blek.is og vitamin.is Verslun Ármúla 32. Opið mán-fös. 10-18. S. 544 8000.

Frystikista 400 lítra til sölu, nýleg. Verð 20 þús. Uppl. í s. 694 6665.

5 innihurðir með körmum, tréstigi uppá aðra hæð, hvítur fataskápur. Selst ódýrt. Uppl. í s. 899 6533.

Nýl. ljós leðursófi, 55 þús. Hvít stofu- og borðstofuborð úr hlyni 40 þús. saman. S. 896 0859.

Til sölu nýleg nagladekk 155x13 notuð í 3 mánuði. Verð 16 þús. Einnig nýr þurrkari, kostar nýr 56 þús. Selst á 45 þús. S. 567 2335 & 864 2335.

Íssk. 185 cm tvískiptur á 15 þ. 143 cm á 10 þ. 113 cm og 85 cm á 8 þ. Eldav. á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Þríhjól á 3 þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Kaupum gamlan vínil. Músik og Meira. S. 551 2254.

## Hljóðfæri




Hin heimsfrægu Ludwig trommusett komin ásamt fylgihlutum. Verð frá 49.000. Hljóðfæraverslunin Rín, Brautarholt 2 s. 551 7692 www.rin.is

Ný Díotónísk þreföld harmonikka, ónotuð. Verð 30 þús. Uppl. í s. 897 1416.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Borgartúni 29, s. 552 7095.

## Tölvur

Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Vönduð vinna. Uppl. í s. 899 8894.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæðsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, S:557 2321.

## Til bygginga



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

## Verslun




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

## Fyrirtæki

Til sölu skuldlaus einkahlutafélag. Uppl. í s. 869 3934.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO- S. 861 8349.

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

## Meindýraeyðing




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

Meindýraeyðing heimilanna. Öll meindýraeyðing f. heimili og húsfélög. Skordýragreining, sérfræðiráðgjöf. S. 822 3710.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð á flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




Parket og Smíðar. Parket-slípun/lagnir almenn smíðavinna. S: 896 9819.

## Stífluþjónusta







Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

Uppsetning og viðhald á netkerfum og tölvum. Þekking og reynsla. T&G S. 696 3436.

Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. ATH Opið allan sólahringinn. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar




Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Orkulaus? óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

SPÁSÍMINN 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil og bolla, ræð drauma, gef góð ráð. Tek fólk heim. Engar tímatakmarkanir. S. 891-8727, Stella.

Ólöf spámiðill er komin aftur til landsins. Tarot og fl. Heimaspá, ráðleggingar og lausnir. Vegna anna er símatími eingöngu á mánud., miðvikud. og föstud. kl. 9-14. Sími 905 7000.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Aðhliða smíðavinna, gifs og parketlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 895 0998.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar
almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**




Það er óþarfi að hýrast í kuldanum yfir jólin! Hringdu Steina pípara. Gleðileg Jól. S. 699 0100 & 567 9929.

**Almenn rennismíði**
Viðgerðir/viðhald. Áralöng reynsla, vönduð vinnubrögð.
**Renniverk ehf, Súðarvogi 9 Sími 869-1933 & 563-2563**




# HEILSA

## Heilsuvörur

Frábær líðan.. Alveg síðan.. HERBALIFE www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

SHAPE WORKS er sérsniðið prógram fyrir þig. FRÁBÆR árangur. www.heilsuverslun.is

11 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

## Líkamsrækt

**Fit - Pilates**
námskeiðin vinsælu með stóru Fit-Boltunum. Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa langar fallegar línur og flatan kvið. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

**Salur til leigu**
140 fm íþróttasalur til útleigu á sunnudögum, einnig laus á virkum dögum 12-16. Hentar vel til danskennslu og fleira, sturtuaðstaða. Upplýsingar í síma 861 5718.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting







## Barnið

**Barnshafandi konur!**
Yoga fyrir ykkur, liðkandi, styrkjandi, sérstök öndun og slökun. Yogastöðin Heilsubót Síðumúla 15. S. 694 6103.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Microsoft nám á hagstæðu verði MCP Windows XP á 69.900, MCSA 270 st. á aðeins 209.900. Hefst 7. feb. MCDST á 119.900. Hefst 8. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is



Námskeið til pungaprófs/30 rúml. skiptstjórnarréttinda, 12. jan. - 21. mars. Kennsla Austurbugt 3 mánudags. og miðvikudagskvöld kl 19- 23. Hafsiglingarnámskeið. (Yachtmaster Ocean)S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

**Listgler**
Glerskurðarnámskeið. Námskeið byrja í janúar. Uppl. í s. 554 5133 Listgler. Kársnesbraut 93.

**Skartgripagerð**
Námskeið í skartgripagerð. Smíðum úr silfri og skyldum málmum. Vinnum með íslenska steina. Uppl. og skráning í s. 823 1479.

## Kennsla



Námskeið til pungaprófs/30 rúml. skiptstjórnarréttinda, 12. jan. - 21. mars. Kennsla Austurbugt 3 mánudags. og miðvikudagskvöld kl 19- 23. Hafsiglingarnámskeið. (Yachtmaster Ocean)S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Útsala, útsala.**
Á ekta Amerískum rúmum. Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Hluti af búslóð til sölu. Borðstofusett, sjónvarp og fl. Uppl. í s. 866 9352 og 691 7794.

## Heimilistæki

Til sölu frystiskápur LEC sem nýr 150/60/60 (540 lítrar). Uppl. í s. 561 7900 eða 561 7902.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Útsalan hafin 20-50% afsláttur. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12 og Hverafold 1-3. Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Til sölu tvíburavagn og barnabílstóll fyrir 0-9 mánaða. Uppl. í s. 561 6533.

## Dýrahald

**Hundaræktin í Dalsmynni auglýsir**
Beagle hvolpur til sölu. Sími 566 8417.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur og fóður með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

**Chihuahua til sölu.**
Síðhærður Chihuahua strákur, ættbókarfærður frá HRFÍ, er tilbúinn til afhendingar á gott heimili. Uppl. í s. 862 9998.

Þrír sætir 8 vikna kassavanir kettlingar fást gefins á gott heimili, högnar, vanir hundi. Upplýsingar í s. 864 5008.

Gefins hvolpur. Vel gefinn, hlíðinn og húsvanur 16 vikna ís.- Border Collie kk. hvolpur fæst gefins ásamt smá fóðri. Gsm. 868 7486.

Til sölu 3ja mánaða chihuahua hvolpur(hundur) Uppl. í s. 869 6485 eftir kl. 17.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn







www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

**Hesthúspláss í Mosfellsbæ**
Á nokkur pláss laus, morgun- og kvöldgjöf. Frábær aðstaða. Upplýsingar gefur Halldór í s. 822 2177 og Ragnhildur í s. 893 4671.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leiguliðar. Akranes nýjar íbúðir; 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir. Til afhendingar í Febrúar. S. 517 3440.- www.leigulidar.is

Herbergi á svæði 109 til leigu, fullbúið húsgögnum. Allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2 og Sýn. Uppl. í síma 698 3211.

Reyklaus og rúmgóð 2ja herbergja íbúð í hlíðunum, leigist fram á haust - laus fljótlega! S. 698 4936.

**101 Rvk.**
3ja herbergja 80 fm íbúð í hjarta miðborgarinnar. Laus strax. Upplýsingar gefur Katrín í s. 698 7171.

**Bergþórugata**
Góð björt stúdóíbúð. Afnot af WC, eldh. og þvottav. Skilvísar greiðslur. Sími 863 3328.

Til leigu glæsil. herbergi, 15 og 30 fm, að Funahöfða 17a. Þvottah., bað og eldunaraðst. Í herb. er dyras., íssk., fatask., sjónv. og símtengi. S. 862 7950 & 896 6900 e. kl. 16.

Mjög góð ca. 40 fm einstaklingsíbúð í næsta nágrenni HÍ til leigu. Allt sér. Uppl. í s. 552 0787.

Til leigu góð 2ja herb. íb. í Hlíðunum(105). Laus. Reglusemi. Uppl. í s. 553 7768.

2ja herbergja íbúð á svæði 109 til leigu. Uppl. í s. 821 8120.

## Húsnæði óskast

4ja manna fjölskylda óskar eftir húsnæði á svæði 111 sem fyrst. Greiðslur 80 þús á mán. Uppl. í s. 848 6388.

Óskum eftir stúdíó eða 2ja herbergja íbúð, helst á svæði 110 eða 112, þó ekki skilyrði. Uppl. í s. 869 8446 eftir kl. 17.30.

Latibær óskar eftir a.m.k. 90 fm íbúð í Reykjavík til leigu frá lokum mars. Uppl. gefur Ágúst í s. 664 1709.

Tvær stúlkur í leit að 3ja herb. íbúð á verðbilinu 60-85 þús. Uppl. í s. 693 7772 og karolina@internet.is.

**Bráðvantar**
Hjón með 2 börn vantar íbúð til leigu í 3 mánuði feb.- maí. í hverfi 112. Reglusemi heitið. Uppl. í s. 586 2171 e.kl. 18 Ágústa.

Mæðgur óska eftir 3ja herb. íbúð á sv. 112 eða 113. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 823 0862.

Fjögurra manna fjölsk. bráðvantar 3ja-4ra herb. íbúð á leigu, helst í Foldahverfi (vegna skóla), erum á götunni frá miðjum febrúar. Uppl. í s. 846 5664 & 865 1336.

Óska eftir húsnæði með innkeyrsluhurð, fyrir ca 40-60 þús. á mán. Uppl. í s. 694 7614.

Ungt reglusamt, reyklaust par óskar eftir íbúð á leigu í Rvk. 65 þús. m. öllu hámark. S. 694 2420.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 290 fm atvinnuhúsnæði í Ármúla. Innréttað í dag sem skrifstofur og sýningarsalur. Sanngjörn leiga. Uppl. í s. 846 8467 & 895 7380.

Til leigu 3ja herb íbúð í 107. Leiga 82 þús. Laus 3. feb. Áhugasamir sendið póst á vesturbaer107@yahoo.com

Til leigu ca 70 fm geymslu- eða lagerpláss í kjallara á sv. 104. Uppl. í s. 690 0442.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Langar þig að vera með í skemmtilegu og gefandi starfi?**
Er að leyta að einstaklingum sem vill kynna og selja náttúrulegar húð- og heilsuvörur og förðunarlínuna Unique frá Volare. Volare býður þér verðlaunaðar vörur úr hæðsta gæðaflokki, námskeið, persónulegt samband við leiðtoga þinn, persónulegan frama og m.fl.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 eða volare@centrum.is**




**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Áhugasamir hafi samband við Gunnhildi Stefánsdóttur hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 867 5723.




**10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.**
Sérstaklega verið að leita af starfsfólki í hlutastarf.
Unnið er á vöktum.
Störfin geta hentað vel með skóla.
Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, áreiðanlegir, vinnusamir og góðir í mannlegum samskiptum.
Einnig verða umsækjendur að vera fæddir '87 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.**

**Heilsdagsstarf.**
Erum að leita að starfsmanni í fullt starf. Starfið er blandað föstum verkefnum og tilfallandi ræstingum víðsvega á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími frá kl. 08 alla virka daga vikunnar. Reynsla af ræstingum æskileg en ekki skilyrði. Verðandi starfsmaður nýtur ýmissa fríðinda s.s. kostnaðar vegna bifreiðar og reksturs síma. Nóg vinna - fín laun.
**Upplýsingar á skrifstofu Hreint ehf, á www.hreint.is eða í síma 554-6088.**

**Hár og sýningahúsið Unique**
Fagfólk og nema vantar til starfa. Góð laun og frábært tækifæri fyrir rétta fagmanninn. Einnig vantar nema sem er að hefja nám í faginu til vinnu sem fyrst.
Trúnaði heitið.
**Upplýsingar í síma 552 6789, Sæunn eða Jóa.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Dugleg**
22ja ára dugleg og áreiðanleg stúlka óskar eftir vinnu. Er vön skrifstofustörfum og er með mjög góða tölvukunnáttu. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 698 8868.

**"Skemmtilegt sölustarf"**
Vilt þú kynna falleg og vönduð kvenföt á heimakynningum? Góð laun í boði fyrir réttan aðila, stuðningur, þjálfun og frábær félagsskapur. Allar nánari upplýsingar í síma 565 3900 og á www.clamal.is

Bestu viðskipti i heimi. Vilt þú selja vörur sem selja sig sjálfar. S. 696 9437.

Volunteers needed to Africa 5 places Social work * Teaching * Construction * Fight HIV/AIDS * Environment 14 months programme incl training in UK or Denmark Boarding costs. Call: 00 45 28 26 58 00 E-mail puk@humana.org www.drh-movement.org

Pítan Skipholti, óskar eftir hressu starfsfólki í vaktavinnu. Fullt starf. Góð laun í boði. Uppl. veittar á staðnum í dag milli 14-16. Umsóknareyðublöð á www.pitan.is

Hársnyrtistofan Aþena í Mjódd óskar eftir sveini. Uppl. í s. 557 2053 & 822 0563.

Veitingahús óskar eftir röskum starfsmanni í þrif og uppvask, sveigjanlegur vinnutími. Gullhamrar Grafarholti, s. 517 9090.

**Matsveinn**
Matsvein vantar á 222 brl togbát sem gerður er út frá Þorlákshöfn. Uppl. í sima 854 5126.

Au Pair - London: Íslensk fjölskylda óskar eftir ábyrgri og barngóðri "au pair" til að gæta 3ja ára stráks, og sinna léttum heimilisstörfum frá 15. feb. í 6-12 mán. Hafðu samband við Solveigu í 0044 7813 052 588, solajons@hotmail.com

**Kjötvinnsla**
Aðstoðarfólk vantar í kjötvinnslu. Nánari upplýsingar í síma 577 3300. Gæðafæði ehf.

Reglusamur og stundvís starfskraftur óskast í kjöt- og matvöruverslun til ýmissa strafa. Upplýsingar Kjöthöllin, Háaleitisbraut 58-60, sími 553 8844.

Bakaríið Austurver óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 13-19. Uppl. í s. 568 1120.

**Kranamaður á byggingarkrana**
Óska eftir að ráða vanan mann á byggingarkrana. S. 898 2805.

**Ræstingar**
Vantar fólk í kvöld og dagræstingar. Uppl. gefur Stefán í s. 824 1230. Nostra.

Duglegt og metnaðarfullt starfsfólk óskast til starfa í Rúmfatalagernum Smáratorgi 1 Kópavogi. Upplýsingar gefnar á staðnum. Verslunarstjóri.

Starfskraftur óskast á bílapartasölu. Þarf að vera samviskusamur, stundvís og heiðarlegur. Mikil vinna úti. Meðmæli óskast. Uppl. gefur Bára í síma 895 9089.

Kofi Tómasar Frænda, Laugavegi 2 óskar eftir starfsfólki í dag og kvöldvinnu. Uppl. á staðnum.

Óska eftir starfskrafti til léttra útkeyrslustarfa og afgreiðslustarfa. Vinnutími frá 13 til 22. Uppl. í s. 555 6010 milli 10 og 14:00.

## Atvinna óskast

Dugleg, reyklaus 18 ára kvk. óskar eftir vinnu með skóla og í sumar. Anna s. 694 7640.

Smiður(lærður) leitar eftir atvinnu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 863 3012.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Tapast hefur gullarmband. Líklega 19. des. í eða við Hallgrímskirkju, eða jafnvel annars staðar. Finnandi hafi samband í s. 557 2726. Fundarlaun.

## Fundir

Skákdeild KR heldur aðalfund mánud. 24.1. 2005 kl. 19.30 í húsn. félagsins að Frostaskjóli 2, 107 Rvík. Stjórnin.

## Tilkynningar

**800 6767.**
Allar pizzur á matseðli á aðeins **1000 kr**. sótt. Frítt gos með öllum heimsendingum. Frábær hádegistilboð virka daga !
**Pizza Austurver. Háaleitisbraut 68. Sími 800 6767.**

## Einkamál

**Paris Hilton! Night in Paris.**
DVD og VHS á 1.990 kr.
www.grensasvideo.is
Grensásvideó.
**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**

# Óperukórinn í Reykjavík getur bætt við söngfólki

Á næstunni mun **Óperukórinn í Reykjavík** taka þátt í spennandi verkefnum og getur bætt við sig góðum röddum af því tilefni. Í mars tekur kórinn þátt í tónleikum með **Placido Domingo** og í apríl syngur kórinn Fordæmingu Fausts eftir Berlioz með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kristni Sigmundssyni og fleirum.

Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við stjórnanda kórsins, Garðar Cortes í síma 892 2497 eða við Ásrúnu Davíðsdóttur í Söngskólanum í Reykjavík, sími 552 7366.

TILKYNNINGAR






# Nú er það svart

Fréttablaðið vill beina þeim tilmælum til lesenda að auðvelda blaðberum okkar að bera út blaðið.

**Vinsamlegast mokið frá útidyrahurðum og hafið kveikt á útiljósum.**

FRÉTTABLAÐIÐ

DV






ATVINNA

**Stýrimann, vélavörð, matsvein og háseta vantar á 150 tonna dragnótabát sem gerður er út frá Suðurnesjum.**

Upplýsingar í síma 894 4110.

Félagsþjónustan í Reykjavík

## Félagsleg heimaþjónusta.

Félags- og þjónustumiðstöðin Árskógum 4 óskar eftir að ráða starfsmenn nú þegar við félagslega heimaþjónustu. Starfið felur í sér ýmsa aðstoð við almenn þrif, heimilishald og félagslegan stuðning. Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að gera fólki kleift að búa á eigin heimili,eins lengi og mögulegt er. Starfið krefst færni í mannlegum samskiptum og áreiðanleika. Starfshlutfall eftir samkomulagi. Við veitum starfsfólki góðan stuðning og leggjum áherslu á símenntun og þróun í starfi.

Laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Allar nánari upplýsingar veita Elísabet E Jónsdóttir, deildarstjóri, netfang:elisabet.eyglo.jonsdottir@reykjavik.is og Pála Jakobsdóttir, deildarstjóri, netfang: pala jakobsdottir@reykjavik.is , í síma 535-2700.

Sjá einnig almennar upplýsingar um laus störf og starfsmannastefnu Félagsþjónustunnar á vefsíðunni: www.felagsthjonustan.is

MEÐLEIGJANDI

## Meðleigjandi

Óska eftir meðleigjanda að mjög fallegu skrifstofu og lagerhúsnæði við Skútuvog. Tvö herbergi, 13 og 10 fm. Sameiginlegt fundarherbergi, WC, eldhús og lager.

Áhugasamir sendi upplýsingar á netfang steinpet@simnet.is

TILKYNNINGAR

STOCKHOLMS STAD KULTUR-FÖRVALTNINGEN

## Menningarmáladeild Stokkhólmsborgar

**býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan, sem staðsettur er í miðborg Stokkhólms.**

Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld. Fólk sem starfar að sköpun á sviði menningarmála og er frá einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni, án endurgjalds, í eina eða tvær vikur á tímabilinu 4. apríl til 30. október 2005.
Sjá einnig www.kultur.stockholm.se/nordiska stipendier

Umsóknareyðublöð fást á netinu reykjavik.is og í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Umsóknir sendist í síðasta lagi 1. febrúar 2005 til:

Stockholms kulturförvaltning,
Nordiskt kultursamarbete,
Yvonne Lindqvist,
Box 16113
SE 103 22 Stockholm.

Nánari upplýsingar veitir Unnur Birgisdóttir á skrifstofu menningarmála Reykjavíkurborgar, sími 563-6615, netf. unnur.birgisdottir@reykjavik.is




# Vilt þú ganga í blaðberaklúbbinn?

Nú vantar okkur fleiri blaðbera fyrir Fréttablaðið og DV. Athugaðu hvort það sé laust í þínu hverfi, virka daga eða um helgar.

**Á virkum dögum:**
**101-14** Hverfisgata
**101-20** Framnesvegur
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-23** Marargata, Unnarstígur, Öldugata
**101-35** Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-37** Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
**101-39** Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
**101-45** Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-47** Laugavegur
**104-02** Brúnavegur, Dyngjuvegur, Kleifarvegur, Kleppsvegur, Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-06** Hjallavegur, Hólsvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-08** Langholtsvegur
**104-09** Auka blöð, Langholtsvegur
**104-15** Karfavogur, Nökkvavogur
**105-06** Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
**105-07** Flókagata
**105-17** Hamrahlíð, Háahlíð, Hörgshlíð
**105-21** Engihlíð, Miklabraut, Mjóahlíð
**107-05** Kaplaskjólsvegur, Víðimelur
**107-06** Grenimelur
**107-07** Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
**107-12** Fornhagi, Kvisthagi, Neshagi
**107-17** Kaplaskjólsvegur, Nesvegur
**108-23** Bleikargróf, Blesugróf, Jöldugróf, Smiðjuvegur, Stjörnugróf
**108-27** Hæðargarður, Hólmgarður
**109-20** Lindarsel, Látrasel, Lækjarsel, Melsel, Mýrarsel
**109-21** Holtasel, Hryggjarsel, Hæðarsel
**112-26** Dofraborgir, Dvergaborgir, Goðaborgir
**113-08** Gvendargeisli
**113-10** Gvendargeisli
**200-02** Kópavogsbraut, Þinghólsbraut
**200-08** Bakkabraut, Hafnarbraut, Kársnesbraut, Vesturvör
**200-11** Hraunbraut, Kársnesbraut
**200-15** Auðbrekka, Laufbrekka, Lundur, Nýbýlavegur
**200-18** Melaheiði, Tunguheiði, Álfhólsvegur
**200-48** Kársnesbraut, Litlavör
**200-50** Hlaðbrekka, Nýbýlavegur, Þverbrekka
**200-52** Austurgerði, Hófgerði, Kastalagerði
**200-54** Álfhólsvegur
**201-24** Ljósalind, Melalind, Núpalind
**210-01** Haukanes, Þrastanes
**210-04** Kríunes, Súlunes, Þernunes
**210-28** Garðatorg, Heiðarlundur, Hofslundur, Kirkjulundur
**210-31** Brekkubyggð
**210-33** Ásbúð
**220-32** Hamarsbraut, Hellubraut, Hlíðarbraut, Holtsgata, Hringbraut, Suðurgata
**225-05** Bjarnastaðavör, Gerðakot, Hákotsvör, Litlabæjarvör, Sviðholtsvör, Þóroddarkot
**233-01** Djúpivogur, Hafnargata
**240-04** Baðsvellir, Glæsivellir, Selsvellir, Skipastígur, Árnastígur, Ásvellir
**240-05** Blómsturvellir, Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarvellir, Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir
**240-06** Arnarhraun, Borgarhraun, Leynisbraut, Leynisbrún, Staðarhraun
**600-21** Hafnarstræti, Spítalavegur

**Um helgar:**
**101-04** Bragagata, Nönnugata
**101-20** Framnesvegur
**101-21** Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata
**101-24** Ránargata
**101-34** Aðalstræti, Garðastræti, Grjótagata, Mjóstræti, Vesturgata
**101-35** Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-38** Sólvallagata
**101-45** Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-56** Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata
**103-03** Hvassaleiti
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur o.fl.

Ef þú vilt eiga möguleika á að vera í sigurliðinu þá endilega hafðu samband við okkur.

Einnig vantar okkur fólk á biðlista
**Upplýsingar í síma 515 7520**

*Blaðberaklúbbur Fréttablaðsins er fyrir duglegasta fólk l andsins. Allir blaðberar okkar eru sjálfkrafa meðlimir í klúbbnum og fá tilboð og sérkjör hjá fyrirtækjum eins og BT, Bónusvideo, Pizza 67, tískuverlsunum og fleirum. Árshátíð er haldin einu sinni á ári og blaðberi mánaðarins valinn í hverjum mánuði. Vertu með í hópi duglegasta fólks landsins.*

***Frétt ehf.*** *• Skaftahlíð 24 • Dreifingarsími 515 7520*

# Heilbrigðisvandi þjóðarinnar aldrei alvarlegri

UMRÆÐAN
HREYFING OG HEILSA



GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON
ALÞINGISMAÐUR

Aldrei áður hefur heilbrigðisvandi þjóðarinnar verið alvarlegri. Ríkisstjórn Íslands lokar flestum skilningarvitum fyrir vandanum en hann greinist bæði sem andlegur og líkamlegur krankleiki hjá tugþúsundum Íslendinga. Reikningur okkar allra til heilbrigðis- og sjúkraþjónustu fer ört vaxandi og gerir atlögu að efnahag þjóðarinnar.

Frjálslyndi flokkurinn ákvað á síðasta haustþingi að leggja fram þingsályktunartillögu þar sem ríkisstjórninni er gert að leggja fram áætlun um heilsu og íþróttir. Slíkar áætlanir hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og nægir þar að nefna til jafnréttisáætlun ríkisstjórnar sem unnin er af Alþingi í félagi við fjölmarga aðila, s.s. sveitarfélög, sérfræðinga á ýmsum sviðum, stéttarfélög, samtök atvinnurekenda og fl.

Það nægir ekki að einstakir ráðherrar með löglærða aðstoðarmenn reyni af góðum hug að finna töfralausn á heilbrigðisvanda þjóðarinnar. Aftur á móti er hugsanlegt að stjórnvöld, stéttarfélög, atvinnurekendur, sveitarfélög, sérfræðingar úr heilbrigðisstétt og síðast en ekki síst íþróttahreyfingin geti hrundið af stað ferli með öflugu samátaki með það að markmiði að bæta almenna heilsu þjóðarinnar. Stjórn Læknafélags Íslands hefur ítrekað á undanförnum misserum lagt áherslu á mikilvægi þess að löggjafinn komi að málum, t.a.m. með öflugri heilsuáætlun sem bundin yrði í lög.

Fjöldi öryrkja á Íslandi hefur tvöfaldast á síðustu 10 árum. Þá hafa sjúkdómar þunglyndis og annarra andlegra veikinda stóraukist. Heilsan okkar er afar dýrmæt en því miður hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar á þessu sviði yfirleitt komið of seint. Það dugar ekki að mæta vandanum eftir að hann er orðinn, miklu frekar ætti dreifing fjármagns í meira mæli að renna til fyrirbyggjandi þátta svo sem íþróttamála. Ætti þá að huga að almenningsíþróttum jafnt sem afreksíþróttum. Tryggja verður aðgengi allra barna að íþróttum en í þessu skyni má minna á Hafnarfjarðarbæ, sem tryggir aðgengi allra barna að keppnisíþróttum óháð efnahag. Ekki þarf að minna á árangur Hafnfirðinga á sviði íþrótta en hann er frábær. Þá er hugsanlegt að yfirvöld bjóði eldri borgurum góð kjör til vistar á suðlægum slóðum yfir skammdegið og kuldatímann. Íslenskir verktakar bentu mér á þá snjöllu hugmynd að íslensk yfirvöld semji við íslenska verktaka um leigu á stórhúsnæðum í Suður-Evrópu. Varla þarf að efast um gildi slíkra ferða fyrir fullorðið fólk, sem margt á erfitt með að ferðast sökum veðráttu hér heima fyrir yfir köldustu og dimmustu vetrarmánuðina. Einangrun og skammdegi er sjaldan vísir að gleðistund fyrir okkur mannfólkið.

Í heilsu- og íþróttaáætlun skapast jafnframt kjörinn vettvangur fyrir forvarnir af ýmsu tagi, t.a.m. gegn fíknefnaneyslu, reykingum, óhollu mataræði og áfengisneyslu. Því miður fékk þetta ágæta þingmál sem getið er að ofan ekki þá afgreiðslu sem til þurfti. Málið verður aftur sett fram nú á vorþingi og er það gert með þá von í brjósti að stjórnvöld sjái hversu kjörinn vettvangur Alþingi Íslendinga er, sem starfstöð áætlunar til heilsu- og íþróttamála í landinu. ■

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Vinnubrögð Gallup

Dagana 10. til 29. desember 2004 gerði Gallup könnun og spurði: Á Ísland að vera á lista með þeim þjóðum sem styðja hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og Breta í Írak eða á Ísland ekki að vera á listanum? ... Ég tek undir með þeim, sem hafa lýst undrun yfir ákvörðun Gallups að leggja þessa spurningu fyrir fólk. Hvaða listi er þetta, sem hér um ræðir?... Gallup er alþjóðlegt gæðamerki um vönduð vinnubrögð við skoðanakannanir. Fullnægir þessi spurning Gallup á Íslandi um afstöðu Íslendinga til þessa lista alþjóðlegar gæðakröfur Gallup? Skyldi vera unnt að láta á það reyna, hvort svo sé? Úr við því að svonefnd þjóðarhreyfing ætlar að nota nafn Gallup í auglýsingu sína í The New York Times í því skyni að gera málstað sinn trúverðugri, er meiri ástæða en ella til að huga að vinnubrögðum Gallup við þessa spurningu í alþjóðlegu samhengi.

**Björn Bjarnason á bjorn.is**

### Skoðun 84% þjóðarinnar

Seinustu daga hefur verið athyglisvert svo ekki sé meira sagt að hlusta á málflutning og viðbrögð stjórnarliða við könnunni sem Gallup gerði og sýndi að 84% Íslendinga eru á móti því að við séum á lista hinna viljugu þjóða. Davíð skilur ekkert í því að Gallup „skuli spyrja svona“ og taka þátt í „uppþoti stjórnarandstöðunnar“. Formaður utanríkismálanefndar Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, reyndi að gera lítið úr lista hinna viljugu og sagði listann ekki skipta máli. Siv Friðleifsdóttir, sem gerir lítið annað þessa dagana en að verja hin fjölmörgu vondu-mál-ríkisstjórinnar með von í hjarta um ráðaherrastól að nýju, reyndi einnig að draga úr vigt lista hinna viljugu og sagði aukinheldur að nú væri aðeins uppbyggingin eftir og að „fólk virðist ekki átta sig á því.“ Þá er nú aldeilis gott að 84% þjóðarinnar geti treyst á þingflokka framsóknar- og sjálfstæðismanna varðandi stuðning Íslands við innrásina í Írak af því að þessi 84% geta ekki haft og geta ekki myndað sér sjálfstæða skoðun. Eða hvað?

**Magnús Már Guðmundsson á politik.is**

### Þorsteinn í stjórnarskrárnefnd

Mörður Árnason skrifar um það að Þorsteinn Pálsson geti ekki verið í stjórnarskrárnefnd af því að hann sé sendiherra og Sjálfstæðisflokkurinn hafi skipað hann. Af hverju ekki? Miklu nær væri að amast við því, ef Þorsteinn væri í nefndinni en vissi ekkert um stjórnarskrána, eða hann ætlaði sér ekki að vinna þar af heilindum með þetta merka plagg heldur reyna að laga það að stundarhagsmunum í baráttunni. Líklega er enginn þeirra sem skipa þessa nefnd hæfari til starfa en Þorsteinn, lærður lögfræðingur með víðtæka reynslu úr stjórnmálum, yfirvegaður maður og hefur jafnframt þá fjarlægð sem fylgir starfi sendiherrans undanfarin fimm, sex ár. Betur að fleiri flokkar hefðu á slíkum mönnum að skipa til þess að fást við þetta mikilvæga starf.

**Benedikt Jóhannesson á heimur.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.453 **+0,52%**

**Fjöldi viðskipta:** 288
**Velta:** 2.421 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Og Vodafone** | 5,45% | **Síminn** | -5,88% |
| **Flugleiðir** | 3,50% | **Hampiðjan** | -4,92% |
| **Bakkavör** | 2,76% | **SH** | -0,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 38,20 +0,53% ... Atorka 5,82 +1,39% ... Bakkavör 26,10 +2,76% ... Burðarás 12,00 – ... Flugleiðir 10,35 +3,50% ... Íslandsbanki 11,15 +0,90% ... KB banki 471,00 +0,21% ... Kögun 47,00 – ... Landsbankinn 12,10 +0,41% ... Marel 49,00 +0,62% ... Medcare 6,05 +0,50% ... Og fjarskipti 3,48 +5,45% ... Samherji 11,00 +0,92% ... Straumur 9,45 +1,07% ... Össur 77,00 +1,32%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Englar í FME

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, var fyrst ræðumanna á fjölsóttri ráðstefnu Fjármálaeftirlitsins í gær. Hún lagði út af jólakorti sem hún fékk frá Fjármáleftirlitinu. Á kortinu var mynd af englum og jólastjörnunni og sagðist Valgerður hafa hugsað um það þegar hún virti fyrir sér kortið að myndin gæti verið táknmynd fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Hún sagði að líta mætti svo á að starfsmenn þess væru englar sem gættu þess að markaðurinn fengi að dafna og blómstra undir leiðarljósi heilbrigðra reglna á markaðinum. Aðalræðumaður fundarins, Howard Davies, gat þess í upphafi sinnar ræðu að þetta væri í fyrsta sinn sem hann hefði heyrt starfsmönnum í fjármálaeftirliti lýst sem englum. Þeir væru vanir kaldari kveðjum en svo.



### Þorskastríði fyrirgefið

Davies gat þess einnig í upphafi ræðu sinnar að þetta væri í fyrsta sinn sem hann kæmi til Íslands. Hann er hins vegar langt í frá ókunnugur landi og þjóð því eftir háskólanám var hans fyrsta starf að fylgjast með samskiptum Íslands og Bretlands í ráðuneyti. Hann sagðist hafa verið feginn að sleppa inn til landsins þar sem hans helsta verkefni á sínum tíma hefði snúist um deilur Íslendinga og Breta – svokölluð þorskastríð. Davies gat þess að Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hefði líklega ekki boðið honum til landsins hefði hann vitað um þessa skuggalegu fortíð. Páll Gunnar sagði hins vegar í sinni ræðu að það væri jafnt á komið með báðum. Páll Gunnar hafði látið það eiga sig að nefna við gestinn að hann væri mikill aðdáandi knattspyrnuliðs Manchester United. Þetta hefði getað haft áhrif á ákvörðun Davies þar sem hann er stuðningsmaður Manchester City og hefði verið orðaður við forsetastól í félaginu. Litlir kærleikar eru á milli United og City.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Íslandsbanki** hefur lokið áreiðanleikakönnun á **BNbank** og voru niðurstöður fullnægjandi. Af því leiðir, að skilyrði um niðurstöður áreiðanleikakönnunar hefur verið uppfyllt.

Skráð hefur verið hlutafjárhækkun **SÍF** að fjárhæð ríflega 52 milljónir að nafnverði sem aflað var í hlutafjárútboði félagsins í desember. Skráð hlutafé félagsins á Aðallista **Kauphallar Íslands** eftir hækkunina er kr. 5.768 milljónir króna að nafnverði.

**Nýherji hf.** og **KB banki** hafa komist að samkomulagi um að viðskiptavakt **KB banka** á útgefnu hlutafé **Nýherja** verði hætt tímabundið. Samkomulagið gildir frá deginum í gær.

## Magasin í höfn

Búið er að tryggja kaup íslenskra fjárfesta á Magasin Du Nord. Yfir 80 prósent hluthafa hafa samþykkt tilboð M Holding sem er í eigu Baugs, Straums Fjárfestingabanka og B2B Holding. Auk þess hefur M Holding tryggt sér kauprétt að 13,5 prósenta hlut til viðbótar. Samkvæmt reglum dönsku kauphallarinnar er kaupendum heimilt að innkalla það sem út af stendur á tilboðsverðinu sem er 162,5 danskar krónur á hlut.



**KAUPIN TRYGGÐ** Birgir Þór Bieltveldt sem rekur Dominos pizzu í Kaupmannahöfn, er einn kaupenda Magasin Du Nord.

Danskir fjölmiðlar hafa dregið í efa fjárhagslegan styrk kaupenda og velt því fyrir sér hvort tilboðið sé of lágt. Vegna þessa telja kaupendurnir rétt að taka fram að Kauphöllin í Kaupmannahöfn hafi sent frá sér bréf þess efnis að hún hafi hvorki athugasemdir við kaupin sem mynduðu yfirtökuskylduna, né yfirtökuskylduna.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, segir ánægjulegt að þessi áfangi hafi náðst og nú hefjist vinna við að vinna úr fjárfestingunni.

Þeir sem gagnrýnt hafa kaupin í Danmörku telja að reksturinn hafi verið keyptur á lítinn sem engan pening. Virði fasteigna Magasin Du Nord standi undir verðinu. Rekstur fyrirtækisins hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi og verkefni kaupendanna er að snúa honum á rétta braut.

- hh

# Fjárfestar undirbúa kaup á Símanum

**Enda þótt enginn hafi formlega lýst yfir áhuga á að kaupa Símann, þá eru margir að skoða verkefnið af alvöru. Hugsanlegt er að danska fyrirtækið TDC sem áður var ríkisfyrirtækið Tele Danmark, muni koma að hópi sem hyggst taka þátt í einkavæðingu Símans.**

„Ég get hvorki neitað því né játað á þessum tímapunkti,“ segir Torben Holm aðstoðarforstjóri danska símafyrirtækisins TDC um áhuga fyrirtækisins á að taka þátt í einkavæðingu Símans.



**BAKSVIÐS**
SALA SÍMANS

**HAFLIÐI HELGASON**
BLAÐAMAÐUR

Torben kom til landsins fyrir helgi og segir að erindið hafi verið að kynna sér sölu Símans. „Það liggur hins vegar ekkert fyrir um það hvort við munum hafa áhuga á að taka þátt í kaupum á fyrirtækinu.“

TDC, eða Tele Danmark eins og það hét áður, hafði áhuga á að kaupa Símann síðast þegar ríkið reyndi að selja fyrirtækið. Þá voru þeir í samstarfi við Opin Kerfi sem þá lutu stjórn Frosta Bergssonar. Torben Holm segist ekki hafa átt fund með Frosta sem staddur er erlendis. „Við þekktum vel til Símans fyrir þremur árum, en sú þekking gildir ekki nú.“ Torben vill ekki tjá sig frekar um hverja hann hitti hér á landi.

Innlendir og erlendir fjárfestar hafa sýnt áhuga á kaupum á Símanum. Stefán Jón Friðriksson starfsmaður einkavæðingarnefndar staðfestir að fjárfestar hafi sýnt áhuga, en ekki hafi verið haldnir neinir formlegir fundir.

### TDC styrkir hópinn

Ýmsir innlendir fjárfestar hafa verið nefndir til sögunnar sem hugsanlegir kaupendur að kjölfestuhlut í Símanum. Meðal þeirra eru Meiður sem er fjárfestingarfélag bræðranna í Bakkavör, Straumur og Burðarás. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er til umræðu myndun hóps þar sem Meiður færi með forystu í. Auk þeirra er rætt um að VÍS og Straumur komi að hópnum. Meiður og VÍS eru meðal stærstu eigenda KB banka. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Torben Holm hafa átt fund með KB banka í ferð sinni og talið er hugsanlegt að TDC skoði aðkomu að þessum hópi. Komi Danirnir að hópnum styrkir það hann í baráttu um kaupin. Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, situr í stjórn Bakkavarar og meðal nánustu samstarfsmanna hans er Orri Hauksson sem er fyrrverandi aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar og situr í stjórn Straums. Talið er að forysta Sjálfstæðisflokksins geti samþykkt Meið með fulltingi Brynjólfs og Orra og að ef VÍS komi að málinu sé velvilji Framsóknarmanna tryggður. Ef við bætist erlent fyrirtæki eins og TDC sem greiði fyrir sinn hlut í erlendri mynt er talið að erfitt verði fyrir aðra hópa að keppa um hylli seljendanna.

Ekkert formlegt liggur fyrir um samstarf aðila við kaup á Símanum.Fulltrúar þeirra sem áhuga eru taldir hafa á þeim hlut sem ríkið hyggst selja tala varlega.



**EKKI FORMLEGUR ÁHUGI** Torben Holm, aðstoðarforstjóri danska símafyrirtækisins TDC, segir ótímabært að ræða um áhuga fyrirtækisins á kaupum á Símanum. Danirnir höfðu áhuga fyrir þremur árum og ekki útilokað að þeir komi að kaupum á fyrirtækinu í samstarfi við innlenda fjárfesta.

Bent er á að ekki liggi enn fyrir hvernig Síminn verði seldur og með hvaða kvöðum. Verðið er einnig lokuð bók og menn eru ekki tilbúnir að leggja mikla vinnu í undirbúning kaupa meðan verð og kvaðir liggja ekki fyrir. Verðhugmyndir sem heyrast nefndar eru allt frá 50 milljörðum upp í 75 milljarða fyrir fyrirtækið.

Morgan Stanley er ráðgjafi einkavæðingarnefndar við kaupin og mun ljúka fyrsta hluta sinnar vinnu í lok febrúar. Í framhaldinu verða leikreglur kynntar og salan auglýst. Búist er við að eiginlegt söluferli Símans hefjist með vorinu. ■

Bestu vext

- Bestu vextir á lífeyrisreikningi*
- Bestu vextir á verðtryggðum reikningum*
- Bestu vextir á óverðtryggðum reikningum*

* Samkvæmt könnun Morgunblaðsins þann 6. janúar 2005.

## *Skýr markmið mikilvægust*

**Sigurður Einarsson**, stjórnarformaður KB banka, sagði í ávarpi sínu á fundi Fjármálaeftirlitsins, að mikilvægast væri að eftirlitsstofnanir með mörkuðum hefðu skýr markmið og hefðu á að skipa hæfu starfsfólki.

Hann gat þess að eftir reynslu af eftirlitsstofnunum í tíu löndum þætti honum mest til Fjármálaeftirlitsins í Lúxembúrg og á Íslandi koma.

Sigurður sagði einnig að viðmót stjórnvalda í garð fjármálastofnana væri mikilvægt og sagðist hafa kynnst því að víða um heim væru stjórnvöld fyrri til að snúast til varnar fyrir fjármálastofnanir heldur en hér á landi. „En þar sem þetta er viðkvæmt mál mun ég ekki ræða það nánar hér,“ sagði hann.

## *Vill harðari aðgerðir*

Í ávarpi sínu fagnaði **Bjarni Ármannsson**, forstjóri Íslandsbanka, því að boðað hefur verið aukið gegnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og sagðist þeirrar skoðunar að stofnunin ætti að grípa til harðari aðgerða heldur en hingað til.

Bjarni sagði að sökum þess hve nýr og óþroskaður íslenskur fjármálamarkaður væri hafi virðing fyrir Fjármálaeftirlitinu gjarnan verið ónóg. Hann sagði dæmi þess að stofnanir færu viljandi inn á „gráa svæðið“ og að slík hegðun gæti til lengri tíma skaðað traust manna á íslenska markaðinum. Því væri mikilvægt að gripið yrði til aðgerða gagnvart þeim sem slíkt stunda.

„Til lengri tíma litið eru óskráðar reglur, hefðir og venjur á markaði rétt eins mikilvægar og lög og reglur,“ sagði Bjarni.

## *Mikilvægt að traust ríki*

**Halldór J. Kristjánsson**, bankastjóri Landsbankans, lagði áherslu á það í ávarpi sínu að ekki yrðu settar sér-íslenskar reglur á fjármálamarkaði.

Hann sagði aðild Íslands að EES hafa haft í för með sér fjölda tækifæra og að rekstrarskilyrði banka og fjármálastofnana hefðu verið góð á síðustu árum.

Hann fjallaði einnig um aðlögun að nýjungum í fjármögnun banka og fjallaði um þátt íslenska ríkisins á íbúðalánamarkaði og fullyrti að starfsemi Íbúðalánasjóðs væri ekki í samræmi við evrópsk lög.

Halldór kvað mikilvægt að traust ríki milli markaðsaðila og eftirlitsstofnunar og sagði að slíkt traust hefði í för með sér tækifæri til þess að leysa úr ágreiningsmálum á greiðari hátt heldur en ef öll samskipti séu formleg.

# Fjármálaeftirlit þarf að vera óháð stjórnvöldum

**Sir Howard Davies, fyrrum forstjóri breska fjármálaeftirlitsins, leggur áherslu á að stofnanir sem eiga að setja og framfylgja reglum á markaði séu óháðar pólitísku dægurþrasi. Hann segir mikilvægt að aðilar á markaði komi að vinnu við reglusetningu og úrlausn ágreiningsmála.**

Þótt fjármálastofnanir og aðrir þátttakendur á markaði telji jafnan að best sé að þeir komi sér sjálfir saman um reglur þá dugir sá vilji ekki til þess að hægt sé að komast hjá opinberum afskiptum af starfsemi markaða. Þó er mikilvægt að opinberir aðilar láti ekki stjórnast af pólitískum þrætum þegar slíkar reglur eru settar.



**FRÉTTASKÝRING**
FUNDUR FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS UM ÞRÓUN ÍSLENSKA MARKAÐARINS

**ÞÓRLINDUR KJARTANSSON**
BLAÐAMAÐUR

Þetta er meðal þess sem kom fram í máli Sir Howard Davies á ráðstefnu Fjármálaeftirlitsins um þróun íslenska fjármálamarkaðarins. Sir Davies gegnir nú starfi rektors London School of Economics en var áður forstjóri breska fjármálaeftirlitsins. Í erindi sínu fjallaði hann meðal annars um viðleitni yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu til að samrýma reglur um markaði. Hann hefur miklar efasemdir um að sú viðleitni hafi í för með sér fleiri kosti en galla.

Hann sagði að hjá stjórnmálamönnum í Evrópusambandinu gætti tilhneigingar til þess að vilja setja reglur um málefni viðskiptalífsins áður en þörf skapaðist á því en sjálfur telur hann slíkt verklag verra heldur en að löggjafinn bregðist við þeirri þróun sem þegar er orðin á markaði og sagði að mikilvægasta verkefnið víðast hvar væri að framfylgja þeim reglum sem þegar væru í gildi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**KÁTIR BANKASTJÓRAR** Þeir sátu saman forsvarsmenn stóru íslensku bankanna og höfðu sér á hægri hönd forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Þrátt fyrir að eiga í harðvítugri samkeppni flesta daga fór vel á með þeim. Frá vinstri eru Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins; Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka; Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans; og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka.

Davies segir að aukin upplýsingagjöf um starfsemi fjármálaeftirlits sé markaðinum til hagsbóta. Með því sé skotið sterkari rótum undir trú fólks og fjárfesta á því að sanngjörn og heiðarleg vinnubrögð séu ríkjandi á markaði.

„Ég tel að það sé erfitt að treysta á að markaðsaðilar setji sér sjálfir reglur. Í fyrsta lagi vegna þess að það passar illa í lagaumhverfið í Evrópu. Í öðru lagi hvíla rök fyrir slíku fyrirkomulagi á þeim grunni að markaðsaðilar hafi mikla sameiginlega hagsmuni. Nú á dögum er þetta ekki forsenda sem hægt er að ganga út frá þar sem menn keppa harkalega sín á milli,“ segir Davies. Af þessum sökum telur hann mikilvægt að opinbert regluverk sé til staðar um markaði.

Hann segir hins vegar mikilvægt að þær stofnanir sem veita markaði aðhald og hanna reglur séu einangraðar gagnvart pólitískum hagsmunum. Hann segir í Bretlandi og að fjármálaeftirlitið þar sé sjálfstæðara en flestir seðlabankar.

„Það er mikilvægt að einangra stjórnvöld um markaði frá pólitísku dægurþrasi. Í Bretlandi hefur þetta verið gert. Þar geta ráðherrar ekki gefið Fjármálaeftirlitinu fyrirmæli og ráða engu um fjárveitingar til þess. Mér skilst að svo sé ekki raunin á Íslandi. Markaðurinn hefur efasemdir um stjórnmálamenn og því verður markaðurinn trúverðugri eftir því sem eftirlitsaðilarnir eru sjálfstæðari,“ segir hann.

Hann leggur einnig mikið upp úr því að markaðsaðilar hafi aðkomu að mótun reglna á markaði og séu kallaðir til við úrlausn mála. „Það þarf að tryggja að löggjafinn eða eftirlitsaðilinn búi yfir mikilli þekkingu á markaðinum og ráði starfsmenn sem hafa reynslu af störfum á markaðinum. Einnig þarf að gæta að því að aðilar á markaði hafi aðgang að nefndum sem vinna að reglum. Í Bretlandi hafa markaðsaðilar alltaf aðgang að nefndum sem rannsaka þau mál sem koma upp. Markaðsaðilar eru í minnihluta í slíkum nefndum en þetta fyrirkomulag tryggir að yfirvöld geri ekki kröfur sem ekki er raunhæft að framfylgja,“ segir hann. ■



**SJÁLFSTÆÐI MIKILVÆGT** Sir Howard Davies leggur áherslu á að næg þekking sé til staðar innan stofnana sem fylgjast með mörkuðum. Hann telur það þó ekki raunhæft að markaðsaðilar ráði sjálfir hvaða reglum beri að framfylgja á markaði.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**FORSTJÓRI FYLGIST MEÐ** Óskar Magnússon, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, var meðal fundargesta í gær og fylgdist einbeittur með gangi mála.

irnir í 5 ár!

Njóttu betri vaxta og komdu í viðskipti til okkar, við tökum vel á móti þér.

Hringdu í síma 550 1800 eða kíktu inn á nb.is.

nb.is
Banki með **betri** vexti



**ALEXANDER HAMILTON (1755-1804), fyrsti fjármálaráðherra Bandaríkjanna, fæddist þennan dag. Hann féll fyrir kúlu Aarons Burr í einvígi.**

*„Skuldir verða þjóðinni til blessunar ef þær eru ekki yfirþyrmandi.“*

***Mynd hans er á 10 dala seðlinum. En þjóð hans hefur aldrei skuldað meira en nú.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Stalín sendir Trotskí í útlegð

Þennan dag 1928 sendi Jósep Stalín erkifjanda sinn, Trotskí, í útlegð til Alma Ata í Mið-Asíu. Lengi hafði verið grunnt á því góða með þeim byltingarbræðrum, Stalín og Trotskí, þótt ekki hafi kastað tólfunum fyrr en eftir dauða Leníns. Trotskí var úkraínskur gyðingur og hét réttu nafni Lev Davidovitsj Bronstein. Hann tók þátt í undirróðursstarfi kommúnista strax fyrir aldamótin 1900 og var dæmdur í útlegð aldamótaárið en slapp til Englands. Hann notaði falsað vegabréf með nafninu Leon Trotskí og gekk undir því síðan. Í London starfaði hann með Vladimir Iljitsj Lenín en tók síðan afstöðu með mensévíkum, gegn Lenin og bolsévikum hans. Í byltingunni 1917 sneri hann heim til Rússlands og var þá í liði með bolsévíkum. Trotskí var einn af leiðtogum Rauða hersins og átti stóran þátt í sigri hans á hvítliðum. Hann var áhrifamikill í miðstjórn flokksins en tapaði í valdabaráttunni eftir dauða Leníns. 1927 var hann rekinn úr kommúnistaflokknum, ári seinna sendur í útlegð til Alma-Ata og loks 1928 gerður útlægur frá Sovétríkjunum. Hann settist fyrst að í Tyrklandi, fór svo til Noregs og loks til Mexíkó. Þá hafði ofsóknaræði Stalíns náð hámarki og eftir eitt misheppnað banatilræði tókst loks útsendara Stalíns að myrða Trotskí, á hryllilegan hátt, seint í ágúst 1940. Morðinginn var spænskur kommúnisti, Ramon Mercader að nafni.



**TROTSKÍ: SENDUR Í ÚTLEGÐ ÞENNAN DAG 1928**

## MERKISATBURÐIR

**1897** Leikfélag Reykjavíkur stofnað.

**1918** Bjarndýr ganga á land í Núpasveit í Öxarfirði. Næstu daga gengu þau á land um allt Norður- og Austurland.

**1927** Eignir Charlie Chaplin kyrrsettar vegna skilnaðar hans við Litu Grey Chaplin. Chaplin bjó í 42 ár í Bandaríkjunum en var aldrei bandarískur þegn.

**1937** Óeirðir brjótast út í verkfalli í verksmiðju General Motors í Flint í Michigan. Verkfallinu lauk með sigri verkalýðsfélaganna.

**1944** Togarinn Max Pemberton ferst út af Snæfellsnesi með allri áhöfn, 29 manns.

**1945** Vopnhlé tekur gildi í gríska borgarastríðinu.

**1989** Ronald Reagan flytur kveðjuræðu sína sem forseti Bandaríkjanna.

## AFMÆLI

**Guðmundur Georgsson** prófessor er 73 ára í dag.

**Bertram H. Möller,** fyrrverandi lögregluvarðstjóri, söngvarinn „Berti Möller“, er 62 ára.

**Guðný Guðmundsdóttir** konsertmeistari er 57 ára.



**Jakob Smári** sálfræðingur er 55 ára.



**Ágúst Einarsson** prófessor er 53 ára.

**Þorsteinn Hilmarsson** upplýsingafulltrúi er 48 ára.

**Gunnar Smári Egilsson** forstjóri er 44 ára.

**Pétur Hrafn Árnason** sagnfræðingur er 31 árs.

## ANDLÁT

**Hulda B. Guðmundsdóttir** lést þriðjudaginn 28. desember. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Aðalbjörg Stefanía Jakobsdóttir**, Hólabraut 15, Akureyri, lést föstudaginn 31. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ólafur Kristjánsson**, Bakkahlíð 39, Akureyri, lést laugardaginn 1. janúar.

**Þórður Jónsson**, Norðurbrún 1, lést miðvikudaginn 5. janúar.

**Vildís Jónsdóttir**, áður til heimilis í Dalsgerðl 3b, Akureyri, lést fimmtudaginn 6. janúar.

**Íris Birta Eyjólfsdóttir**, Þverholti 14, Keflavík, lést föstudaginn 7. janúar.

**Sigríður Guðmundsdóttir**, Skógarbæ, áður Bárugötu 36, Reykjavík, lést laugardaginn 8. janúar.

**Þuríður Axelsdóttir** sjúkraliði, Marklandi 2, Reykjavík, lést laugardaginn 8. janúar.




*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Inga Jónasína Pálmadóttir**

Vestursíðu 2a, Akureyri,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi laugardaginn 8. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. janúar kl. 13.30.

**Guðmundur L. Blöndal, Ingólfur Freyr Guðmundsson, Herdís Ívarsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Hrefna Fönn Guðmundsdóttir, Hlín Guðmundsdóttir og barnabörn.**





*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir og bróðir,*

**Jóhann Ásmundsson**

safnstjóri Minjasafns Egils Ólafssonar, Hnjóti, Örlygshöfn,

lést þann 31. desember síðastliðinn á líknardeild LSH, Kópavogi.

**Magnea Einarsdóttir, Árni Klemensson, Einar Dagfinnur Klemensson, Hildur Sonja Guðmundsdóttir, Jenný Ásmundsdóttir, Guðmundur Benediktsson, Hildur Hanna Ásmundsdóttir, Gylfi Jónsson, Benedikt Grétar Ásmundsson og Kristín Jóhannesdóttir.**





*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Björnsdóttir**

Garðvangi, Garði, áður til heimilis að Hringbraut 67, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 8. janúar. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 14. janúar kl. 14.00.

**Skarphéðinn Agnars, Birna Skarphéðinsdóttir, Margrét Skarphéðinsdóttir, Þórður Ingimarsson, Jónína Skarphéðinsdóttir, Ólafur V. Gunnarsson, barnabörn og barnabarnabörn.**


## SR. HANNES ÖRN BLANDON ER 56 ÁRA Í DAG:

# Fær ekki lengur að leika prinsa

Sr. Hannes Örn Blandon er 56 ára í dag. Við hringdum í hann og spurðum fyrst hvort hann væri ekki önnum kafinn við að æfa eitthvert hlutverk hjá leikfélaginu í Eyjafjarðarsveit, þar sem hann er prestur.

„Nei, ég er ekkert með í þessu núna. Ja, nema þá í einhverju baktjaldamakki. Ætli þetta séu ekki bara aldursmerkin, maður fær ekki lengur hlutverk prinsanna í ævintýrunum. Annars er auðvitað verið að æfa leikrit hérna, „Taktu lagið Lóa“ en ég er ekki í hlutverki þar. Nú svo er auðvitað því við að bæta að í söngleiknum „Ólíver“ sem verið er að sýna hjá Leikfélagi Akureyrar, þá er þó nokkur fjöldi krakka héðan úr sveitinni sem tekur þátt í þeirri sýningu.

Hvað búa margir í Eyjafjarðarsveit?

„Það eru um 1000 manns.“

Verðurðu var við mikinn áhuga á sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði?

„Ég held reyndar að fólkið í sveitinni sé ekkert upprifið yfir þessu. Ég veit að það er heilmikill áhugi á Akureyri en ég held að út um sveitirnar þyki fólki að við stöndum bara þokkalega vel og það er ekki mjög áfram um þetta. Eyjafjarðarsveit er afskaplega gróið og gott landbúnaðarhérað, hér er fimmtungur mjólkurframleiðslunnar í landinu og enginn bilbugur á bændum.“

Hvað hefurðu svo haft fyrir stafni um hátíðirnar?

„Það var nú svo merkilegt um þessi jól, að við þurftum að aflýsa messum vegna veðurs. Það er sjaldgæft og nú brosir veðrið við okkur. Nú við vitum yfirleitt hvað við höfum að gera um jólahátíð prestarnir. Hér hjá mér var það sérstaklega gleðilegt, að unga fólkið sem er við nám annars staðar kemur heim í leyfi og notar þá tækifærið og lætur skíra börnin sín. Ég framkvæmdi sjö skírnir um hátíðarnar.“

Hvað um lestur?

„Ég var nú linur við skáldsögurnar þessi jól. Las þó „Bella-donna-skjalið. Annars var ég að líka að lesa um íslam, bók um búddisma og svo las ég nýja þýðingu á „Bókinni um veginn“ eftir Laó Tse eftir Njörð P. Njarðvík. Þessi þýðing er svolítið öðruvísi en gamla þýðingin hans Sörens. Það er kannski við hæfi að kveðja þig með spakmæli úr þessari sígildu bók: „Sá sem veit talar ekki, sá sem veit ekki talar. Er þetta ekki ágætis áminning?“ ■



**SÉRA HANNES ÖRN BLANDON:** „Sá sem veit talar ekki,...“


Legsteinar



Rein ehf. Steiniðnaður
Lækjarmel 2, Síðumúla 17
566-7878 WWW.rein.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma

**550 5000.**

## JARÐARFARIR

13.00 **Pétur V. Sigurðsson** verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.30 **Valgerður Frímann**, Suðurbyggð 13, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Maríus Sigurjónsson**, Háteigi 2b, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Ingólfur A. Þorkelsson**, fyrrv. skólameistari, Espigerði 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

15.00 **Stefán Þórðarson**, Reykjahlíð 10, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

Dagana 6.–20. janúar

# SPARI DAGAR

## Gerðu góð kaup!

BEKO
SAMSUNG
LOEWE
*Tilboðsverð!*

Pioneer
**10-20%**
*afsláttur*

AEG
Heimilistæki
Raftæki
**15-40%**
*afsláttur*

OLYMPUS
Nikon
*Tilboðsverð!*

DVD
Tónlistardiskar
**20%**
*afsláttur*

Nintendo
Tölvuleikir
**20%**
*afsláttur*

Emile Henry
Heimsþekktar leirvörur
**25%**
*afsláttur*

TEFAL
Pottar og pönnur
**25%**
*afsláttur*

AEG Milwaukee
Handverkfæri
**25%**
*afsláttur*

Pioneer
Pioneer Heimabíó DCS 222
Kr. 49.900.-
Vaxtalausar greiðslur í allt að 12 mánuði

NÝTT & ULTRA-SVALT!
Solis Partygrill
Kr. 14.900.-

Nintendo
SP leikja tölva
Kr. 9.900.-

Game Cube leikjatölva
Kr. 7.900.-

AEG Matvinnsluvél KM 850
(Kr. 13.900.-)
Kr. 9.990.-

Priggja ára ábyrgð er á öllum AEG þvottavélum

AEG Þvottavél Lavamat 74639
Með íslensku stjórnborði
1400 snúningar - 24 þvottakerfi
Kr. 74.900.-

SAMSUNG
29"Sjónvarp
50 Hz Kr. 49.900.-
100 Hz Kr. 69.900.-

Solis Ávaxta og grænmetispressa
Kr. 13.900.-

SAMSUNG
Samsung sambyggt DVD og video
Kr. 21.900.-

Emile Henry leirvörur
25% afsláttur

Samsung DVD spilari
Kr. 9.900.-

AEG Brauðrist At 260
(Kr. 6.290.-)
Kr. 4.990.-

Tefal pottar og pönnur
25% afsláttur

## Íslenska parið!

AEG Ryksuga 1800 W
Kr. 9.990.-
*"Gríðarlega góð kaup!"*

AEG Þvottavél Lavamat 76820, 6kg.
Með íslensku stjórnborði og notendahandbók
Kr. 90.000.-

AEG Þurrkari Lavatherm 57820, 6kg.
Með íslensku stjórnborði og notendahandbók
Kr. 85.914.-
Tilboð kr. 159.000.-

VERÐDÆMI:

| | | GAMALT VERÐ KR. | SPARIDAGA VERÐ KR. |
|---|---|---|---|
| AEG Kaffivél | KF 1000 | 3.990.- | 2.690.- |
| AEG Kaffivél | CC 101 | 5.990.- | 4.490.- |
| AEG Brauðrist | AT 260 | 6.290.- | 4.990.- |
| AEG Brauðrist | AT 230 | 4.290.- | 3.490.- |
| AEG Straujárn | DB 4050 | 3.890.- | 2.990.- |
| AEG Handþeytari Hm 310 | | 3.490.- | 2.690.- |
| AEG Blandari M 2500 | | 5.990.- | 4.490.- |
| AEG Blandari Gler M 2600 | | 8.990.- | 6.790.- |
| AEG Matvinnsluvél Km 850 | | 13.900.- | 9.990.- |
| AEG Hárblásari Figaro | | 2.790.- | 1.990.- |
| AEG Expresso | EA 100 | 13.579.- | 9.990.- |
| AEG Ryksuga | Megapower | | 9.990.- |

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!

RadioNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
www.ormsson.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**sport**
sport@frettabladid.is

### Við undrumst...

... að Jaliesky Garcia skuli ekki sýna handboltalandsliðinu og íslensku þjóðinni meiri virðingu en svo að hann taki frí á sólarströnd með konunni fram yfir undirbúning með landsliðinu fyrir heimsmeistaramót. Hann fékk íslenskan ríkisborgararétt fljótt og gat fyrir vikið gerst atvinnumaður í Þýskalandi. Við segjum bara; „Sjaldan launar kálfurinn ofeldið."



*„Það er eins gott að maður fitni ekkert í þessum búningi."*

***Varnarmaðurinn sterki Pétur Marteinsson við sænska dagblaðið Aftonbladet um nýjan búning Hammarby-liðsins. Það er ítalski íþróttavöruframleiðandinn Kappa sem framleiðir búningana sem eru vel þröngir eins og glöggt má sjá á þessari mynd sem fengin er frá vefsvæðinu hammarbyfotboll.se***



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

8 9 10 **11** 12 13 14

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

c 19.15 **KR** og **ÍS** eigast við í DHL-höllinni í 1. deild kvenna í körfuknattleik.

**SJÓNVARP**

c 19.50 **Liverpool** og **Watford** á Sýn. Bein útsending frá leik liðanna í undanúrslitum deildarbikarsins.

# Engin hræðsla við Liverpool

**Heiðar Helguson, sem farið hefur á kostum með Watford í vetur, verður í fremstu víglínu þeirra gulklæddu þegar þeir mæta Liverpool á Anfield Road í undanúrslitum ensku deildabikarkeppninnar í kvöld.**

**FÓTBOLTI** „Okkur hefur tekist mjög vel upp í þessari keppni hingað til og ef heppnin er með þá getum við alveg velgt Liverpool undir uggum," segir Heiðar Helguson, sóknarmaður hjá Watford, en lið hans mætir Rauða hernum í undanúrslitum enska deildarbikarsins á Anfield í kvöld.

Heiðar hefur staðið sig eins og herforingi þessa leiktíðina með liði Watford og vakið verðskuldaða athygli fyrir einbeitni og djörfung sem honum einum er lagið. Hann er hvergi banginn við stórlið Liverpool enda hefur Watford nú þegar skotið úrvalsdeildarliðunum Southampton og Portsmouth næsta auðveldlega úr keppninni. Hann segir þó mikið velta á hvernig liði Liverpool tefli fram.

„Það er óvíst hvort þeir nota alla sína bestu menn eða hvort það verður blanda af jöxlum og ungum og óreyndari leikmönnum og á því veltur hvernig við mætum þeim þegar leikurinn hefst. Við erum með fullt lið og fullir bjartsýni og með heppni náum við jafntefli og mögulega sigri."

Jafntefli yrðu góð úrslit fyrir Watford því um er að ræða tvo leiki milli félaganna og fer seinni leikurinn fram á Vicarage Road, heimavelli Watford.

„Auðvitað yrði það þægileg staða að ná jafntefli á Anfield og eiga heimaleikinn eftir en við sjáum hvað setur. Liðið er allt klárt og það er mikið sjálfstraust hjá strákunum, mun meira eiginlega en þegar við spilum í deildinni og það mun hjálpa okkur. Einnig er um talsverða peninga að ræða hvort sem við komumst áfram eða ekki og þar sem félagið er í fjárhagsvandræðum þá skipta þessir leikir miklu máli."

Leikurinn verður sýndur beint á Sýn í kvöld klukkan 19.50.

albert@frettabladid.is



**HEIÐAR Í LEIK** Gengi Watford í deildinni hefur vakið vonbrigði aðdáenda en í ensku deildarbikarkeppninni hafa liðsmenn allir sem einn farið á kostum. Fáir þó meira en Heiðar sem telur möguleikana gegn Liverpool hreint ágæta.


Taekwondo



**Byrjendanámskeið eru að hefjast hjá Taekwondo deild ÍR.**

Fullorðnir:
mánud. kl. 19:40
miðvikud. og fimmtud. kl. 19:00
laugard. kl 10:00

Börn:
mánud. kl. 18:50
fimmtud. kl. 18:00

Æfingar fara fram í ÍR-heimilinu
Skógarseli 12
Nánari uppl. í síma 896-1168
og www.taekwondo.is/ir



Hluthafafundur hjá Valsmönnum hf.

haldinn miðvikudaginn 19. janúar árið 2005 kl. 20.00 í Valsheimilinu að Hlíðarenda, Reykjavík.

DAGSKRÁ.

1. Tillaga um samþykki hluthafafundar á kaupum Valsmanna hf. á byggingarrétti á Hlíðarendareit.

2. Tillögur um heimild til stjórnar Valsmanna hf. um hlutafjáraukningu í félaginu. Gert er ráð fyrir að forgangsréttur verði ekki virkur nema fyrir hluta aukningarinnar.

3. Önnur mál.

Stjórn Valsmanna hf.

# García úti í kuldanum

**Þrátt fyrir 32 stiga meðalhita á ströndum Púertó Ríkó þar sem Jaliesky García dvelur í góðu yfirlæti er kappinn úti í kuldanum hjá landsliðsþjálfaranum Viggó Sigurðssyni eftir framkomu hans undanfarnar vikur.**

HANDBOLTI „Það má nánast slá því föstu að framtíð hans með íslenska landsliðinu sé fyrir bí,“ segir Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, vegna frétta af því að stórskyttan Jaliesky García hafi loks fundist á Púertó Ríkó en hans hefur verið leitað eftir að hann fór til Kúbu um jólin vegna fráfalls föður hans.

Tæp tvo ár eru síðan García, sem fæddur er á Kúbu, fékk íslenskan ríkisborgararétt og hefur hann síðan reglulega spilað fyrir íslenska landsliðið og staðið sig með ágætum. Hann var hluti af þeim hópi sem Viggó valdi til að leika fyrir Íslands hönd á World Cup í Svíþjóð í nóvember síðastliðnum en Viggó tók við liðinu skömmu áður.

„Þarna er um góðan leikmann að ræða og hann stóð sig að mínu viti bærilega og þess vegna valdi ég hann í þann hóp sem fer á á heimsmeistaramótið í Túnis en úr því að hann sýnir landsliðinu ekki meiri áhuga en svo að strendur á eyju í Karíbahafi heilla meira þá eru möguleikar hans nánast engir að spila undir minni stjórn.“

Viggó segir að hann hafi grunað um tíma hvað var á seyði en það hafi ekki fengist staðfest fyrr en nú.

„Upplýsingar okkar benda til þess að hann sé í fríi með konu sinni en hann hefur ekki gert svo lítið að láta nokkurn vita af stöðu mála og í raun málað sig þar með út í horn hvað mig varðar. Þetta er vægast sagt fyrir neðan allar hellur og merkilegt afstaða skömmu eftir að hann hefur orðið sér úti um íslenskan ríkisborgararétt.“

Viggó vill ekki að svo stöddu endanlega segja að ferill García með landsliðinu heyri fortíðinni til. Telja má þó víst að García fari ekki með landsliðinu á fimmtudaginn kemur til Spánar en þar tekur liðið þátt í æfingamóti áður en haldið verður til Túnis á heimsmeistaramótið sem hefst 23. janúar.

albert@frettabladid.is



**GARCIA FER EKKI MEÐ TIL TÚNIS** Stórskyttan Jaliesky Garcia fer ekki með íslenska landsliðinu á heimsmeistaramótið í Túnis enda tók hann frí með konunni fram yfir æfingar og leiki með landsliðinu.



**FRJÁLSÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Langhlauparinn Bekele keppir ekki á neinum mótum á næstunni.

Kenenisa Bekele:

## Sorgin knúði óvænt dyra

FRJÁLSAR Heims- og Ólympíumeistarinn í 10 þúsund metra hlaupi, Eþíópíumaðurinn Kenenisa Bekele, mun ekki taka þátt í neinum mótum á næstunni en unnusta hans, hin 18 ára gamla Alem Techele, lést skyndilega í síðustu viku. Hneig hún niður við æfingar og lést án þess að komast til meðvitundar á ný. Bekele hefur því aflýst þátttöku á næstu mótum en þau skötuhjú höfðu blásið til brúðkaupsveislu í vor og áfallið því mikið fyrir þennan mikla hlaupara. ■

Ástralinn Stuart Appleby vann fyrsta stórmót ársins:

## Skaut stórstjörnum ref fyrir rass

GOLF Þegar upp var staðið eftir síðasta dag fyrsta stórmótsins í golfheiminum á nýju ári stóð Ástralinn Stuart Appleby uppi sem sigurvegari og skaut þannig aftur fyrir sig öllum stjörnum golfheimsins sem tóku þátt. Appleby varð þar með fyrsti kylfingurinn í 22 ár til að vinna mótið tvisvar í röð.

Fyrir lokahringinn var Vijay Singh líklegastur til að byrja nýja árið á svipuðum nótum og hann spilaði á liðnu ári enda með eins höggs forystu og hafði ekki fram að lokahringnum farið braut yfir pari. Fjögur högg skildu hann og Appleby að og fáir bjuggust við að Ástralinn gæti endurtekið leikinn tvö ár í röð. En með þrautseigju og einbeitingu spilaði hann á sex undir pari og alls á 21 höggi undir parinu og það dugði til sigurs. ■



**KOM Á ÓVART** Appleby spilaði lokahringinn á Mercedes-mótinu af mikilli einbeitingu og vann mótið annað árið í röð.


Vinnuskúrar



Til sölu og leigu nýir og notaðir vinnuskúrar.

HAFNARBAKKI
Suðurhöfninni Hafnarfirði
Sími: 565-2733 • www.hafnarbakki.is



T-línan
Rafdrifin skrifborð fyrir drífandi fólk

Penninn býður tvær gerðir rafmagnsdrifinna skrifborða í beyki á sérstöku tilboðsverði.

Rafdrifin skrifborð úr T-línunni henta nútímafólki sem sækist eftir heilsusamlegra vinnuumhverfi. Skrifborðin hafa hæðarstillingu frá 62-127 sm. Þau eru einstaklega vinnuhvetjandi þar sem þau bjóða upp á fjölbreytilega líkamsbeitingu við vinnuna. Margar gerðir skrifborða eru fáanlegar. Hafið samband við húsgagnadeild Pennans og leitið upplýsinga um kosti T-línu skrifborðanna frá Kinnarps.

Tilboðsverð frá kr.
79.900.-

Penninn
Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000
penninn@penninn.is, www.penninn.is



OPINBERA.IS



...bara á
flugfelag.is

12. - 18. janúar

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.699 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.299 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.599 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FEL 27023 01/2005




## STUÐ MILLI STRÍÐA | Að vera svalur í kuldanum

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** FINNUR SIG EKKI Í KULDANUM OG ER ORÐINN LEPPALÚÐI



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég þoli ekki íslenska veturinn, kuldann og myrkrið. Það er auðvitað með ólíkindum að maður sé ekki búinn að aðlagast þessum ósköpum í gegnum erfðir samkvæmt kokkabókum Darwins en það eitt að 21. aldar maður eins og ég sem getur rakið ættir sínar beint til Egils Skallagrímssonar skuli ekki halda veturinn út segir auðvitað allt sem segja þarf um þetta guðsvolaða land; það er á mörkum hins byggilega heims og þeir landnemar sem völdu þann kostinn að setjast hér að hljóta að hafa verið annað hvort pöddufullir eða orðnir geggjaðir af leiðindunum í Noregi.

Hvernig fólk dró fram lífið hérna í upphafi, án allra nútímaþæginda og geðdeyfðarlyfja, er mér hulin ráðgáta enda gengur maður fyrir tvöföldum skammti af prósakki í skammdeginu, botnkyndir allt og vefur sig æðardúni áður en maður leggst til hvílu sem maður gæti haldið að væri sín síðasta miðað við harmagrátinn og feigðarspangólið í vindinum.

Það sem mér svíður þó mest í kuldanum er hversu vonlaust það er að bera sig vel við þessar geggjuðu aðstæður. Það er ekki hægt að vera töff, kúl eða svalur í heimskautakulda. Það er skelfing til þess að hugsa að karlkynsafkomandi víkinga skuli þurfa að ganga um útbíaður í varasalva og rakakremum, í síðum nærbuxum, lopasokkum, flíspeysu og Kanaúlpu. Með trefil, sultardropa í nefinu, rýnandi eins og sjónskert moldvarpa út um um móðug gleraugun.

Íslenski veturinn sviptir lífið og tilveruna öllum sjarma þannig að eftir stendur manneskjan í sinni sorglegustu mynd í hvítri auðninni. Það er ekki einu sinni töff að reykja á þessu landi en jafnvel sjálfur Marlon Brando í sínu besta formi, spengilegur í leðurjakka, yrði eins og taðskegglingur ef hann þyrfti að húka uppi undir húsvegg í skafrenningi með rettuna sína. Hnattstaða þessa lands gerir þjóðina sjálfkrafa að leppalúðum. ■

# myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



## Á HESTBAKI

**JENS EINARSSON** FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

# *Ísreið á Lagarfljóti*

Það er gömul skemmtan að ríða gæðingum á ís og gömlu mennirnir töldu engar aðstæður jafngóðar til að kenna hestum skeið. Fáir notfæra sér ís lengur til að gera hesta vakra en nú er í tísku að ríða svokallað „ístölt“, innandyra sem utan. Fyrir nokkrum árum fékk snjall maður þá hugmynd að færa upp keppni í ístölti í Skautahöllinni í Reykjavík. Hestamót þetta varð feikivinsælt og fleiri skautahallir fylgdu fordæminu, ekki bara hér heima heldur líka í útlöndum, og eru nú stórar sýningar á íslenskum hestum á ís haldnar í skautahöllum erlendis, vestan hafs sem austan.

Það er þó engan veginn sambærilegt að ríða á skautahallarsvelli og náttúrulegum ís á stöðuvatni eða í fjarðarbotni. Náttúrulegur ís hefur fjöðrun og mýkt en ís í skautahöll er aðeins þunnt lag ofan á steinsteyptu gólfi – er „dauður“ og harður og sennilega ekki mjög hestvænn af þeim sökum. En ístöltið innan dyra hefur orðið til þess að vekja áhuga fólks á hinni fornu íþrótt og nú keppast menn við að finna áhugaverða staði úti í náttúrunni, ísi lögð vötn, til að halda á ísmót að vetrarlagi.

Mývatn open hefur fest sig í sessi og nú keppast Freyfaxamenn á Héraði við að markaðssetja ístölt á Lagarfljóti, nánar tiltekið í Egilsstaðavíkinni. Fyrstu verðlaun þar eru að sjálfsögðu Ormsbikarinn, í höfuðið á hinum dulúðuga Lagarfljótsormi, sem ýmsir hafa séð en engum hefur tekist að sanna að sé til. Þeir Freyfaxamenn héldu ísmót í fyrra og það næsta er dagsett 19. febrúar. Frægir knapar hafa boðað þátttöku, til dæmis Olil Amble, Bergur Jónsson og Vignir Siggeirsson. Ekki má heldur gleyma að Hans Kjerúlf og Ragnheiður Samúelsdóttir eru þarna á heimavelli. Bergur Már Hallgrímsson, formaður Freyfaxa, segist búast við góðri aðsókn á mótið, bæði af keppendum og áhorfendum. Gata keppenda frá afskekktari stöðum, eins og Reykjavík og nágrenni, verður greidd hvað varðar flutning á hrossum og gistingu fyrir menn og hesta.

Mikill og þykkur ís er nú á Lagarfljóti og segja heimamenn að engin hláka fái haggað honum næstu vikur og mánuði. Já, ísreið er aftur höfð í hávegum og er það vel. Reiðmennska er ein helsta þjóðaríþrótt okkar Íslendinga og að taka hest til kostanna á ísi lögðu vatni undirstrikar sérstöðu íslenska gæðingsins. Vonandi gleyma Freyfaxamenn ekki skeiðinu. ■



**GUÐRÚN ÁSDÍS EYSTEINSDÓTTIR** Ríður tölt á ís en þessi forna íþrótt hefur sótt í sig veðrið á undanförnum árum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hasarmyndahetjan **Jet Li** hefur tjáð sig opinberlega eftir að hafa rétt sloppið frá flóðbylgjunum í Asíu í síðasta mánuði. „Öldurnar komu mjög hratt. Ég hélt á dætrum mínum og hljóp af stað. Ég var rétt lagður af stað þegar sjórinn var kominn upp að mitti. Ég hélt áfram að hlaupa og sjórinn var kominn upp að munni,“ sagði Li, sem nýverið gaf tæpar tíu milljónir króna til hjálparstarfs á svæðinu.










**! Kl.15.03 á Rás 1: Silfurplötur Iðunnar.** *Árin 1935 – 1936 voru gefnar út á vegum Kvæðamannafélagsins Iðunnar um 200 stemmur á hljómplötum. Síðastliðið haust kom út ritið Silfurplötur Iðunnar en með því fylgdu fjórir geisladiskar með endurgerð hljómplatnanna. Í þremur þáttum á Rás 1 verða flutt dæmi um kveðskap þeirra 13 kvæðamanna sem kváðu inn á silfurplöturnar auk þess sem fléttað verður saman ýmsum fróðleik sem snertir þessa fornu skemmtan. Þættirnir eru frumfluttir á sunnudögum og endurfluttir kl. 15.03 á þriðjudögum. Umsjónarmaður er Arnþór Helgason.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Kaldalónstónleikar í Salnum



**Svanasöngur á heiði** er yfirskrift ljóðatónleika sem verða í **Salnum** í Kópavogi á fimmtudaginn. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni **Gerðubergs** og **Salarins** og eru haldnir í tilefni af útkomu hljómdisksins Svanasöngur á heiði, með sönglögum tónskáldsins **Sigvalda Kaldalóns. Jónas Ingimundarson** píanóleikari hafði umsjón með útgáfunni, vali á flytjendum og lögum.





Á tónleikunum koma fram, auk Jónasar, **Ólafur Kjartan Sigurðarson** bariton, **Sigrún Hjálmtýsdóttir** sópran, **Sigríður Aðalsteinsdóttir** mezzósópran, **Sesselja Kristjánsdóttir** mezzósópran, **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** tenór og **Snorri Wium** tenór. Tónleikarnir hefjast klukkan **20.00.**

## EKKI MISSA AF…



Mósaík í sjónvarpinu í kvöld, þar sem fylgst verður með Strandamanninum Guðjóni Kristinssyni sem mótar margbrotin listaverk úr náttúrulegum efnivið, kíkt inn á æfingu í Salnum þar sem Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar undirbýr sig fyrir nýárstónleika, dansarinn Gunnlaugur Egilsson heimsóttur og tvíeykið Icelandic Sound Company flytur tónverk fyrir rafgítar og stærstu slagverksgræjur landsins...

Sýningunni Textíl List í Listasafni Íslands Kjarvalsstöðum sem lýkur 16. janúar.


TENÓRINN

fös. 4. feb. kl. 20.00
sun. 13. feb. kl. 20.00
sun. 20. feb. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR

fim. 13. jan. kl. 20.00
fös. 21. jan kl. 20.00
lau. 29. jan. kl. 20.00

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is





VODKAKÚRINN
AUSTURBÆR
Fös.14/01 2005 kl: 20.00 Sæti laus
Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 22/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
www.vodkakurinn.is og www.midi.is





TOSCA

Frumsýning 11. feb. kl.20.00 – UPPSELT – 2. sýning 13.feb. kl. 19.00
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – FÁAR SÝNINGAR

Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 – endurmenntun@hi.is

Miðasala á netinu: www. opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.



BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - UPPSELT
Su 16/1 kl 20 - græn kort - UPPSELT
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 27/1 kl 20 - Aukasýning
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20
Fi 3/2 kl 20 - UPPSELT
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 14/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14, Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 Síðustu sýningar

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
Fjölskyldusýning
THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Fö 14/1 kl 20, Su 16/1 kl 20
Fi 20/1 kl 10, Su 23/1 kl 20
Su 30/1 Sýningum lýkur í febrúar

AUSA eftir Lee Hall og
STÓLARNIR eftir Ionesco
Í samstarfi við LA
Fi 13/1 kl 20, Lau 15/1 kl 20
Síðustu sýningar

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fö 14/1 kl 20, Fi 20/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Börn 12 ára og yngri fá frítt
í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna


# Leikur og gleði í listdansinum

### Íslenski dansflokkurinn býður til fjölskyldusýninga næstu tvo laugardaga.

Það er mikið um að vera hjá Íslenska dansflokknum um þessar mundir. Núna í febrúar verður frumsýning á verki eftir Ernu Ómarsdóttur og í mars á verki eftir Helenu Jónsdóttur. Einnig fer flokkurinn í stórt sýningarferðalag, tekur á móti erlendum danshópum í maí og stendur fyrir Dansleikhússamkeppni, ásamt Leikfélagi Reykjavíkur í júní.

Við Íslendingar höfum sjaldan verið duglegir að sækja ballettsýningar – þótt það hafi vissulega lagast töluvert á síðustu árum, enda væri skömm að öðru þar sem Íslenski dansflokkurinn nýtur stöðugt meiri vinsælda og aðdáunar á erlendri grund. En núna gefst heldur betur tækifæri til þess að berja kúnst þessa frábæra litla listahóps augum því framundan eru fjölskyldusýningar hjá Íslenska dansflokknum þar sem sýnt verður eitt og annað skemmtilegt.

„Við munum sýna þrjú verk sem áður hafa verið sýnd," segir Ólöf G. Söebech verkefnisstjóri flokksins. „Það eru Bolti eftir Katrínu Hall sem sýnt var í Listasafni Íslands á Listahátíð í maí síðastliðnum en hefur aldrei áður verið sýnt á sviði. Síðan verður Match eftir Lonneke van Leth sem var frumsýnt í október 2003. Lonneke er hollensk og verkefnið var fyrst samið fyrir Holland Dans Festival. Þriðja verkið er síðan Æfing í paradís eftir Stijn Celis.



**ÆFING FYRIR FJÖLSKYLDUSÝNINGU** Sýnd verða þrjú verk sem höfða til breiðs hóps, sérstaklega yngri kynslóðarinnar.

Þessum verkum var öllum tekið mjög vel á þeim tíma sem þau voru sýnd en sýningafjöldi var takmarkaður og þeir því margir sem hefðu viljað sjá þær en náðu því ekki. Önnur ástæða fyrir því að við völdum þessi verk til sýninga á fjölskyldusýningum okkar er sú að okkur finnst þau höfða til mjög breiðs hóps. Sérstaklega yngri kynslóðarinnar vegna þess að í þeim er mikill leikur og gleði."

Ólöf segir Íslenska dansflokkinn ekki hafa boðið til fjölskylduskemmtunar áður. Hins vegar hafi verið sett upp sérstök barnaverk, til dæmis Auðunn og Ísbjörninn. „Við höfum reynt að sinna virku barnastarfi en þetta er nýtt sem við erum að prófa. Okkur langar til þess að geta boðið börnum í leikhús til þess að kynnast dansmenningunni. Sýningar Íslenska dansflokksins hafa hingað til að mestu verið á kvöldin, en við ákváðum að hafa þessar sýningar á laugardagseftirmiðdegi og hefjast þær klukkan 14.00 næstu tvo laugardaga, 15. og 22. janúar."

Þegar Ólöf er spurð hvort listdansinn sé nægilega vel kynntur hér á landi, segir hún það af og frá. „Þetta er ung listgrein og við höfum verið að vinna mjög markvisst að því að kynna hana. Það er gríðarlegt áreiti frá öðrum afþreyingum. Þær eru einfaldlega háværari en dansinn. Hins vegar er stór fjöldi barna að stunda dansnám, þótt þau séu ekki mörg í listdansi. Þau eru kannski ekki nógu meðvituð um að listdansinn sé hluti af dansheiminum – en njóta þess virkilega þegar þau koma á sýningar hjá okkur.

**sussa@frettabladid.is**

# Víkingur sá og sigraði

**TÓNLIST**

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari**
Salurinn

Ungur píanóleikari Víkingur Heiðar Ólafsson, hélt einleikstónleika í Salnum í Kópavogi s.l. sunnudagskvöld. Víkingur hefur undanfarin ár verið við nám erlendis. Íslenskir tónlistarunnendur höfðu fengið smjörþefinn af leik hans áður, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en þetta voru fyrstu einleikstónleikar hans hér á landi og má því segja að hann hafi debuterað þetta kvöld.

Á efnisskránni voru fjögur verk í þessari röð; Krómatísk fantasía og fúga í d moll eftir J.S. Bach, Kreisleriana op. 16 eftir Robert Schumann, 15 bændadansar eftir Béla Bartok og Fantasía „ Wanderer" í C dúr eftir Franz Schubert. Öll eru þessi verk viðamikil, krefjandi og fullkomin hámenning, svo notað sé vinsælt skammaryrði í nútímanum. Skipun þeirra á efnisskránni í heild veitir ávæning af sinfónísku sónötuformi, þar sem ástarórar Schumanns hafa hlutverk hæga kaflans og bændadansar Bartoks skertsósins. Þótt verkin séu ólík og myndi afar fjölbreytta heild, eiga þau það þó sameiginlegt að öll eru þau fantasíur, hvert með sínum hætti og hafa yfir sér andblæ ævintýrisins. Hér gildir því hið sígilda lögmál um fjölbreytnina í einingunni.

Menn höfðu fyrir þessa tónleika gert sér miklar vonir um Víking Heiðar og undir þeim stóð hann með glæsibrag. Tækni hans er óaðfinnanleg og allt hljómaði jafn greinilega, það auðvelda sem það erfiða. Túlkun hans á þessum verkum bar vitni skýrri listrænni hugsun, þeirri sömu og lýsir sér í efnisvali og skipun efnisskrár, og næmni til að koma hugsuninni til skila. Slík túlkun er óvenjuleg hjá svo ungum manni. Hvert verk fékk sinn lit og sína meðferð. Ef til vill verða þessir tónleikar eftirminnilegastir fyrir það hve lítríkir þeir voru, og má virðast einkennilegt að nota þau orð um píanó, sem að allri gerð er vélrænast hljóðfæra. Tilþrif Víkings í Wanderer-fantasíunni, svo dæmi sé tekið, voru slík að kalla má eins konar lokasönnun fyrir því að það verk er í rauninni sinfónía fyrir einleikspíanó, þar sem hljómsveitarútsetningin er túlkun píanóleikarans.

Þegar túlkunin er skýr veitist hlustendum sá lúxus að velta fyrir sér valkostum. Yfirleitt var túlkun Víkings í rómantískari kantinum, sem var vel við hæfi efnisins. Þó er í huga undirritaðs spurning um Bach að þessu leyti. Ekki er fyrir að synja að Krómatíska fantasían er hárómantísk að inntaki, en mörgum finnst stíllinn njóta sín best í hlutlægri útfærslu, einkum hvað hljóðfall varðar.

Það hjálpaði til að gera þessa tónleika ánægjulega að hljómburður í



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON** Túlkun hans bar vitni skýrri listrænni hugsun, þeirri sömu og lýsir sér í efnisvali og skipun efnisskrár, og næmni til að koma hugsuninni til skila.

Salnum virðist henta einleikspíanói mjög vel. Hann er nógu ómríkur til að gefa hljómnum fallegan blæ, án þess að spilla skýrleika. Húsið var troðfullt og svo margar blómarósir með blómvendi spruttu upp í lokin að við lá að hinn ungi píanóleikari yrði undir við dynjandi lófaklapp áheyrenda. Meðal aukalaga var fallegt lag sem Víkingur hefur sjálfur samið. Tilefni er til að óska honum til hamingju með þessa glæsilegu tónleika og velfarnaðar í framtíðinni.

# Tosca í Íslensku óperunni

Í Íslensku óperunni eru æfingar hafnar á Toscu eftir Puccini, sem frumsýnd verður 11. febrúar. Tosca er stærsta verkefni Íslensku óperunnar á vormisseri 2005 en fimmtán ár eru liðin frá því að Íslenska óperan sýndi Toscu síðast. Nú er aftur komið að því að Íslendingar fá tækifæri til að sjá þessa vinsælu óperu á sviði Óperunnar.

Með helstu hlutverk fara Elín Ósk Óskarsdóttir, sem syngur titilhlutverkið, Toscu. Hlutverk Cavaradossi er í höndum Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar og Ólafur Kjartan Sigurðarson fer með hlutverk Scarpia. Bergþór Pálsson syngur hlutverk Cesare Angelotti, Davíð Ólafsson er kirkjuvörðurinn og Snorri Wium fer með hlutverk Spoletta. Leikstjóri er Jamie Hayes og hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky. Þórunn María Jónsdóttir hannar búninga, Will Bowen leikmynd og Björn Bergsteinn Guðmundsson lýsingu.

Óperan Tosca er í dag ein allra vinsælasta ópera Puccini. Tónlistin er margslungin og grípandi og persónusköpunin kemur ljóslega fram í tónlistinni í gegnum allt verkið. Í tvísöng elskendanna, söngkonunnar Toscu og málarans Cavaradossi speglast ljóðræn fegurð á móti hörku lögregluforingjans Scarpia, sem reynir að ná ástum Toscu með brögðum. ■



**TOSCA OG CAVARADOSSI** Elín Ósk Óskarsdóttir og Jóhann Friðgeir Valdimarsson fara með aðalhlutverkin.

# Vikulegar fréttir af skáldskapnum

**Regnhlífarnar í New York er heiti á nýjum þætti um bókmenntir í umsjón Þorsteins J.**

Nýjum þætti um bækur og bókmenntir verður hleypt af stokkunum hjá RÚV annað kvöld, miðvikudaginn 13. janúar og verður útsendingartími klukkan 21.15. Þátturinn ber heitið „Regnhlífarnar í New York“ og fjallar um bækur í öllum regnbogans litum. Umsjónarmaður þáttarins er hinn góðkunni blaðamaður Þorsteinn J. Vilhjálmsson en honum til fulltingis við ritstjórn á þættinum er annar og ekki síðri fjölmiðlamaður, Sigurður Valgeirsson.

Þorsteinn segir fyrsta þáttinn fjalla um ævisögur. „Meðal annars verðum við með nýútkomna ævisögu breska leikarans, Johns Thaw, sem var frægur fyrir túlkun sína á tveimur persónum, Inspector Morse og Cavanagh lögmanni. Síðan verður Coletta Björling í þættinum hjá okkur en hún er að keppast við að ljúka þýðingu á Kleifarvatni eftir Arnald Indriðason, svo eitthvað sé nefnt.“

Grundvallarhugmyndina að þættinum segir Þorsteinn vera þá að vera með vikuna í bókum. „Það er að segja, gera grein fyrir því helsta sem er að gerast í bókmenntum í hverri viku. Okkur finnst alveg eins sjálfsagt að tala um bækur hvenær sem er ársins, rétt eins og hvað annað – til dæmis leiki dagsins eða vikunnar í boltanum.“

Þættirnir sem eru hálftími að lengd verða sendir út vikulega á miðvikudagskvöldum – og er þetta sannarlega gleðiefni fyrir þá sem vilja fá fréttir af bókmenntum – sem eru að gerast alla daga rétt eins og veðrið og boltinn. Þorsteinn segir ekkert afmarkað þema verða í þáttunum. „Við veljum efnið út frá því sem er að frétta af bókmenntum og skáldskap þann daginn og það getur komið alls staðar að úr heiminum, eins og titillinn bendir til – en hann er sóttur í ljóð eftir Óskar Árna Óskarsson. Sigurður Valgeirsson er í ritstjórninni með mér sem er ómetanlegt – því við erum að leita að efni í hverri viku og betur sjá augu en auga. Hann hefur gríðarlega reynslu og við erum ólíkir, sem er kostur. Þriðji aðilinn sem kemur að þættinum vikulega er síðan Þóra Arnórsdóttir fréttamaður. Hann verður því fjölbreyttur og skemmtilegur. ■



**ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSSON** Eins sjálfsagt að tala um bækur eins og hvað annað – til dæmis leiki dagsins í boltanum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

8 9 10 **11** 12 13 14

**Þriðjudagur**

**FYRIRLESTRAR**

☐ 12.05 **Erlingur Erlingsson** sagnfræðingur flytur erindi á hádegisfundi Sagnfræðingafélags í Norræna húsinu. Þar fjallar hann um þjóðríki og valdbeitingu – hernað frá Clausewitz til Creveld.

☐ 20.00 **Davíð Bjarnason**, doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands, heldur erindi sem kallast "Menning, tækni og farsímar - Hnattrænar tengingar og staðbundnar túlkanir" í fyrirlestraröð Mannfræðifélagi Íslands.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


# Tvö ólík og afar spennandi verk

„Volkov færði sig yfir í aðra vídd og tók hljómsveitina með sér. Hann mótaði einhvern magnaðasta tónlistarviðburð sem ég hef upplifað.“ (THE HERALD Í GLASGOW). Betri umsögn getur stjórnandi vart óskað sér. Volkov heimsækir Íslendinga í annað sinn, nú með tvö spennandi en ólík verk í farteskinu.

Rauð tónleikaröð **#3** | HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN **13. JANÚAR** KL. 19.30



Hljómsveitarstjóri ::: Ilan Volkov
Upplestur ::: Pétur Gunnarsson

György Ligeti ::: San Francisco Polyphony
Joseph Haydn ::: Sjö síðustu orð Krists
Pétur Gunnarsson rithöfundur les valda kafla úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar á milli þátta

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is



# Ítalíuveisla
## Heimsferða frá 24.180 kr. í sumar

**Vikuleg flug í sumar.**

Heimsferðir kynna nú bein flug til Bologna og Trieste í allt sumar á hreint frábærum kjörum og opna þér dyrnar að töfrum Ítalíu. Tryggðu þér fargjöld frá aðeins 24.180 krónum og tryggðu þér jafnframt bestu bílaleiguverðin á Ítalíu í sumar.

Kr. 24.180
Flugsæti með sköttum í valdar brottfarir, sjá www.heimsferdir.is

Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is



# Skipulagning og yfirsýn tryggir árangur



**Grunnatriði verkefnastjórnunar**
- vönduð þjálfun í vinsælasta stjórnunarformi samtímans

Á námskeiðinu verður farið í grunnatriði klassískrar verkefnastjórnunar, þar sem verkefnastjórnun með PRINCE2 verður sérstaklega kynnt.

Þátttakendur munu vinna verkefnisáætlun þar sem fram koma markmið, áfangar og verkþættir og einnig verða kenndar aðferðir til að kostnaðarmæla og tímasetja verkefni. Loks munu þátttakendur öðlast góða þekkingu á PRINCE2 verkefnastjórnunarumhverfinu.

Þess er ekki krafist að þátttakendur hafi sérstaka þekkingu á verkefnastjórnun.

Námskeiðið fer fram 17., 18., og 19. janúar kl. 8:30 - 12:30

**Verð:** 40.000 kr.

**Þórður Víkingur Friðgeirsson**
verkfræðingur og CPM er leiðbeinandi á námskeiðinu „Grunnatriði verkefnastjórnunar“ hjá Stjórnendaskólanum.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Guðrún Helga Hamar
Beinn sími: 599 6404
Skiptiborð: 599 6200
helga@ru.is
**stjornendaskoli.is**

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK










## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Paul Newman** slapp við alvarleg meiðsli eftir að eldur kom upp í sportbíl sem hann var að prufukeyra á rallbraut í Flórída. Newman, sem er 79 ára, hljóp út úr bílnum eftir að eldurinn blossaði upp. „Ég veit ekki hvað gerðist en mér líður vel. Það kviknaði bara einhvern veginn í bílnum," sagði Newman.



**Sadie Frost**, fyrrum eiginkona hjartaknúsarans Jude Law, varð bálreið þegar hún frétti af trúlofun Law og unnustu hans Sienna Miller í gegnum átta ára son sinn. Law og Frost eyddu jóladeginum saman með börnunum sínum en þá sá Law ekki ástæðu til að segja henni tíðindin. Síðar um daginn sagði strákurinn henni frá trúlofuninni.






MYNDASÖGUR

# Viðbjóðurinn á toppnum

Það var heilmikil gróska í myndasögum á nýliðnu ári. Það var einna mest að gerast í japönskum teiknimyndasögum, sem kenndar eru við manga, en vinsældir þeirra fara stöðugt vaxandi á Íslandi. Hugleikur Dagsson myndlistarmaður hefur tekið saman lista yfir þær fimm teiknimyndasögur sem voru bestar árið 2004.

**1. The Filth. Höfundur: Grant Morrison. Teikningar: Chris Weston.**

Það er eflaust hægt að margtúlka Viðbjóðinn eða The Filth eftir Grant Morrison. Hálfsköllóttur klámsjúklingur vaknar einn daginn og uppgötvar að hann er ekki til í alvörunni. Hann er einfaldlega framleiddur ofurnjósnari með falskan persónuleika, og starfar fyrir leynilega stofnun sem kallast „Höndin" (The Hand).

Höndin er deildarskipt almætti sem sér til þess að mannkynið og tilheyrandi siðmenning villist ekki út af fyrir fram áætlaðri braut. Þetta er sem sagt nokkurs konar heimslögregla, eða kannski frekar heims-sorphirða. Þrautþjálfaður her ræstitækna sem sérhæfa sig í að fjarlægja óæskilega hluti úr tilveru okkar. Í rauninni er þetta heljarinnar þjóðfélagsádeila um offlæði kláms, ofbeldis og dauða í fjölmiðlum jafnt og í áþreifanlegu umhverfi. Manni finnst nánast allt sem Grant Morrison skrifar vera mikilvægar bókmenntir. Hann á blessunarlega erfitt með að valda manni vonbrigðum.

**2. Bone: One volume edition. Höfundur og teiknari: Jeff Smith.**

Það er alltaf gaman þegar myndasögur eru gefnar út í doðröntum. Bone eftir Smith er saga sem hefur verið í gangi í meira en áratug og ætti að höfða til allra sem fíla Múmínálfana og Hringadróttins sögu. Sagan segir frá þremur útlægum frændum sem setjast að í ævintýradal og eignast þar nýja vini og óvini. Það kemur í ljós að baráttan milli góðs og ills hefur geisað frá upphafi í dalnum og frændurnir neyðast til að taka þátt. Þó svo að sagan sé meira og minna á léttu nótunum inniheldur hún bæði spennu og drama í miklu magni. Allar persónurnar falla ljúft í kramið hjá lesandanum og gera það að verkum að nánast ómögulegt er að leggja frá sér bókina fyrr en henni er lokið. Svo er þetta líka 1.300 síðna flikki og ef svo löng bók er ekki leiðinleg þá hlýtur hún að vera frábær.



**HUGLEIKUR DAGSSON** Fylgist vel með öllum hræringum í myndasöguheiminum og telur The Filth bestu myndasögu síðasta árs.

**3. Hellblazer: Highwater. Höfundur: Brian Azzarello. Teikningar: Marcelo Frusin og fleiri.**

John Constantine er á góðri leið með að verða ein virtasta og langlífasta andhetja nútímans. Það styttist óðum í Hollywood-kvikmynd um hann þar sem Keanu Reeves mun leika hann. Mörgum þykir þetta miður enda Keanu ekki jafn breskur, ljóshærður eða sjarmerandi og karakterinn. En við skulum bíða og vona að þetta verði ekki algert klúður. Í þessu feitasta bindi Constantine-bálksins til þessa lýkur göldrótti bölsýnismaðurinn ferð sinni um Bandaríkin. Enn á ný kynnist hann myrkustu bakgörðum veldisins í nærmynd. Að þessu sinni lendir hann í nýnasistum, kynlífsklúbbum og alríkislögreglunni. Azzarello sýnir að hann er djarfasti Hellblazer-ritarinn með hrottafengnum og nánum lýsingum á því sem mannkynið tekur stundum upp á.

**4. Mister O. Höfundur og teiknari: Lewis Trondheim.**

Franski húmoristinn Lewis Trondheim samdi þetta gullfallega meistaraverk. Aðalpersónan er lítil hnöttótt vera sem heitir Mister O. Á hverri síðu reynir hann að komast yfir stærðarinnar gljúfur. Og á hverri síðu hrapar hann niður gljúfrið og deyr. Bók þessi er gott dæmi um alþjóðlegt tungumál myndasögunnar því hér er á ferðinni orðlaus snilld sem höfðar til allra með kímnigáfu.

**5. Flowers & Bees. Höfundur og teiknari: Moyoko Armo**

Stórskemmtileg ný manga-sápa eftir um menntskæling með gífurlega viðkvæma sjálfsmynd. Ósk hans sú heitasta er að ganga í augun á stúlkum, og þá sérstaklega fallegum stúlkum. Líf hans og ímynd taka U-beygju þegar hann rambar fram á snyrtistofu fyrir karlmenn. Þar lærir hann að plokka augabrúnir sínar, fara í andlitsbað og næra á sér hárið. Fyrir vikið fær hann töluverða athygli frá hinu kyninu sem og kynbræðrum sínum. Hann fattar sem sagt að besta leiðin að kvenhylli er að gerast metrósexúal. Engu að síður dvínar minnimáttarkennd hans lítið sem ekkert og sagan verður bara skemmtilegri og skemmtilegri. Fersk viðbót í hina gífurlegu flóru manga-iðnaðarins. ■




**THE FILTH** Þessi súrrealíska ádeila kemur úr smiðju Grants Morrison.










## KVIKMYNDIR



**PITT OG ANISTON** Hjónaband Brads Pitt og Jennifer Aniston stóð yfir í fjögur og hálft ár. Hér sjást þau á frumsýningu myndarinnar Troy í Cannes síðasta sumar.

# Aniston vildi ekki barn

Þrjár líklegar ástæður hafa verið gefnar fyrir sambandsslitum Hollywood-hjónanna Brad Pitt og Jennifer Aniston. Höfðu þau verið gift í fjögur og hálft ár þegar fjölmiðlafulltrúi Pitt tilkynnti á föstudag að hjónabandið væri á enda.

Flestir telja að þau hafi hætt saman vegna þess að Aniston var ekki tilbúin að stofna fjölskyldu með Pitt. Hinn 41 árs gamli Pitt er sagður ólmur í að verða faðir á meðan Aniston, sem er 34 ára, vill frekar einbeita sér að kvikmyndaferlinum.

Önnur kenning er sú að Pitt og mótleikkona hans í myndinni Mr. & Mrs. Smith, Angelina Jolie, hafi eytt miklum tíma í símanum og átt þar heitar stundir saman. Talað er um að Aniston hafi eitt sinn heyrt til þeirra og orðið ævareið í kjölfarið.

Þriðja ástæðan sem hefur verið nefnd er sú að Pitt hefur mjög gaman af því að leika við Maddox, son Jolie. Í breska slúðurblaðinu Daily Star Sunday kemur fram að Aniston hafi orðið brjáluð þegar Pitt benti henni á að Angelina, sem er sex árum yngri, hefði ekki átt í neinum erfiðleikum með að ala upp soninn á sama tíma og hún sinnti gæfuríkum kvikmyndaferlinum.

Í tilkynningu frá Pitt og Aniston kemur fram að þau séu ennþá góðir vinir. „Við viljum taka það fram að skilnaður okkar er ekki sprottinn út frá því sem hefur komið fram í fjölmiðlum. Mikil umhugsun lá að baki þessari ákvörðun.“ ■

## TÓNLIST

# Tveggja ára tónleikaferð að hefjast

Rokksveitin System of a Down ætlar í tveggja ára tónleikaferðalag til að fylgja eftir plötunum tveimur sem hún tók upp á síðasta ári. Fyrri platan, Mesmerize, kemur út í vor, og hin platan, sem nefnist Hypnotize, er væntanleg í haust.

Fyrstu tónleikar sveitarinnar verða á tónleikahátíðinni Big Day Out sem verður haldin í Nýja-Sjálandi og Ástralíu í lok þessa mánaðar. „Við ætlum að spila á eins mörgum tónleikum og mögulegt er,“ sagði Daron Malakian, gítarleikar sveitarinnar. „Ég hlakka mikið til að fara upp á svið og spila á gítarinn.“



**SYSTEM OF A DOWN** Rokksveitin System of a Down ætlar í tveggja ára tónleikaferðalag til að fylgja eftir nýju plötunum sínum tveimur.

Malakian segist hafa samið um það bil þrjátíu lög til viðbótar við þau sem er að finna á nýju plötunum. „Ég loka mig oftast inni svo mánuðum skiptir og hitti ekki einu sinni foreldra mína,“ sagði hann um lagasmíðar sínar. Á meðal laga sem eru í uppáhaldi hjá Malakian á nýju plötunum eru Lost in Hollywood, pönklagið Cigaro og hrað-metalið Kill Rock & Roll. ■










Ledins - 100% lífrænar heilsuvörur sem gefa þér gott forskot á daginn!




Kynning:

í dag, þriðjudag
L&H Háteigsvegi, kl.13.30 - 17.00



Guðný Guðmundsdóttir - ráðgjafi

Lyf&heilsa LEDINS

Ledins á Íslandi: Júlía ehf • sími: 895 3091 • gudnygud@itn.is


# VIÐ TÆKIÐ

## Breytt fréttamat

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** TÓK EFTIR LITLU FRÉTTUNUM Á SKY

Ríkissjónvarpið sýndi á sunnudagskvöld tvær sjónvarpsmyndir sem á enskunni myndu kallast „period drama". Dramatísk verk sem eiga að gerast á einhverjum tíma í sögunni. Erlendis þykir það víst mjög gaman að taka þátt í slíku verki, ekki síst vegna búninganna. Leikararnir okkar fá bara að klæðast druslum, eða svo sýndist mér á sunnudag.

Í fréttum Sky sá ég tvennt sem vakti athygli mína. Annars vegar var það aðstoðarritstjóri breska dagblaðsins Guardian sem mætti til að fara yfir blöð næsta dags. Stundum er það fulltrúi dagblaðs sem kemur, stundum er það bara starfsmaður Sky. Auk þess að segja okkur hvað yrði í fréttum næsta dags fór þessi aðstoðarritstjóri jafnframt yfir fréttamat blaðanna, sem var jafn mismunandi og þau eru mörg. Eitt blaðið var til dæmis með kynlífshneyksli í Big Brother á forsíðu, á meðan „alvarlegu blöðin" voru með áætlaðar sættir Browns og Blairs fyrir kosningar. Það sem hann sagði að öll blöðin ættu í erfiðleikum með, nú í kjölfar hamfaranna við Indlandshaf, er fréttamatið. Flóðin í Bretlandi komust til dæmis ekki framar en á síðu 4 í Times, því mannfall (þá 2) þótti svo lítið í samanburði. Hefðu flóðin orðið um miðjan desember hefði lítið annað verið á forsíðum blaðanna í minnst viku.

Hitt sem vakti athygli mína var að femínistinn Germaine Greer ætlar að taka þátt í sjónvarpsþáttunum Big Brother. Greer hefur nú um nokkurt skeið verið vinsæll gestur í ýmsum spjallþáttum, ekki síst vegna þess að hún lætur allt flakka (fyrir nokkrum árum sýndi könnun að hún var þekktari í Bretlandi fyrir yfirlýsingu sína um að hún gengi ekki í nærfötum en fyrir bók sína The Female Eunuch, sem kom út 1970 og þykir tímamótaverk). Femínistar í Bretlandi hafa mótmælt þessari ákvörðun Greer, sérstaklega þar sem þeir óttast að ungt fólk muni fremur tengja nafnið við þátttakanda í sjónvarpsþætti en femíníska hugmyndafræði hennar.



**GERMAINE GREER** Femínistaíkonið ætlar að taka þátt í raunveruleikaþætti.



▶ **23.30** *Saga*

**Myrkrahöfðinginn. Myndaflokkur sem byggður er á atburðum úr píslarsögu Jóns Magnússonar og aðalhlutverk leikur Hilmir Snær Guðnason.**



▶ **20.00** *Ferð*

**Amazing Race 6. Ísland er fyrsti viðkomustaður í kapphlaupinu mikla sem er einn vinsælasti veruleikaþáttur heims.**



▶ **20.00** *Raunveruleiki*

**Blow Out. Hér er á ferð nýr raunveruleikaþáttur um hárgreiðslumann sem fær þrjár vikur til að opna hárgreiðslustofu í Beverly Hills.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Minningarathöfn frá Stokkhólmi.** Endursýnd athöfn frá mánudagsmorgni í minningu fórnarlamba flóðanna í Asíu. Fjöldi tónlistarmanna kemur fram og Karl Gústav konungur og Göran Persson forsætisráðherra flytja ávörp. **17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Gormur** (17:26)

**18.30 Veðmálið (2:6)** (Veddemålet) Norsk þáttaröð um fjóra krakka sem þurfa að vinna veðmál við feður sína til að fá að kafa eftir fjársjóði í skipsflaki við suðurströnd Noregs.

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljósið**

**20.00 Mæðgurnar (16:22)** (Gilmore Girls IV) Bandarísk þáttaröð.

**20.45 Mósaík** Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**21.25 Skipulagsvaktin** Í þættinum eru dregin fram ólík sjónarmið þeirra sem um skipulagsmálin fjalla. Þetta er þáttur sem gefur almenningi innsýn í málaflokk sem eilíft er ágreiningur um. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Ódáðaborg (2:6)** (Murder City) Breskur sakamálaflokkur.

▶ **23.30** Myrkrahöfðinginn (1:4) **0.25** Kastljósið **1.20** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Fear Factor **13.25** Lífsaugað III **14.00** Hidden Hills **14.25** Punk'd **14.50** Married to the Kellys **15.15** Next Action Star **16.00** Shin Chan **16.25** Yu Gi Oh **16.50** Hjólagengið **17.15** He Man **17.40** Gutti gaur **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag **18.30** Fréttir Stöðvar 2

**19.00 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons 14 (21:22) (e)** (Simpson fjölskyldan)

▶ **20.00 Amazing Race 6 (1:15)** (Kapphlaupið mikla) Ísland er fyrsti viðkomustaðurinn í Kapphlaupinu mikla að þessu sinni.

**20.45 Amazing Race 6 (2:15)** (Kapphlaupið mikla)

**21.30 Las Vegas 2 (1:22)** Dramatískur myndaflokkur sem gerist í spilaborginni Las Vegas. Háar fjárhæðir skipta oft um hendur í borg gleðinnar og þá er eins gott að öryggisgæslan sé í góðu lagi. Aðalhlutverkið leikur James Caan.

**22.15 Navy NCIS (21:23)** (Glæpadeild sjóhersins) Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Aðalhlutverkið leikur Mark Harmon.

**23.00** Threat Matrix (Bönnuð börnum) **23.45** Nip/Tuck 2 (e) (Stranglega bönnuð börnum) **0.30** Cold Case 2 (e) (Bönnuð börnum) **1.15** Freddy Got Fingered (Bönnuð börnum) **2.40** Fréttir og Ísland í dag **4.00** Ísland í bítið (e) **5.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**17.45** Guinness World Records (e)

**18.30 Dead Like Me (e)**

**19.30 Upphitun - The Simple Life (e)** Vinkonurnar Paris Hilton og Nicole Richie takast í annað sinn á við alvöru lífsins.

▶ **20.00 Blow Out - NÝTT!** Framleiðendur The Restaurant hafa sent frá sér nýjan veruleikaþátt; Blow Out. Hárgreiðslumaðurinn Jonathan Antin fær 3 vikur til að opna glæsilega hárgreiðslustofu í Beverly Hills.

**21.00 Innlit/útlit** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr með aðstoð valinkunnra fagurkera.

**22.00 Judging Amy** Bandarískir þættir um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.

**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal og má með sanni segja að fína og fræga fólkið sé í áskrift að kaffisopa í settinu.

**23.30** Law & Order (e) **0.15** Óstöðvandi tónlist

## BÍÓRÁSIN

**8.00** Multiplicity **10.00** Orange County **12.00** Angel Eyes **14.00** Kissed by an Angel **16.00** Multiplicity **18.00** Orange County **20.00** Pursuit of Happiness **22.00** Kissed by an Angel **0.00** Angel Eyes **2.00** Letters From a Killer (Bönnuð börnum) **4.00** The Shrink Is In (Bönnuð börnum) **6.00** Spaceballs

## OMEGA

**18.00** Joyce Meyer **18.30** Bein útsending frá CBN fréttastofunni **19.30** T.D. Jakes **20.00** Robert Schuller **21.00** Ron Phillips **21.30** Joyce Meyer **22.00** Dr. David Yon-ggi Cho **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Ísrael í dag Ólafur Jóhannsson (e)**1.00** Nætursjónvarp

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN INTERNATIONAL

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Rally: Rally Raid Dakar **8.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **8.30** All sports: WATTS **9.00** Alpine Skiing: World Cup Adelboden Switzerland **10.00** Football: EFES Pilsen Cup **11.30** Rally: Rally Raid Dakar **12.00** Alpine Skiing: World Cup Adelboden Switzerland **13.00** Football: Eurogoals **13.45** Ski Jumping: World Cup Willingen Germany **15.00** Ski Jumping: World Cup Willingen Germany **16.15** Football: EFES Pilsen Cup **18.00** Football: Eurogoals **18.45** Football: Goooal ! **19.00** Football: EFES Pilsen Cup **21.00** All sports: WATTS **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** News: Eurosportnews Report **22.30** Boxing **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**8.00** Location, Location, Location **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Bargain Hunt **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Diet Trials **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Zingalong **14.45** Tikkabilla **15.05** Stitch Up **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Bargain Hunt **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Diet Trials **18.30** EastEnders **19.00** Sahara **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Hollywood Inc **21.50** Black Cab **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Marie Antoinette **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Civilisation **3.00** I'll Show Them Who's Boss **3.40** Business Confessions **3.50** Business Confessions **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Kids English Zone

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**16.00** In Search of the Jaguar **17.00** Battlefront: Battle At Remagen **17.30** Battlefront: Bombing of Ploesti **18.00** Egypt Detectives: Mystery of Tutankhamen's Treasure **18.30** Tales of the Living Dead: Buried Chariot Mystery **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** In Search of the Jaguar **21.00** Built for the Kill: Cat **22.00** Built for the Kill: Snake **23.00** Battlefront: Gilbert Islands **23.30** Battlefront: Dunkirk **0.00** Built for the Kill: Cat **1.00** Built for the Kill: Snake

### ANIMAL PLANET

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's My Baby **18.0Ω** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Natural World **20.00** Natural World - Bowerbirds **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed all About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets **1.00** Natural World **2.00** Natural World - Bowerbirds **3.00** Venom ER **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

### DISCOVERY CHANNEL

**16.00** Hooked on Fishing **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Racing Car is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Extreme Engineering **21.00** Building the Ultimate **21.30** Massive Machines **22.00** Blueprint for Disaster **23.00** Forensic Detectives **0.00** Rescue International **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Hooked on Fishing **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Junkyard Mega-Wars

### MTV EUROPE

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** The Ashlee Simpson Show **20.00** Cribs **20.30** Jackass **21.00** Surviving Nugent **22.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

### VH1 EUROPE

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Days of the Week Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** Bob Marley Ultimate Album **20.00** Bob Marley Behind the Music **21.30** Best of Bob Marley **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

### CARTOON NETWORK

**7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and


Beint flug til Trieste – vikulega í allt sumar



Ítalía

Lignano Sabbiadoro

Slóvenía – Portoroz

Gullna ströndin
- fegursta sólarströnd Ítalíu

Terranova býður nú beint vikulegt flug í allt sumar á einstökum kjörum til tveggja af vinsælustu áfangastöðunum við **Adríahafið**, **Lignano Sabbiadoro** á Ítalíu og **Portoroz** í Slóveníu. Lignano Sabbiadoro er miðja vegu milli **Feneyja** og **Trieste**. Þúsundir Íslendinga dvöldu hér á árum áður og Lignano klingir örugglega bjöllum hjá mörgum og kallar fram ljúfar minningar. Á Lignano er frábær aðstaða fyrir ferðamanninn. Allt til alls, góðir gististaðir, fjöldi veitingastaða, verslana, skemmtigarða, skemmtistaða og afþreying af öllu tagi. Ekki má gleyma frábærri langri, aðgrunnri 80-150 m breiðri ströndinni, með fíngerðum, gulum sandi, enda þýðir Sabbiadoro, ströndin með gullsandinum.
Lignano er sannkölluð paradís, fyrir fjölskyldur jafnt sem einstaklinga.

**Portoroz í Slóveníu** er mörgum Íslendingum kunn, enda einn þekktasti baðstrandabæinn við norðanvert **Adríahafið**. Í þessum fallega bæ er fjöldi hótela, veitingastaða, smáverslana og skemmtistaða og góð aðstaða til heilsuræktar og vatna- og strandíþrótta. Allir heillast af litla, fallega landinu Slóveníu.

ENNEMM / SIA / NM14781

Ótrúlegt verð

Kr. 47.395
M.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, á American, 26. maí, vikuferð með 10.000 kr. afslætti. Netbókun.

Kr. 58.590
M.v. 2 í íbúð á, American, vikuferð, 26. maí. Netbókun.

NÝTT
Nú bókar þú beint á netinu á www.terranova.is

Fjölbreyttar skemmtanir
Gott að versla
Íþróttir og afþreying
Matur og drykkur að hætti Ítala
Skemmti- og ævintýragarðar
Fjölbreyttar skoðunarferðir

10.000 kr.
afsláttur ef þú bókar strax.
Tryggðu þér lægsta verðið.

Stangarhyl 3 · 110 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri Sími: 461 1099

TERRA NOVA -SPENNANDI VALKOSTUR

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## INNLIT/ÚTLIT

*Skjár Einn* **kl. 21.00**

***Þetta er sjötta árið í röð sem Innlit/Útlit er sýnt á Skjá einum.***

### *Einfaldar og ódýrar breytingar*

Í kvöld fer Vala Matt í heimsókn til Stefáns Boga, sem sýnir áhorfendum hvernig hann breytti gömlu blokkareldhúsi í glæsieldhús á einfaldan og ódýran hátt. Einnig kíkir hönnunarliðið inn til ungu hjónanna Evu og Andrésar, sem bæði eru innanhússarkitektar og þau hafa einnig innréttað á ódýran og einfaldan hátt og lítur íbúð þeirra glæsilega út. Gulla fer á stúfana og skoðar skrautlegt og skemmtilegt gamalt hús fyrir norðan á Akureyri. Einnig fá áhorfendur að sjá lítinn og snotran sumabústað, þar sem hvert horn er haganlega skipulagt.

Þetta er aðeins brot af því sem er í þætti kvöldsins og auðvitað kynnir Vala áhorfendum einhverjar sniðugar lausnir.



Stefán Bogi býður Völu í heimsókn og sýnir henni glæsilega eldhúsið sitt.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Have a mental margarita."**

**Svar:** Candy úr kvikmyndinni Earth Girls are Easy frá árinu 1988.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.15** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.05** Silungurinn **14.03** Útvarpssagan, Blindingsleikur **14.30** Draugagangur **15.03** Silfurplötur Iðunnar **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Bréfið **21.00** Í hosíló **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Lifandi blús

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Gettu betur **21.30** Tónlist að hætti hússins **22.10** Rokkland

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**7.00** Óskar Bergsson / Þorgrímur Gestsson **8.00** Hrafnaþing (e.) **9.03** Ólafur Hannibals. **10.03** Arnþrúður Karlsd. -Fréttir & hlustendur **11.03** Arnþrúður Karlsd. og íslenska þjóðin

**13.05** Ólafur Hannibalsson (e.) **14.03** Arnþrúður Karlsd. - og íslenska þjóðin **15.03** Hallgrímur Thorsteinsson **16.03** Viðskiptaþátturinn

**17.05** Heilsuhorn Gauja litla **18.00** Heil og sæl - heilsuþáttur (e.) **20.00** Ólafur Hannibals. (e.) **21.00** Arnþrúður Karlsdóttir - Morgunspjall (e.)



**19.50** *Íþróttir*

**Enski boltinn. Bein útsending frá fyrri leik Liverpool og Watford í undanúrslitum deildabikarsins en Liverpool er vissulega sigurstranglegri.**

## SÝN

**16.30** Idol Extra **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.

**19.25** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)

**19.50** **Enski boltinn** (Liverpool - Watford) Bein útsending frá fyrri leik Liverpool og Watford í undanúrslitum deildabikarsins. Rauði herinn er sigurstranglegri en enginn skyldi samt afskrifa Heiðar Helguson og félaga hans.

**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**22.30** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15** Enski boltinn (Liverpool - Watford)

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popp listinn (e) **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** Ren & Stimpy (e) **19.30** Gary the Rat **20.00** Comedy Central Presents **20.30** Premium Blend **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Idol Extra (e) **23.10** Headliners (e) **23.40** Meiri músík

Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

### FOX KIDS

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

### MGM MOVIE CHANNEL

**9.10** Vigilante Force **10.40** Hawaii **13.20** A Star for Two **14.55** Kill a Dragon **16.25** Lisa **18.00** The Last Time i Saw Archie **19.40** Signs of Life **21.10** Pieces of Dreams **22.50** Something Wild **0.45** Eve of Destruction **2.25** Stitches **3.55** Stolen Hours

### TCM

**20.00** Pennies from Heaven **21.45** The Gypsy Moths **23.30** The Hill **1.35** Captain Nemo and the Underwater City **3.20** The Man Who Laughs

### HALLMARK

**8.00** Bridesmaids **9.30** The Ascent **11.15** Early Edition **12.00** Follow the River **13.45** In the Beginning **15.15** Bridesmaids **17.00** The Ascent **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** Getting Out **22.15** Reunion

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

BIÐIN ER Á ENDA – KAPPHLAUPIÐ HEFST Á ÍSLANDI

Íslandsþáttur Amazing Race í kvöld kl. 20:00





*... fær Grímur Gíslason, fréttaritari Ríkisútvarpsins á Blönduósi, fyrir að standa vaktina kominn á tíræðisaldur.*

## DÓTAKASSINN

**Dótið** Upptrekkjanlegt útvarp.

**Sem er?** Fyrir þá sem geta ekki án útvarpsins verið í ferðalögum og vilja á sama tíma ekki láta fara mikið fyrir því. Einnig þurfa þeir ekki að hafa áhyggjur af því að kaupa rafhlöður eða velta vöngum yfir því hvort þær endist. Útvarpið er aðeins 14,5 cm langt og ætti því að vera nokkuð meðfærilegt í ferðalögum. Tíðnisviðið er AM og FM og hefur útvarpið upp á að bjóða innbyggðan hátalara. Á hliðinni er sveif sem er notuð til að trekkja það upp. Sé það trekkt upp í 90 sekúndur ef miðað er við tvo hringi á sekúndu er áætlað að það gefi hlustandanum 20 mínútna útvarpssendingu á miðlungshljóðstyrk. Ef menn vilja meiri hljóðstyrk er einfaldlega mælt með því að snúa sveifinni ennþá hraðar. Kjósi menn hins vegar að trekkja það aðeins upp í neyðartilfellum er hægt að nota í það venjulegar rafhlöður. Útvarpið upptrekkjanlega er einnig hægt að nota sem lukt. Getur það til að mynda lýst ferðamönnum í ógöngum hvar sem er á landinu. Einnig er það vatnshelt og ætti því að geta fengið að fljóta með í hvaða ferðalag sem er, hvernig sem viðrar.



**Gallar?** Fyrir þá sem líta ekki á það sem galla að þurfa að trekkja upp útvarp eru gallarnir fáir. Helst mætti nefna að ekkert handfang er á útvarpinu ef menn vilja nota það sem lukt.

**Kostar?** Verðið er viðráðanlegt, um það bil 1.200 krónur og fæst gripurinn meðal annars á heimasíðunni iwantoneofthose.com. Sendingarkostnaður hækkar verðið að sjálfsögðu eitthvað.



**Lárétt:** 1 skilmálar, 5 for, 6 land, 7 tveir eins, 8 eins um l, 9 feiti, 10 á fæti, 12 fimmtíu og tveir, 13 sönghópur, 15 ónefndur, 16 dvelst, 18 unnu eið.
**Lóðrétt:** 1 bikar, 2 jól á dönsku, 3 píla, 4 húsi, 6 æviskeiðið, 8 væl, 11 uppistaða, 14 á húsi, 17 kyrrð.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 kjör, 5 aur, 6 ey, 7 ll, 8 glg, 9 tólg, 10 il, 12 lii, 13 kór, 15 nn, 16 unir, 18 sóru.
**Lóðrétt:** 1 kaleikur, 2 jul, 3 ör, 4 byggingu, 6 ellin, 8 gól, 11 lón, 14 ris, 17 ró.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 6

1. Mjöll-Frigg.
2. Mahmoud Abbas.
3. Landspítali-háskólasjúkrahús.






**Á HLAUPUM** Keppendur í þættinum The Amazing Race á hlaupum í íslensku hrauni síðastliðið sumar en þessi Íslandsþáttur verður sýndur á Stöð 2 í kvöld. Á undan þættinum verður sýnd heimildarmynd um gerð hans en þar koma við sögu Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra, og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri.

**THE AMAZING RACE Á ÍSLANDI**: TVEGGJA TÍMA ÞÁTTUR OG HEIMILDARMYND Á STÖÐ 2

# Kapphlaupið hefst í kvöld

Fyrsti þátturinn í sjöttu þáttaröð The Amazing Race sem var tekinn upp hér á landi í sumar verður sýndur á Stöð 2 í kvöld.

Á undan þættinum, sem er tveggja klukkustunda langur, verður sýnd heimildarmynd sem nefnist Í kjölfar kapphlaupsins mikla. Þar verður bæði fjallað um gerð þáttarins og spjallað við nokkur þeirra fyrirmenna sem sáu sérstaka forsýningu hans í byrjun desember.

Á meðal þeirra sem koma þar fram eru Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri. Einnig tjá höfundar þáttanna, hjónin Bert Van Munster og Elise Doganieri, sig um gerð The Amazing Race.

Að auki verður fjallað um þátt kvikmyndafélagsins Pegasus í gerð The Amazing Race hérlendis. Hafði það uppi margar hugmyndir um gerð þáttarins auk þess sem það setti fram tillögur um tökustaði. Á meðal hugmynda félagsins var að keppendur yrðu látnir hengja upp ákveðið magn af fiskhausum en fallið var frá henni.

Alls mættu ellefu tveggja manna lið hingað til lands í sumar og hófu leik í sjöttu þáttaröðinni. Ferðuðust þau víða um suður- og austurströnd Íslands, þar á meðal upp á Vatnajökul í blíðskaparviðri. Á meðal þeirra sem tóku þátt voru fimm fyrirsætur, tveir atvinnuglímumenn, kennarar í spinning og fyrrverandi Playboy-stúlka. Eitt lið fellur út í hverjum þætti en liðið sem kemst fyrst í mark eftir að hafa ferðast vítt og breitt um heiminn fær í sigurlaun um 63 milljónir íslenskra króna.

Íslandsþátturinn, sem er tvöfalt lengri en aðrir þættir í seríunni, var frumsýndur í Bandaríkjunum í byrjun nóvember. Talið er að um 15 milljónir manna hafi fylgst með, enda raunveruleikaþættir með þeim vinsælustu sem sýndir eru í sjónvarpi. Landkynningin sem fylgdi þættinum var að vonum gífurleg og á vafalítið eftir að skila sér í auknum fjölda erlendra ferðamanna hingað til lands á næstu misserum.

**freyr@frettabladid.is**




# Titanic-stúlka tjúttar á Rex

„Þeir eru með augun hjá sér dyraverðirnir en annars var hún mjög látlaus og féll inn í hóp annarra Rex-gesta," segir Sverrir Rafnsson, eigandi skemmtistaðarins Rex, en Titanic-stjarnan Kate Winslet tók snúning meðal partíglaðra Íslendinga á Rex á föstudagskvöldið.

„Kate var afskaplega prúð og það fór lítið fyrir henni þannig, en auðvitað sláandi falleg kona og vakti athygli. Hún dansaði heilmikið og virtist skemmta sér hið besta," segir Sverrir, sem er ekki alls óvanur heimsfrægum andlitum meðal gestkomandi á Rex, sem er heitasti næturklúbbur höfuðstaðarins um þessar mundir. Hollywood-stjarnan Kiefer Sutherland var fastagestur þar yfir hátíðarnar og í sumar tjúttaði breski sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver fyrir framan íslenska skjaldarmerkið á Rex-barnum.

„Það er afar misjafnt hvað þetta fólk fær að vera í friði fyrir Íslendingum, en konur láta sýnu verr innan um stjörnurnar og haga sér stundum eins og kjánar eða tíkur á lóðaríi. Menn eru svo misánægðir með athyglina. Jamie varð þreyttur á að vera umsetinn bjóðandi konum, enda kvæntur maðurinn, en Kiefer lét sér alla kvenkyns ágengnina í léttu rúmi liggja og naut hennar reyndar í botn. Íslenskir karlmenn eru svo hin hliðin á sama teningnum og láta kvenkyns stjörnurnar alveg í friði. Virða einkalíf þeirra, meðan stelpurnar eru eins og mý á mykjuskán ofan í frægu körlunum," segir Sverrir, sem má vel búast við fleiri frægum gestum en Sutherland hefur þegar gert Íslandsheimsókn sinni skil og kynnt landið í spjallþætti Davids Letterman.

**thordis@frettabladid.is**



**BRESKA LEIKKONAN KATE WINSLET** Bættist í hóp frægra listamanna sem kjósa að lyfta sér upp og gera sér glaðan dag meðal Íslendinga. Dansaði á Rex á föstudagskvöldið og féll vel í hópinn.

MEGANE

# Renault Megane mest seldi bíll Evrópu




EURO NCAP ★★★★★

## kr. 19.713 á mánuði*

og þú eignast bílinn.

Renault Megane, 5 dyra, bsk, 1600 vél, 115 hestöfl

Verð kr. 1.920.000



EURO NCAP ★★★★★

## kr. 22.799 á mánuði*

og þú eignast bílinn.

Renault SCENIC, 5 dyra, bsk, 1600 vél, 115 hestöfl

Verð kr. 2.220.000

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar ehf. sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki ehf. Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun (einnig er í boði 10% útborgun). Við staðgreiðum gamla bílinn þinn eða þú notar hann sem útborgun í nýjan. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200. Bílar á mynd: Álfelgur sem aukabúnaður.

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Costa del Sol
Frá 26.900 kr.
Bókaðu núna á www.heimsferdir.is
Heimsferðir



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

# Hin staðfasta skoðun

Að hafa skoðun eru forréttindi, segja sumir. Að hafa skoðun eru mannréttindi, segja aðrir. Spekingur hafði orð á því að þótt honum líkaði ekki tilteknar skoðanir skyldi hann berjast fyrir því að menn fengju að hafa þær. Sumir hafa ógeðfelldar skoðanir. Aðrir hafa frábærar skoðanir – allt eftir því hvaða skoðun menn hafa á skoðunum annarra. Einhverjir hafa skoðanir sem sárafáir hafa. Aðrir fylgja fjöldanum. Allt þetta fæst til dæmis staðfest með sérlegum skoðanakönnunum sem Gallup og fleiri gera. Það er réttur einstaklingsins að fá að halda í sínar ljótu og fallegu skoðanir.

**Hins vegar** má færa fyrir því rök að það sé kostnaðarsamt umstang að hlusta á skoðanir annarra, velta þeim fyrir sér, virða þær og jafnvel framfylgja þeim. Lífið á landinu bláa væri mun einfaldara ef öll mál réðust af tveggja manna tali. Því er nú svo komið að það er della og vitleysa að meirihlutinn ráði. „Aumingja fólkið“ sem veit ekki betur og svarar delluspurningum í vitleysisgangi.

**Skoðanir** eru meðal annars til þess gerðar að finna lausnir. Þær eru samræður sjónarmiða þar sem niðurstaðan er vonandi oftast að lokum einhvers konar lausn eða í það minnsta málamiðlun. Einhverjir kalla slík skoðanaskipti dellu og vitleysu. Það má líka segja að tveggja manna skoðun, með lausn án samræðna, sé skoðanakúgun. En ef einhver lendir í þeirri aðstöðu að framfylgja skoðunum fjöldans er um að gera að vera staðfastur og viljugur og hafa vit fyrir „aumingja fólkinu.“

**Að hafa** skoðun getur verið óþægilegt og erfitt – jafnvel hættulegt. Einhverjir hafa því tekið þá meðvituðu ákvörðun að hafa ekki skoðanir, berja þær niður innra með sér og geyma þær í læstum skúffum. Þeir hinir sömu segja gjarnan þegar spurt er: Ég veit ekki hvað skal segja. Ég vil ekki tjá mig um það. Hefur ekki forsætis... nei, ég meina utanríkis... nei, ég meina... æi, sá sem allt veit... ágætis skoðanir? Til eru þeir sem vildu gjarnan að Gallup og fleiri hættu að spyrja „aumingja fólkið“ heimskulegra spurninga sem meira að segja forsætis... nei, utanrikis... æ, okkar maður er í vandræðum með. Svo eru þeir til sem vilja spyrja spurninga, leita svara og mynda sér skoðanir á sameiginlegum hagsmunamálum. ■



Stækkaðu!
Farðu inn á endurmenntun.is
Þar er að finna ótal vaxtarmöguleika - allt frá stafsetningarnámi til námskeiða á meistarastigi.
Hvort sem þú vilt auka tekjumöguleika þína á vinnumarkaði, styrkja þig í starfi, svala forvitninni eða einfaldlega skemmta þér konunglega – þá er Endurmenntun Háskóla Íslands sniðin að þörfum þínum!
Skoðaðu nýju námskrána okkar á endurmenntun.is
ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
- að vaxa og dafna
Sími 525 4444 - endurmenntun@hi.is

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA
Fjarnám allt árið - þitt nám þegar þér hentar
Innritun fyrir vorönn 7. - 17. janúar á www.fa.is
Skólameistari